

Snorri Engilbertsson í Englum alheimsins  
**NÝ STJARNA Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU**  
►26



Kosningar í Eve Online í dag  
**FLEIRI Á KJÖRSKRÁ EN Á ÍSLANDI** ►2



# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**

27. apríl 2013  
98. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## ORÐ SKULU STANDA

Við verðum að fá laun í sama gjaldmiðli og við skuldum í, eins og fólk naut fyrir réttum 100 árum hér á landi.  
**ÁRNI PÁLL**  
Samfylkingin

Sjálfstæðisflokkurinn er einn flokka að tala fyrir raunhæfum leiðum til að lækka skatta og efla atvinnulífið í landinu.  
**BJARNI**  
Sjálfstæðisflokkurinn

Við teljum óhjákvæmilegt að ráðast í þessar aðgerðir því eins og staðan er núna er nánast heil kynslóð á Íslandi eignalaus og með neikvætt eigið fé.  
**SIGMUNDUR DAVÍÐ**  
Framsóknarflokkurinn

Það er mjög mikilvægt að það séu þingmenn inni á alþingi sem halda áfram að þróa beint lýðræði, stuðla að friðhelgi einkalífsins í netheiminum.  
**BIRGITTA**  
Píratar

Við teljum að ef við höldum áfram á sömu braut skapist svigrúm í ríkisrekstrinum upp á 50 til 60 milljarða á næstu árum.  
**KATRÍN**  
Vinstri græn

Þjört framtíð er frjálslýndur flokkur sem styður fjölbreytni á öllum sviðum mannlífsins. Við viljum meira alls konar.  
**GUÐMUNDUR**  
Þjört framtíð

**KOSNINGAR** ►4, 22, 32

**TEKJUHÆSTU LEIKARARNIR**  
Íslenskir leikarar gera það gott alþjóðlega og landið sjálft er oft í stóru hlutverki. ►38



**UNNUR STEINSSON**  
FIMMTUG Á  
KJÖRDAG ►46



**VANN DÖNSKU**  
TÖLVULEIKJA-  
VERÐLAUNIN

Embla Vígfúsdóttir hennar tölvuleiki í kóngsins Kaupinhafn.  
►74



### Sportbill heimsins frumsýndur í dag

Porsche Cayman S verður frumsýndur í dag. Opíð frá 12:00 til 16:00. Þjóðum alla velkomna í Porsche salinn Vagnhöfða 23

**Bjónn**  
Sérfræðingar í bílum

Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)



„Ég kem til með að kasta upp peningi þegar ég kem inn í klefann.“ 4

Friðrik Snær Friðriksson kjósendi.

#### AIN PYRLA TIL TAKS 6

Landhelgisgæslan er berskjölduð eftir að TF-GNÁ bilaði.

#### MÆTTI EKKI FYRIR DÓM 8

Markús Máni Michaelson mætti ekki fyrir dómara í galdeyrissvikamáli.

#### ÚTBLÁSTURSREGLUR HERTAR 12

Umhverfisráðuneytið hefur hafnað beiðni orkufyrirtækja um frestun á hertum reglum vegna útblásturs brennisteinsvetnis.




### SKOÐUN 16→21

#### MÁLEFNI Í EINTÖLU 16

Porsteinn Pálsson segir erfitt að skilja að fjórum árum eftir síðustu kosningar skuli þjóðin enn vera í sömu sporum.

#### FÆÐUÖRYGGI Í KJÖRKLEFANN 20

Svala Georgsdóttir hvetur fólk til að kjósa flokk sem styður lífræna ræktun.



### HELGIN 22→44



#### KÝS Í DAG Í FYRSTA SINN 22

Alma Ágústsdóttir varð 18 í gær og kys í dag.

#### LEÐRIÐ ÁFRAM INN Í SUMARIÐ 34

Leður er töfaralegt sumar sem vetur.

#### SKARPAR, SKELEGGAR OG KLIKKADAR 36

Að baki hverri sterkri sjónvarps-hetju leynast persónuleikatruflanir sem gera henni ókleift að lifa eðlilegu lífi.

### MENNING 54→74

#### ENGAR KLISJUR HJÁ ARA JÓSEFSSYNI 54

Ljóðabókin Nei hefur verið endurútgefin í þriðja sinn. Bókin var költbók segir Silja Aðalsteinsdóttir.

#### SAMEINADIR Á NÝ 56

Póroddur Bjarnason, Aðalsteinn Stefánsson og Hjörtur Hjartarson sýna saman eftir 17 ára hlé.

#### DMX AFLÝSIR EVRÓPUTÚR OG ÍSLANDSKOMU 58

Rapparinn sviptur vegabréfinu í kjölfar umferðarlagabrots.

#### ALLT ER ÞEGAR PRENN ER 60

Iron Man 3 er fjögurra stjörnu mynd.

#### RAGNAR STARFAR MEÐ THE NATIONAL 74

Hljómsveitin fræga tekur þátt í gjörningi Ragnars Kjartanssonar.



### SPORT 66→68

#### ALLT UNDIR 66

Stjarnan og Grindavík mætast í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratið í körfubolta.

#### ÉG FER Í FRÍÐ 68

Luis Suarez áfrýjaði ekki tíu leikja banninu sem hann var dæmdur í.



## FIMM Í FRÉTTUM TÖLVULEIKIR, TRJÁGRÓÐUR OG HLUTABRÉF



Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP, komst í fréttir í vikunni þegar upplýst var að fyrirtæki hans ætlaði að kosta stöðu prófessors í tölvuleikjagerð við Háskólann í Reykjavík næstu fimm árin.



Íslensku þýðingarverðlaunin voru afhent í vikunni og komu að þessu sinni í hlut Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur. Verðlaunin fékk hún fyrir þýðingu á Svarta sauðnum og öðrum fabúlum eftir Augusto Monterroso.



Kasha Jaqueline Nabagesera sótti landið heim í vikunni til að vekja athygli á bágbornum réttindum samkynhneigðra í Úganda.



Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Reykjavíkur, gagnrýnir áætlanir um að fella tré í Óskuhlíð til að þau trúfli ekki flugumferð á Reykjavíkurflugvelli.



→ Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, komst í fréttir eftir vel heppnað hlutafjárútbóð VÍS og í kjölfarið skráningu á aðalmarkað Kauphallar Íslands. Hún er fyrsta konan til að gegna stöðu forstjóra í skráðu fyrirtæki frá hruni og önnur konan frá upphafi markaðsviðskipta hér á landi.

# Eve Online sprengdi utan af sér Hörpuna

Aðdáendahátíð tölvuleiksins Eve Online sem íslenski tölvuleikjaframleiðandinn CCP heldur úti fer fram í Hörpu í níunda sinn um helgina. Gestir á hátíðinni eru hátt í 2.000 og áhuginn á henni svo mikill að Harpa dugir ekki til að rýma alla.

**MENNING** „Þetta er frábært. Við erum að koma hingað í fyrsta sinn en mig hefur langað að koma til Íslands frá því að ég byrjaði að spila Eve fyrir fjórum árum. Nú er ég hins vegar loksins búinn að eignast kærustu sem var til í að koma með mér til Íslands þannig að þetta var tækifærið,“ segir Svinn Holger sem er ásamt Önnu, kærustu sinni, meðal gesta á Eve-fanfest sem fer fram í Hörpu um helgina.

Það er tölvuleikjaframleiðandinn CCP sem hefur veg og vanda af hátíðinni sem fer fram í níunda sinn í ár. Þá er sérstaklega haldið upp á það í ár að Eve Online-tölvuleikurinn verður tíu ára á þessu ári. Alls eru um 2.000 gestir á hátíðinni en samtals eru spilarar leiksins ríflega 500.000.

Mjög fjölbreytt dagskrá er á hátíðinni en samtals fara fram 105 ólíkir viðburðir á þeim fjórum dögum sem hátíðin stendur. Má í því samhengi nefna að meðal þátttakenda í pallborðsumræðum á hátíðinni verða Paola Antonelli, sýningarstjóri MoMa-listasafnsins í New York, og Chris Lewicki, sem hefur unnið að geimferðarannsóknum hjá bandarísku geimferðastofnuninni (NASA). Þá gengu tveir EVE-spilarar í hjónaband á hátíðinni á fimmtudag.

„Stemningin hingað til hefur verið alveg ótrúlega góð. Þetta byrjaði á fimmtudag og stærsti viðburðurinn þá var stór kynning á Dust-514, nýja leiknum okkar, sem gekk mjög vel. Síðan hefur allt gengið eins og í sögu þannig að við sem stöndum að hátíðinni erum rosalega ánægð og það sama virðist



Í HÖRPU Í GÆR Gestum á Eve-fanfest gefst vitaskuld kostur á að spila leikinn en alls eru viðburðir á hátíðinni 105 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## EVE-kosningar stærri en Alþingiskosningar

Pótt ótrúlegt megi virðast verða Alþingiskosningarnar ekki stærstu kosningarnar sem fram fara á Íslandi í dag. Á kjörskrá í Alþingiskosningunum eru 237.957 Íslendingar en 391.710 Eve-leikmenn á kjörskrá fyrir kosningar í fulltrúaráð leikmanna Eve sem fram fara í dag. Ráðið gengur undir nafninu „Council of Stellar Management“ en í það eru valdir sjö Eve-spilarar, af 31 sem er í frambóði, sem verða rödd leikmanna í ákvörðunartöku við þróun leiksins. Þó um það bil jafn margir karlar séu á kjörskrá til Alþingiskosninganna og konur eru kynjahlutföllin mjög skökk meðal Eve-spilara. Þar kjósa aðeins 15.894 konur en miklu fleiri karlar.

gilda um gestina,“ segir Eldar Ástþórsson, fjölmiðlafulltrúi CCP.

Þá segir Eldar að áhuginn á hátíðinni hafi verið slíkur í ár að Harpa sé ekki nægilega stór til að rúma alla áhugasama gesti. „Við hættum að selja miða á hátíðina fyrir tveimur mánuðum vegna þess að við höfðum eiginlega ekki pláss fyrir

fleiri gesti. Eldborg tekur 1.600 manns í sæti og þar sem við erum með ákveðna viðburði á hátíðinni sem við viljum að allir geti notið þá setur sá sætafjöldi eiginlega efri mörk á mögulegan fjölda gesta. Við verðum því að hugsa fyrirkomulagið á þessu aðeins fyrir næsta ár,“ segir Eldar. magnusl@frettabladid.is

Advania samdi við norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software:

## Þjónar 300 milljónum notenda

**VIÐSKIPTI** Advania gekk í gær frá samningi við norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software um stóráukin umsvif Opera í Advania Thor-gagnaverinu í Hafnarfirði. Samningurinn felur í sér tæplega tvöföldun á umsvifum Opera en félagið notar gagnaverið til að þjóna 300 milljónir notenda Opera Mini-netvafrans.

„Þessi samningur er mjög mikilvægur fyrir Advania. Þarna erum við að víkka út mjög gott samstarf við Opera sem hefur verið kjölfestan í starfsemi gagnaversins í Hafnarfirði. Opera fer úr 1.300 netþjónum í 2.100 en til að setja þessar stærðir í samhengi má nefna að gagnamagnið sem er nýtt við þetta er meira en allt annað gagnamagn á Íslandi til samans,“ segir Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, og bætir við

að þessi samningur sé traustsýrlýsing fyrir hinn unga gagnaversiðnað á Íslandi.

Anthony Nichols, framkvæmdastjóri á upplýsingatæknisviði Opera Software, segir margar ástæður fyrir því að fyrirtækið kaupi gagnaversþjónustu á Íslandi. „Ein mikilvæg ástæða er sú að orkan á Íslandi er græn, sem passar við okkar áherslur. Þá er orkan tiltölulega ódýr, sem skiptir miklu máli,“ segir Nichols en Opera var í hópi fyrstu viðskiptavina gagnavers Advania árið 2010.

Þá segir Gestur að þótt orkan á Íslandi sé ódýr borgi viðskiptavinir gagnaversins mun herra verð fyrir en til dæmis stóriðjan. Því fái íslenskt þjóðarþú meiri framlegð frá orkunni sé hún nýtt í þessum iðnaði.



**SAMNINGURINN HANDSALADUR** Peir Anthony Nichols, framkvæmdastjóri hjá Opera Software, og Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, voru glaðbættir í höfuðstöðvum Advania í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

- mjl

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## KOSNINGAVAKA Í SÚLNASAL HÓTEL SÖGU

Húsið opnar kl. 21

Gert er ráð fyrir fyrstu tölum upp úr kl. 22

Stefán Pálsson, Ármann Jakobsson og Silja Bára Ómarsdóttir rýna í tölurnar.

DJ Atli Viðars heldur svo uppi stanslausu stuði!



FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU



VINSTRI GRÆN



# ÁGÆTI KJÓSANDI

---

**Við stöndum á tímamótum og  
valkostirnir eru skýrir.**

Við höfum tækifæri til þess að taka skrefið til fulls og halda áfram uppbyggingu velferðarsamfélags þar sem hagsmunir almennings eru í fyrirrúmi.

Allar forsendur til þess hafa verið skapaðar á undanförunum árum. Við getum eftt heilbrigðiskerfið, bætt menntakerfið og bætt kjörin. Við getum byggt upp fjölbreytt atvinnulíf þar sem frumkvæði einstaklinganna fær að blómstra án þess að ganga á náttúruna og tækifæri komandi kynslóða.

Núna skiptir máli að hugsa til lengri tíma með félagslegt réttlæti, sjálfbærni og velsæld okkar allra að leiðarljósi.

**Vinstri græn eru skýr valkostur.  
Við viljum fara þessa leið með ykkur.**

---

Katrín Jakobsdóttir,  
formaður Vinstri grænna

**FYRIR FÓLKID Í LANDINU**




## 2013 ALPINGISKOSNINGAR

MEÐALALDUR FRAMBJÓÐENDA ER

**46,2 ár**

Elsti frambjóðandinn er **104 ÁRA**. Það er Hlíf Bøðvarsdóttir, amma Guðmundar Steingrímssonar, á lista Bjartrar framtíðar. Yngsti frambjóðandinn er **18 ÁRA**. Sá heitir Björn Virgill Hartmannsson og er í Hægri grænum.



**12.757**

kjósendur eru með lögheimili erlendis, eða 4,4% allra kjósenda og hefur þeim fjölgað um 28,5% síðan í síðustu alþingiskosningum.

**119.300 KONUR** eru á kjörskrá og

**118.657 KARLAR** Það eru samtals


**237.957**

**15** flokkar bjóða fram til Alþingis. **21.600** meðmælendur þurfti með **72** framboðslistum á landinu.

**7,8%**

18.670 einstaklingar fá að kjósa í fyrsta sinn vegna aldurs, eða 7,8% af heildarfjölda kjósenda.

FRAMBJÓÐENDUR Í ALÞINGISKOSNINGUNUM ERU 1.512 TALSINS



### Pottur hvarf við sumarhús: Lögreglan leitar að heitum potti

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum leitar að fjögurra til sex manna heitum potti sem stolið var við sumarhús. Lögreglunni barst tilkynning frá eigandanum sem tók eftir hvarfi pottsins þegar hann ætlaði að huga að sumarhúsi sínu.

Ljóst þykir að þarna hafi ræningjarnir verið fleiri en einn þar sem potturinn er stór og fyrirferðarmikill. Um er að ræða pott af gerðinni Softtub T-220 en hann var kominn til ára sinna.

### 2013

#### → „Ég double-tékkaði þrisvar“

Hjónin Hanna Hlíf Bjarnadóttir og Þórarinn Blöndal greiddu atkvæði utan kjörfundar í gær, ásamt Ilmi, dóttur þeirra. „Þetta voru verulega margir stimplar,“ segir Þórarinn. „Ég double-tékkaði þrisvar.“



#### ↑ Mun meira en í síðustu alþingiskosningum

„Þátttakan er mun meiri en í síðustu alþingiskosningum 2009 en þó aðeins minni heldur en í forsetakosningunum,“ segir Bergþóra Sigmundsdóttir kjörstjóri. Fimmtán starfsmenn vöktuðu Laugardalshöllina í gær, en aðsóknin var mikil og upp úr hádegi var komin röð út úr dyrum.



Fréttablaðið/Valli

### Ungt fólk varð verst úti: Atvinnulausir nú 26 milljónir

**ATVINNUMÁL** Eftir efnahagshrunið árið 2008 hafa tíu milljónir Evrópubúa misst vinnuna. Nú eru 26 milljónir manna í álfunni án atvinnu og hefur ungt fólk með litla menntun orðið verst úti. Að meðaltali er 25% atvinnuleysi meðal ungs fólks í Evrópu en á þeim svæðum þar sem ástandið er verst er það upp undir 60%, segir í frétt ASÍ.

Alþjóðavinnuumálastofnunin (ILO) ætlar að beita sér fyrir því að fé sem ESB setur í atvinnuskapandi verkefni fari að stórum hluta í að koma ungu fólki til vinnu.

# Fjölmargir óákveðnir í röðinni í Laugardal

Fjöldi kjósenda nýtti blíðskaparveðrið í gær til að kjósa utan kjörfundar. Margir sem Fréttablaðið ræddi við ætluðu að taka lokaákvörðun inni í klefanum. 32.000 manns höfðu kosið utan kjörfundar í gær. Meiri aðsókn en í kosningunum 2009.

Mun fleiri hafa kosið utan kjörfundar en í alþingiskosningunum 2009. Um miðjan dag í gær voru 32 þúsund Íslendingar búnir að nýta atkvæðisrétt sinn og röð var út úr dyrum í Laugardalshöll.

Fréttablaðið tók kjósendur tali og heyrði það til undantekninga að fólk hefði gengið harðákveðið inn í kjörklefann. Fjöldi fólks tók einfaldlega

ákvörðun inni í klefanum. „Það var erfitt að velja. Við tókum bara ákvörðun inni í klefanum með því að hugsa um fortíðina og líta um leið á framtíðina,“ sögðu félagarnir Sindri Snær Rúnarsson og Jóhann Knútur Karlsson, sem hafa ekki tíma að kjósa í dag sökum prófaanna. „Þetta voru allt of margir stimplar.“

sunna@frettabladis.is

**32.000**

Íslendingar voru búnir að kjósa um miðjan dag í gær.



#### → Ætlar að kasta upp hundraðkalli

„Ég kem til með að kasta upp peningi þegar ég kem inn í klefann. Ætla að hugsa málið í röðinni og svo sjáum við til,“ segir Friðrik Snær Friðriksson. Hann vill ekki segja hvaða flokka hann er með í huga en bendir á að það séu alltaf tvær hliðar á sama peningnum.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var ranghermt að fjárframlög vegna samninga um ókeypis tannlækningar fyrir börn væru ekki á fjárlögum. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

**SPENNUÞRUNGIN ÁSTARSAGA EFTIR METSÖLUHÖFUNDINN NORU ROBERTS**

★ ★ ★ ★

GOODREADS.COM

„Enn ein sönnun þess að Roberts skarar fram úr, hún er meistarin.“

PUBLISHERS WEEKLY

„Þessi einstaka ástríðumikla og rómantíska spennusaga rígheldur.“

BARNES & NOBLE


**Ný kilja**

*Victoria*

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**VERSNANDI VEÐUR** Heldur stíf vestanátt á landinu í dag með úrkomu um nánast allt land. Gengur í hvasa norðanátt í kvöld með snjókomu fyrir norðan. Víða slæmt ferðaveður á morgun norðantil.

Alicante 18°	Billund 12°	Gautaborg 9°	London 10°	Orlando 28°	San Francisco 19°
Basel 9°	Frankfurt 10°	Kaupmannahöfn 9°	Mallorca 18°	Ósló 12°	Stokkhólmur 11°
Berlín 12°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 24°	New York 19°	París 11°	

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður



# Jafnaðarmenn stöndum saman!

Við horfðumst í augu við fordæmalausan vanda og tókum á honum. Þess vegna á íslensk þjóð nú gnótt tækifæra. Þau þarf að nýta með almannahagsmuni að leiðarljósi og byggja velsæld á heilbrigðum grunni. Til þess þarf Samfylkingin - jafnaðarmannaflokkur Íslands, stuðning ykkar í kosningunum í dag.

- Sköpum ný verðmæti til lausnar á vanda heimilanna
- Leyfum atvinnulífinu að blómstra og tryggjum vel launuð störf
- Treystum þjóðinni til að ákveða hvort Ísland gengur í ESB

**XS**

Krökkunum þótti lítið fara fyrir stytum af merjum íslenskum kvenhetjum:

## Afhjúpuðu stytta af pólfara

**REYKJAVÍK** Krakkarnir í Dalskóla í Úlfarsárdal afhjúpuðu í gær stytta af Vilborgu Örnú Gissurardóttur, sem gekk ein síns liðs á Suðurland. Börn í 2. og 3. bekk gerðu stytta en þeim þótti lítið hafa farið fyrir stytum af kvenhetjum og ákváðu að bæta úr því.

Vilborg kom í skólann og sagði frá markmiðum sínum og pólfarðinni og þótti krökkunum hún frábær fyrirmynd og mikil hetja, að því er fram kemur í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.



**Á GÖNGU** Krakkarnir í Dalskóla gerðu sitt til að jafna kynjahlutfall í stytum borgarinnar þegar þeir afhjúpuðu stytta af Vilborgu pólfara í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

138 færri bátar á grásleppuveiðum en voru í fyrra:

## Verðhrun á grásleppuhrognum

**SJÁVARÚTVEGUR** Þrátt fyrir að grásleppuveiðin skili aðeins helmingi þess sem veitt var í fyrra er meðalverð á mörkuðum 39% lægra en það var í fyrra. Landssamband smábátasjómannna skýrir frá þessu.

Verðlækkunin er áfall fyrir grásleppusjómann sem margir hverjir hafa nú lokið veiðum. Vertíðin stóð í 32 daga en var fimmtíu dagar í fyrra. Einungis 135 bátar fóru til veiða í ár en þeir voru 273 í fyrra, og er það til marks um áhugaleysi sjómanna vegna breytinga á veiðifyrirkomulagi.



**HROGNATAKA** Vertíðin hefur skilað 4.700 tunnum af söltuðum hrognum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ISE



**ÁNÆGD Í BLÓMAHAFI** Rósirnar streymdu í fang Jóhönnu Sigurðardóttur sem undir sér vel vinnahópi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á leið úr Stjórnarráðinu eftir fjögur viðburðarík ár:

## Hundruð kvöddu Jóhönnu með rósum

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir var hylt utan við Stjórnarráðið í gær þegar fleiri hundruð manns mættu til að kveðja fráfarandi forsætisráðherra. Fjölmargir mættu með rósir og færðu Jóhönnu.

Í samtali við Stöð 2 sagðist Jóhanna kveðja mjög sátt. Náðst hefði að hrinda í framkvæmd 92 prósentum af þeim atriðum sem í upphafi hefði verið lagt upp með í verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna.

- gar

# Gæslan berskjölduð eftir bilun í TF-GNÁ

Landhelgisgæslan hefur á næstunni aðeins eina björgunarþyrlu af þremur til afnota. Lenda þurfti TF-GNÁ tafarlaust eftir bilun á fimmtudag. Yfirmaður LSH segir ástandið alvarlegt enda treysti landsmenn allir mjög á þyrlurnar í neyð.

**ÖRYGGISMÁL** Björgunargeta Landhelgisgæslunnar er verulega skert eftir að alvarleg bilun kom upp í útkalli hjá TF-GNÁ á fimmtudag. Er nú aðeins ein þyrla til taks. GNÁ var stödd um 20 sjómílar frá landi þegar bilunin kom upp og var þyrlunni þegar flogið til lands og nauðlent á tóni við bæinn Kvísker í Örafum.

Margóft hefur verið bent á hversu Gæslan er berskjölduð gagnvart skyndibilunum í björgunarþyrlunum, sem eru þrjár. TF-LÍF er í reglubundinni skoðun og því er TF-SÝN eina þyrlan sem er til taks en hún er ekki eins vel búin tækjum og hinar þyrlurnar tvær. Forsvarsmenn Gæslunnar hafa ítrekað bent á þörfina fyrir endurnýjun þyrluflotans. GNÁ og SÝN eru báðar leigubýrlur; SÝN verður skilað í haust en GNÁ á næsta ári. Stefir því allt í að aðeins verði ein þyrla, LÍF, í rekstri Landhelgisgæslunnar.

Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs LSH, segir ástandið alvarlegt. „Eins og almenningur í landinu þá lít ég svo á að þetta verði að vera í lagi. Við treystum mjög á þessi björgunartæki, það er krafa tímans. Ekki bara fyrir sjófarendur heldur fyrir okkur öll. Það er alvarlegt þegar þeirri þörf er ekki fullnægt,“ segir Ásgrímur.

Spurður hvað hann viti um framgang mála hjá stjórnvöldum um kaup eða leigu á þyrlum er svar Ásgríms skýrt: „Ég veit ekkert um það.“

Ásgrímur segir að áhöfn þyrlunnar hafi þurft að lenda við fyrsta tækifæri enda ljóst frá byrjun að bilunin var alvarleg. „Þegar þetta var skoðað eftir landingu var málmvarfi í olíu og það segir sig sjálft að þegar svo er getur verið



**ÚR LEIK** Flogið var með flugvirkja austur til að kanna hvort hægt væri að gera við þyrluna þar.

## Danski sjóherinn tekur að sér bakvakt

→ Ingibjörg, björgunarskip Landsbjargar á Höfn í Hornafirði var kallað út þegar þyrlan bilaði og sótti veikan skipverja um borð í fiskiskip sem var um tíu sjómílar frá landi. Kom björgunarskipið til hafnar um klukkan 16.30 og flutti sjúkraflygvef manninn frá Höfn til Reykjavíkur.

→ Danska herskipið Triton kom til Reykjavíkur í gær. LSH og skipstjóri Triton komust að samkomulagi að þyrla skipsins væri til reiðu þangað til systurskip Triton kemur til hafnar á sunnudag og tekur yfir bakvakt danska sjóhersins.

stutt í að hlutir fari að festast,“ segir Ásgrímur.

Tekin hefur verið ákvörðun um að GNÁ verði á Kvískerjum fram yfir helgi en ekki er hægt að vinna að viðgerð þyrlunnar á staðnum. Talsvert verkefni er að flytja þyrluna til Reykjavíkur og voru blöðin tekin af þyrlunni í gær og þau send með flutningabíl til Reykjavíkur. Eftir að hafa metið stöðuna til hlítar var ákveðið að ljúka reglubundinni skoðun þyrlunnar LÍF hið fyrsta og að henni lokinni hefjist vinna við GNÁ.

svavar@frettabladid.is

„Við treystum mjög á þessi björgunartæki, það er krafa tímans. Ekki bara fyrir sjófarendur heldur fyrir okkur öll. Það er alvarlegt þegar þeirri þörf er ekki fullnægt.“

Ásgrímur L. Ásgrímsson framkvæmdastjóri hjá LSH

Frá 1989 hafa laun hækkað um 355% en kaupmáttur aukist um 25-30%:

## Kjarabætur að mestu horfnar

**EFNAHAGSMÁL** Á síðasta aldarfjórðungi hefur kaupmáttur launa aukist um 25 til 30 prósent en laun hafa hækkað um 355 prósent. „Mismunurinn á þessu tvennu er verðbólga,“ segir í nýrri umfjöllun í efna-hagsritinu Vísbandingu.

Bent er á að á árunum sem liðin séu frá 1989 hafi 92 prósent launahækkana horfið í verðbólgu. „Samt var verðbólga á þessu tímabili lítil í sögulegu samhengi á Íslandi.“ Árleg verðbólga hafi verið um sex prósent, en kaupmáttaraukning á hverju ári um eitt prósent.

„Margóft hefur verið sýnt fram á nán tengsl verðbólgu við gengi íslensku krónunnar,“ segir jafnframt í Vísbandingu, en þess

er um leið getið að um það sé deilt hvort krónan henti íslensku atvinnulífi eður ei.

Fylgismenn krónu bendi á hve auðvelt sé að nota hana til að færa fjármuni til þegar veikja þarf kaupmátt. Aðferðin sé gengisfelling og verðbólga. Aðrir telji mikilvægt að gjaldmiðillinn sjálfur haldi verðgildi sínu sem best og beita eigi öðrum leiðum, svo sem beinum launalækkunum. Það hafi til dæmis verið gert í Lettlandi og á Grikklandi. „Í fyrrnefnda landinu er nú einna mestur hagvöxtur í Evrópu en Grikkir eru enn í miklum erfiðleikum.“

- óka

**SMÁPENINGAR** Í Vísbandingu er sagt skynsamlegt að uppfylla svokölluð Maastricht-skilyrði, sama hvaða gjaldmiðill verði notaður í landinu.



**92%**

Frá árinu 1989 hafa 92% launahækkana á Íslandi brunnið upp í verðbólgu.

**Óska eftir að kaupa enskt english course tungumálnámskeið.**

**Vantar 2 námskeið.**

**Ég borga 30.000 fyrir námskeiðið**

**Upplýsingar í 865-7013**

## Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur - styrkumsókn 2013

Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur auglýsir hér með eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum. **Umsóknarfrestur er til 21. maí næstkomandi.**

Umsóknareyðublað má senda rafrænt af heimasíðu ÖBÍ [www.obi.is](http://www.obi.is) undir liðnum styrkir.

Eyðublað fást einnig á skrifstofu ÖBÍ. Umsókn skal senda eða skila til skrifstofu Öryrkjabandalags Íslands, Hátúni 10, Reykjavík fyrir 21. maí.

**Styrkir eru veittir til,**

- öryrkja til hagnýts náms, bóklegs eða verklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum.
- einstaklinga sem vilja hæfa sig til starfa í þágu þroskaheftra.

**Styrkjunum verður úthlutað 11. júní 2012.**

Allar nánari upplýsingar gefur Guðríður Ólafsdóttir eða Anna Guðrún Sigurðardóttir í síma 530 6700.

**Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur.**

# Lækkum verð um þriðjung (33%) á öllum barnafatnaði



**33%**  
**AFSLÁTTUR**  
af öllum  
barnafatnaði  
24.-28. apríl

Barnafatnaður á Íslandi getur lækkað mikið í verði ef skattar og tollar hér væru sambærilegir og víða erlendis.



Skorum á verðandi þingmenn að endurskoða skatta og tolla eftir kosningar! **Það er aukinn kaupmáttur!**

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## HEIMURINN



## Líklegt að efnavopnum hafi verið beitt

**1 SÝRLAND, AP** Sífellt fleira bendir til þess að sýrlensk stjórnvöld hafi beitt efnavopnum gegn uppreisnarmönnum, samkvæmt bandarískum og breskum stjórnvöldum. Stjórnvöld þessara landa hafa sagt beitingu þeirra geta kallað á alþjóðlega íhlotun í átökin í Sýrlandi.

Erfitt getur reynst að sýna fram á notkun efnavopna nema með því að taka jarðvegssýni og blóðsýni úr fólki sem þeim hefur verið beitt gegn, og því hafa bandarísk stjórnvöld enn ekki viljað staðfesta að efnavopnum hafi verið beitt.

Notkun efnavopna telst til stríðsglæpa og sýrlensk stjórnvöld hafna því alfarið að hafa beitt þeim.

## Um 50 taldir á lífi í rústum

**2 BANGLADESS** Björgunarmenn í Dakka, höfuðborg Banglades, segja að hópur fólks hafi fundist á lífi í rústum verksmiðju sem hrundi á miðvikudag. Óstaðfestar fréttir benda til þess að um 50 starfsmenn sem voru á þriðju hæð verksmiðjunnar séu á lífi en innilokaðir.



Talið er að í það minnsta 307 hafi látist þegar byggingin hrundi. Um 2.200 hefur verið bjargað úr rústunum síðan á miðvikudag og áætla björgunarmenn að öllum sem gætu verið á lífi verði bjargað í dag í síðasta lagi.

## Hryðjuverkamenn dæmdir

**3 BRETLAND** Ellefu meðlimir í hryðjuverkasellu sem starfaði í Birmingham í Bretlandi hafa verið dæmdir í fangelsi. Þrír leiðtogar hópsins voru dæmdir í fimmtán til átján ára fangelsi. Hópurinn áformaði að gera sprengjuárásir í Bretlandi í nafni hryðjuverkanetsins Al-kaída. Þeir voru undir eftirliti lögreglu og voru handteknir í september 2011.

# Aserta-mennirnir fjórir neita allir sök

Þrír sakborningar í risavöxnu gjaldeyrissvikamáli sérstaks saksóknara mættu í Héraðsdóm og lýstu sig saklausa í gær. Markús Máni Michaelsson mætti ekki.

**DÓMSMÁL** Allir sakborningarnir fjórir í Aserta-máli sérstaks saksóknara lýsa sig saklausa af ákæru um brot á gjaldeyrislögum.

Þrír þeirra mættu í Héraðsdóm Reykjaness í gær, tóku afstöðu til

ákærunnar og kváðust allir saklausir. Fjórir sakborningurinn, handknattleiksmáðurinn Markús Máni Michaelsson

Maute, mætti ekki. Hann var sagður staddur í Bandaríkjunum. Verjandi hans hafði einnig boðað forföll en annar verjandi bar frá honum þau skilaboð að Markús Máni mundi sömuleiðis lýsa sig saklausan.

Málið má rekja til aðgerða yfirvalda í janúar 2010 þegar Markús var handtekinn ásamt hinum sakborningunum þremur: Gísla Reynissyni, Karli Löve Jóhannssyni og Ólafi Sigmundssyni.

Málið var þá á könnu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra og unnið í samvinnu við Fjármálaeftirlitið og gjaldeyriseftirlit Seðlabankans. Það fluttist síðan til sérstaks saksóknara þegar hann sameinaðist efnahagsbrotadeildinni haustið 2011.

Ákæran leit svo dagsins ljós fyrr í mánuðinum. Fjór-

**MARKÚS MÁNI MICHAELSSON**  
Er staddur í Bandaríkjunum.



GÍSLI REYNISSON

KARL LÖVE  
JÓHANSSONÓLAFUR  
SIGMUNDSSON

menningarnir eru ákærðir fyrir að hafa á rúmlega sjö mánaða tímabili, frá því í marslok 2009 og fram í byrjun nóvember, keypt krónur á aflandsmarkaði fyrir um þrettán milljarða króna í gegnum félagið Aserta AB í Svíþjóð. Krónurnar sem þeir fluttu inn til landsins námu sjö prósentum allrar veltu á gjaldeyrismarkaði á tímabilinu.

Talið er að mennirnir hafi hagnaast um minnst 656 milljónir króna á viðskiptunum.

Við þingfestinguna í gær kom upp ágreiningur um eitt vitnanna; Ingibjörgu Guðbjartsdóttur, yfirmann gjaldeyriseftirlits Seðlabankans. Saksóknarinn Finnur Vilhjálmsson óskaði eftir því að fá að leiða hana sem vitni en því mótmæltu verjendur, stöðu hennar vegna. Tekist verður á um þetta í sérstöku þinghaldi í maí.

stigur@frettabladid.is

BMW

www.bmw.com

Sheer  
Driving Pleasure

## X LÍNAN Í TAKT VIÐ TÍMANN

Þú ert í leit að ævintýrum, við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið. Þótt veðrið sé óútreknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

**KYNNTU ÞÉR BMW X LÍNUNA  
NÚ ER RÉTTI TÍMINN  
WWW.BMW.IS**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16**



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
421 8808

Bílasalan Bílas  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070



## Muna # 1

Neyðarlög fyrir  
heimilin, - *Kynslóðasátt*  
- 17/6/13

45% lækkun á verðtr.  
húsnæðislánum - 17/6/13

## Muna # 2

Flatan 20% skatt  
- 1/1/14

Lækka bensín og  
dísel um 30%  
- 17/6/13

## Muna # 3

Skerðing trygging-  
arbóta afnumin -  
1/1/14

Út. gert skylt að  
koma upp húsnæði  
fyrir aldraða  
-1/1/14

## Muna # 4

Báknið birt á  
hverjum degi,  
a) fyrir hvað,  
b) hversu mikið og  
c) hverjum greitt

## Muna # 5

Lögleiða strax  
skylduflokkun  
sorps

## Muna # 6

Nöfn á eigendum  
hræggammasjóða  
birt - 17/6/13

## Muna # 7

Frjálssar  
handfæraveiðar  
- 1/1/14

## Muna # 8

Þjóðaratkvæða-  
greiðslur tvisvar  
á ári

## Muna # 9

Fríar spjaldtölvur  
fyrir nemendur  
- 1/1/14

[www.afram-island.is](http://www.afram-island.is)

# Hagkvæmar og raunsæjar lausnir á efna- hagsvanda þjóðarinnar og framtíðarsýn flokksins á íslenskt efnahags – og þjóðlíf

Þrjú mál verða gerð að ófrávíkjanlegri kröfu um  
þáttöku flokksins í ríkisstjórn eftir næstu kosningar:

1. Afnám verðtryggingar á neytenda- og húsnæðislánum
2. Leiðrétting verðtryggðra skulda heimilanna
3. Þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhald ESB viðræðnanna



Peir sem buðu frá 100 þúsund krónum til 50 milljóna fyrir hluti í TM fengu mest að kaupa fyrir 452 þúsund:

# Tilboð námu áttatíuogeföldu verðmæti

**VIÐSKIPTI** Sjö þúsund fjárfestar höfðu hug á að kaupa hlut í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM) í almennu hlutafjárútbóði sem lauk síðdegis á miðvikudag.

Tilboð hljóðuðu alls upp á 357 milljarðar króna í útböðinu, en til skiptanna var, á útböðsgengi, 4,4 milljarða hlutur Stoða í TM, 28,7 prósent. Tilboð voru því ríflega 81 sinni yfir verðmæti þess hlutar sem í bóði var.

Fram kemur í tilkynningu til Kauphallar að stjórn Stoða hafi

ákveðið 20,1 krónu útböðsgengi.

Fram kemur að fjárfestar sem buðu frá 100 þúsund krónum til 50 milljóna króna hafi að hámarki fengið að kaupa hlut upp á rúmar 452 þúsund krónur að markaðsvirði. Þeir sem buðu 50 milljónir króna eða hærra fengu að kaupa hlut upp á 5,8 milljónir króna.

„Reikna má með að fjárfestar hafi gert ráð fyrir einhverri umfram eftirspurn. Í slíkri stöðu er líklegt að fjárfestir bjóði í

stærri hlut en hann hefur hug á að eignast með von um að sú skerðing sem farið verður í muni samt sem áður skila honum þeim hluta sem hann sækist eftir,“ bendir Greining Íslandsbanka á í umfjöllun sinni.

TM verður þrettánda félagið á íslenska hlutabréfamarkaðnum, en gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með hluti TM í Kauphöllinni verði 8. maí næstkomandi.

- óká



**HÚS TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINNAR**  
Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með hluti TM í Kauphöll Íslands verði miðvikudaginn 8. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## → Tíu stærstu í TM\*

Hluthafi	Eignarhlutur
Lífeyrissj. verslunarm.	9,9%
Sameinaði lífeyrissj.	6,0%
Söfnunarsj. lífeyrissj.	5,9%
Stoðir hf.	4,9%
JÖKÁ ehf.	4,6%
L175 ehf.	3,2%
Lífeyrissj. starfsm.rík. (A)	3,0%
Auður Capital safnreikn.	2,9%
Arion banki hf.	2,8%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfél.	2,8%

\*Bráðabirgðahluthafalisti eftir útböð, skv. tilkynningu TM til Kauphallar.

## Umhverfisstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans veitir fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við umhverfis- og náttúruvernd. Umsóknarfrestur er til 6. maí 2013.

### Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landsvæða.
- » Verkefni er tengjast rannsóknum á náttúrugæðum.
- » Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
- » Verkefni er nýttast til verndar landsvæðum, t.d. vegna ágangs búfenaðar eða ferðamanna.
- » Verkefni er auka þekkingu og vitund almennings á umhverfismálum.
- » Verkefni er hvetja til umhverfisvæns hátternis.

### Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með 6. maí 2013. Dórnafnd verður skipuð sérfræðingum á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Sótt er um umhverfisstyrki rafrænt á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



**VERSLUNARMENN** VR og atvinnurekendur skipa fjóra menn hvor í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna, og skiptast á um að skipa formann stjórnarinnar í þrjú ár í senn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ósætti vegna nýs formanns lífeyrissjóðs

Bryndís Hlöðversdóttir, fyrrverandi þingmaður, hefur verið skipuð stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Fráfarandi formaður sjóðsins segir það nýja stefnu að fá svo pólitíska manneskju inn í stjórnina.

**FÉLAGSMÁL** Fráfarandi formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna er ósáttur við eftirmann sinn og segir það algerlega nýja stefnu að blanda pólitík í störf stjórnar sjóðsins eins og stjórnendur VR geri með skipan nýja formannsins.

Stjórn VR hefur ákveðið að skipa Bryndísi Hlöðversdóttur, fyrrverandi rektor á Bifröst, sem formann stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Bryndís var áður þingmaður Samfylkingarinnar, og verður fyrsta konan til að gegna stjórnarformennsku hjá lífeyrissjóðnum.

„Það er algerlega ný stefna að setja einhverja pólitík í þetta, við höfum ekki gert það hingað til,“ segir Helgi Magnússon, fráfarandi formaður stjórnarinnar, og verðandi varaformaður.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segist hissa á gagnrýni Helga og segir einhug hafa ríkt í stjórn VR um skipan Bryndísar og annarra stjórnarmanna í lífeyrissjóðnum.

VR skipar fjóra menn í stjórn lífeyrissjóðsins og atvinnurekendur fjóra. Atvinnurekendur hafa ráðið því síðustu þrjú ár hver leiðir stjórnina en næstu þrjú ár fær stjórn VR að velja stjórnarformann.

Stjórn VR hefur nú ákveðið að skipa tvo nýja menn í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna og að Bryndís verði stjórnarformaður. Ólafía segir að formlega skipti



ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR



HELGI MAGNÚSSON

stjórnin með sér verkum og því taki Bryndís ekki við fyrr en á næsta stjórnarfundum.

„Við erum auðvitað ekki ánægðir með þetta en við ráðum því ekki,“ segir Helgi. Hann segir of snemmt að spá til um hvort þessar breytingar muni hafa áhrif á starf stjórnarinnar eða lífeyrissjóðinn almennt.

„Við munum að sjálfsögðu reyna að vinna vel með nýjum formanni, ég hef persónulega alls ekkert á móti Bryndísi,“ segir Helgi. Hann bendir á að hingað til hafi stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verslunarmanna einnig verið stjórnarmenn í VR, sem Bryndís er ekki. Á því hefur verið gerð ein undantekning, þegar Ragnar Óundarson var fenginn til að stýra stjórninni.

Ólafía segir að bæði Bryndís og hinn nýi stjórnarmaðurinn, sem VR skipar hjá lífeyrissjóðnum, standi utan stjórnar VR. „Hugsunin hjá okkur er að vanda vel til verka og velja besta fagfólkið í stjórnina.“

brjann@frettabladid.is

**KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI**



SAFT

# BÍLA KAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG

OPIÐ FRÁ 12-16



NISSAN QASHQAI DÍSIL

**4.990 þús. kr.**

Eldsneytisnotkun einungis frá  
**4,6l/100km.**



RENAULT MEGANE SPORT TOURER

**3,7** L/100 KM  
FJÖLSKYLDUBÍLL SEM FER HRINGINN Á EINUM TANKI!

VERÐ FRÁ **3.590 þús. kr.**  DÍSIL

 FRITT Í STÆÐI Á  
MIÐBORGARSVÆÐINU



NÝR SUBARU FORESTER

Nýr Subaru Forester eyðir einungis:

**6,5 l/100 km**   
í blönduðum akstri

**5.990 þús. kr.** sjálfskiptur

NISSAN JUKE

KEMUR Á ÓVART  
- Líka þegar þú prófar  
**4.090 þús. kr.**



**BL**

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
421 8808

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

Á öllu EES-svæðinu:

## Nýr Landspítali kominn í útboð

**HEILBRIGÐISMÁL** Útboð á hönnun nýrra bygginga nýs Landspítala við Hringbraut er hafið. Um er að ræða opið forval bjóðenda auglýst á Evrópska efnahags-svæðinu (EES), en útboðin verða lokuð öðrum en þeim sem tekið hafa þátt í forvalinu og uppfyllt allar kröfur þess.

Fullnaðarhönnun heildarverkefnisins er skipt upp í fjögur aðskilin hönnunarútboð; um 58.500 fermetra meðferðarkjarna, um 14.000 fermetra rannsóknarhús, um 21.300 fermetra bílastæðahús (með skrifstofuhluta og tæknihluta) og um 4.000 fermetra sjúkrahótel.

- shá

Lí skorar á alla flokka:

## Heilbrigðismál verði í forgangi

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknafélag Íslands skorar á stjórnálmenn í öllum flokkum að setja heilbrigðismál í forgang á næsta kjörtímabili.

Í ályktun frá formannafundi Lí segir að heilbrigðiskerfi landsmanna hafi liðið fyrir niðurskurð allt frá hruninu haustið 2008 með þeim afleiðingum að þjónusta við sjúklinga hefur versnað og biðlistar hafa lengst.

Heilbrigðisstarfsmönnum hefur fækkað, álag aukist, húsnæði er illa við haldið og tækjabúnaður úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar.

- shá

# Hertar reglur um útblástur brennisteinsvetnis taka gildi

Beiðni orkufyrirtækja um frestun á hertum reglum vegna útblásturs brennisteinsvetnis var hafnað. Orkuveitan ræðst ekki í byggingu Hverahlíðarvirkjunar fyrr en mengunarvandi á Hellisheiðarvirkjunar er leystur.

**VIRKJANAMÁL** Umhverfissráðuneytið hefur hafnað beiðni stýrihóps orkufyrirtækja um sex ára frestun á hertum reglum vegna útblásturs brennisteinsvetnis. Það þýðir að Orkuveita Reykjavíkur (OR) bíður með ákvarðanir um frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana þar til niðurstaða fæst í þróunarverkefni um hreinsun útblásturs, en orka nýrra virkjana fyrirtækisins á Hellisheiði er hugsuð fyrir álver í Helgúvík.

Að stýrihópi um brennisteinsvetni frá jarðgufuvirkjunum standa OR, HS Orka og Landsvirkjun. Hópurinn fór þess á leit við ráðuneytið að gildistöku hertra reglna um útblástur yrði frestað til ársins 2020, en þær taka gildi 1. júlí 2014. Telur ráðuneytið hins vegar að ekki sé fullreynt hvort einhverjar þeirra leiða sem hafa verið til skoðunar til að draga úr brennisteinsmengun frá virkjunum muni skila árangri fyrir þann tíma. Meðal annars nýsköpunarverkefnið Sulfix en það miðar að því að draga úr útblæstri brennisteinsvetnis með því að deila því aftur ofan í berglögin með affallsvatni. Það hefur gefið góða raun og hafa Landsvirkjun og HS Orka gerst aðilar að verkefninu. Með vísan í tilraunina fóru fyrirtækin fram á fyrrnefnda frestun.

Ráðuneytið telur að aðrar jarðvarmavirkjanir en Hellisheiðarvirkjun muni geta staðist umhverfismörk fyrir brennisteinsvetni innan þess tímaramma sem liggur fyrir. Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti má fara fimm sinnum á ári yfir viðmiðunarmörk, en aldrei þegar breytingin hefur tekið gildi.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN**

Heilsutengd vandamál tengd útblæstri jarðvarmavirkjana hafa verið mikið í umræðunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við höfum trú á því að þetta virki, en auðvitað vitum við það ekki. Þetta hefur tekist á tilraunaskala en fyrsti áfanginn á iðnaðarskala gæti verið komið í gagnið næsta vor; en það er hreinsun frá einni vél Hellisheiðarvirkjunar af sex. En það er ekki víst að þurfi að hreinsa frá öllum vélunum til að mæta kröfum reglugerðarinnar.“

Ein ný virkjun er í skoðun hjá OR í dag, það er Hverahlíðarvirkjun. Hún er áformuð 90 megavött og er ein þeirra virkjana sem eiga að sjá álveri Norðuráls í Helgúvík fyrir orku.

„Við byggjum ekki nýja virkjun á meðan þetta er óleyst. Hvenær það verður vitum við ekki, það verður að koma í ljós.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR.

meðan þetta er óleyst. Hvenær það verður vitum við ekki, það verður að koma í ljós,“ segir Bjarni.

svavar@frettabladid.is

Landey býður til sölu eftirtalin lóðarréttindi:

## Austurbakki 2



Um er að ræða byggingarrétt að 15.500 m<sup>2</sup> skrifstofu- og atvinnuhúsnæði við Austurbakka 2, Reykjavík. Reiturrinn er merktur nr. 2 á meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti. Spennandi tækifæri á lífandi svæði.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins Hátúni 2b í síma 594 4210 eða 660 4210, netfang: landey@landey.is



# 1.000

## MILLJÓNIR SKATTFRJÁLSAR

### Nýtt happdrættisár framundan



#### SEX X VW BJALLA!

Sex sinnum á happdrættisárinu verður dregin út Volkswagen Bjalla, sportlegur lúxusbíll, 5 milljóna virði.

#### MILLJÓNAVINNINGAR

7x6 milljónir og 39x4 milljónir

Fjórtán 3 milljóna króna og sjötíu og átta 2 milljóna króna vinningar á einfaldan miða.

Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.

Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is)  
eða í síma 561 7757.



STYRKU MÁLEFNI  
ALDRADRA



5 MILLJÓNIR KRÓNA Í SKOTTINU  
á tvöfaldan miða  
eða 10 milljónir í peningum.

dregið í hverri viku



Ísafjörður

Grundarfjörður

Borgarnes

Akranes

NORÐVESTURKJÖRDÆMI

## GLEÐILEGAN KJÖRDAG!

Hér á opnunni finnur þú allar upplýsingar um kosninga-  
skrifstofur Vinstri grænna víðsvegar um landið, þar sem  
boðið er upp á kosningakaffi og akstur á kjörstað.

Reykjanesbær

Selfoss

Vestmannaeyjar

### KOSNINGAVAKA Í SÚLNASAL HÓTEL SÖGU

Húsið opnar kl. 21.

Gert er ráð fyrir fyrstu tölum  
upp úr kl. 22.

Stefán Pálsson, Ármann Jakobs-  
son og Silja Bára Ómarsdóttir  
rýna í tölurnar.

DJ Atli Viðars heldur svo uppi  
stanslausu stuði.

ALLIR VELKOMNIR!

#### REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR OG SUÐUR

Kosningakaffi í kosningamiðstöð  
í Borgartúni 16 kl. 14-18

Gómsætar veitingar og rjúkandi kaffi.  
Frambjóðendur Vinstri grænna taka  
vel á móti þér og spá í spilin. Komdu og  
njóttu dagsins með okkur. Hlökkum til  
að sjá þig!

Akstur og upplýsingar um utankjörfund  
í síma 862 8031 og aðrar upplýsingar í  
símum 551 2323 og 552 0102

#### SUÐVESTURKJÖRDÆMI

##### HAFNARFJÖRÐUR

Kosningakaffi, Strandgötu 11 kl. 10-20  
Akstur og upplýsingar í síma 551 3600

##### KÓPAVOGUR

Kosningakaffi, Hamraborg 1-3 kl. 10-20  
Akstur og upplýsingar í síma 551 3600

#### SUÐURKJÖRDÆMI

##### REYKJANESBÆR

Kosningakaffi, Hafnargötu 31 kl. 15-18  
Kosningavaka, Hafnargötu 31 frá kl. 22  
Akstur og upplýsingar í símum  
846 1220 og 822 5465



ÁBYRGÐ – JÖFNUÐUR – ALMANNAHEILL

GLEÐILEGA  
HÁTÍÐ!



#### SELFOS

Kosningakaffi, Selinu kl. 15-18  
Kosningavaka, Selinu frá kl. 20  
Akstur og upplýsingar í síma 844 8510

#### VESTMANNAEYJAR

Kosningakaffi, Arnardranga kl. 15-18  
Akstur og upplýsingar í sínum  
820 9577 og 694 6865

#### NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

##### DALVÍK

Kosningakaffi, Skíðabraut 7b kl. 12-17  
Kosningavaka, Skíðabraut 7b frá kl. 21.  
Upplýsingar í síma 846 3390

#### AKUREYRI

Kosningakaffi, Sportvitanum,  
Strandgötu 53, kl. 14-18  
Kosningavaka, Sportvitanum kl. 21-1  
Akstur og upplýsingar í síma 462 3463

##### HÚSAVÍK

Kosningakaffi, Hlöðufelli,  
Héðinsbraut 3, kl. 14-18  
Kosningavaka, Hlöðufelli frá kl. 22  
Akstur og upplýsingar í síma 864 0759

##### EGILSSTAÐIR

Kosningakaffi, Kaupvangi 5 kl. 15-18  
Akstur og upplýsingar í síma 472 1166

##### NESKAUPSTAÐUR

Kosningakaffi, Mýrinni kl. 15-18  
Akstur og upplýsingar í síma 861 1619

#### NORÐVESTURKJÖRDÆMI

##### AKRANES

Kosningakaffi í kosningaskrifstofu við  
Akratorg kl. 14-18  
Akstur og upplýsingar í síma 821 4277

##### BORGARNES

Kosningakaffi, Sólbakka 2 kl. 9-19  
Akstur og upplýsingar í síma 893 7306

##### GRUNDARFJÖRÐUR

Kosningakaffi, Kommakoti kl. 13-19  
Akstur og upplýsingar í síma 867 0640

##### ÍSAFJÖRÐUR

Kosningakaffi,  
Gamla Kaupfélagshúsinu kl. 10-18  
Kosningavaka,  
Gamla Kaupfélagshúsinu frá kl. 21.30  
Akstur og upplýsingar í síma 699 6183

FYRIR FÓLKID Í LANDINU



VINSTRI GRÆN

Bönnum reykingar í öllu opinberu rými:

# Reykingar eru fíknisjúkdómur

Um þrjátíu og sex þúsund Íslendingar reykja, en það eru innan við fimmtán prósent þjóðarinnar. Samkvæmt alþjóðlegum tölum reykir yfir milljarður jarðarbúa. Allt þetta fólk á það sameiginlegt að berjast við alvarlegan fíknisjúkdóm. Samkvæmt rannsóknum má rekja eitt af hverjum tíu dauðsföllum fullorðinna í heiminum til reykinga. Fleiri deyja af völdum þessa sjúkdóms en deyja úr alnæmi, ofneyslu lyfja, vegna umferðarslysa, morða og sjálfsvíga samanlagt.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Flestir sem reykja vilja hætta því en geta það ekki. Samkvæmt könnunum segist þriðjungur Íslendinga vera hætturnar. Þeim tókst það en fyrir tuttugu árum reyktu helmingi fleiri hér á landi en í dag. Það hefur margt breyst til hins

betra í þessum efnunum og nú er bannað að reykja á flestum stöðum. Slík bönn hjálpa mörgum að forðast freistingar eftir að fólk kemst í bata frá þessum alvarlega sjúkdómi og nær að hætta.

Bandaríkjamenn hafa lengi farið fremstir í fylkingu gegn fíknisjúkdómum. New York-ríki hefur oft haft forystu um breytingar hvað hömlur á tobaksnotkun varðar. Þar er ekki bara bannað að reykja á börum og veitingastöðum heldur einnig í gördum, niðri á strönd og í öðrum opinberum rýmum sem þó eru undir berum himni. Þetta mættu Íslendingar taka sér til fyrirmyndar. Hér á landi er til dæmis bannað að vera áberandi ölvaður á almannafæri en því banni er oft illa fylgt eftir. Úr því má bæta og að auki er vel athugandi að stíga næsta skref í reykingabanni og gera það enn víðtækara líkt og gert hefur verið í New York.

Borgarstjórinn í New York, Michael Bloomberg, vill nú ganga lengra og hækka aldurstakmarkanir á tobakskaupum. Nú er takmarkið við átján ára eins og á Íslandi en Bloomberg vill hækka það í tuttugu og eitt ár, sem er áfengiskaupaaldur vestra. Þetta er auðvitað sjálfsagt og í raun er stórskrýtið að hér á landi sé krökkum bannað að kaupa áfengi þar til þeir eru tvítugir en leyft að kaupa tobak átján ára. Þessu þarf að breyta.

Ekkert okkar vill að börn byrji að reykja. Við myndum varla óska neinum að ánetjast tobaki og þurfa að berjast við þá fíkn, jafnvel ævilangt. Fólk sem reykir þarf á viðeigandi aðstoð að halda, meðferð jafnvel, og við megum ekki hætta að horfa á tobaksfíkn sem alvarlegan sjúkdóm.

Reykingar hafa kostað okkur mörg mannlíf. Þær hafa tekið sinn toll. Það er hins vegar mikið ánægjuefni að samkvæmt nýlegum tölum frá Landlækniseimbættinu fjölgar sífellt í hópi þeirra Íslendinga sem hafa aldrei reykt. Þannig hafa í dag yfir fimmtíu prósent Íslendinga aldrei reykt, í samanburði við fjörutíu og sex prósent árið 2006. Hins vegar er sú staðreynd sorgleg að því lægri sem tekjur fólks eru, þeim mun líklegri er það til að reykja, en eins og segir í gömlu dægurlagi brennirðu peninga með því að reykja.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



MENNTAVÍSINDASVIÐ

### Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun

Markmið námsins er annars vegar að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku og hins vegar að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa á fjölbreyttum starfsvettvangi.

Inntökuskilyrði eru fjögurra ára nám á starfsbrautum framhaldsskóla eða sambærileg menntun og starfsreynsla.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar á [www.mennta.hi.is](http://www.mennta.hi.is)

Skrásetningargjald við Háskóla Íslands fyrir skólaárið 2013–2014 er 60.000 kr.

Umsóknarfrestur er til 20. maí

Nánari upplýsingar veitir:  
Kristín Björnsdóttir kbjorn@hi.is, s: 525 5379



HÁSKÓLA ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

## SPOTTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

### Málefni í eintölu

Kosningabaráttan sem nú er á enda hefur vissulega snúist um málefni; en bara í eintölu.

Í aðdraganda kosninganna 2009 var á það bent að hætta væri á að kjörtímabili myndi fara fyrir lítið. Ástæðan var sú að kosningaumuræðan þá snerist um andmæli við hrúnið miklu fremur en sýn flokkanna á nýja framtíð. Ólgan í samfélaginu var einfaldlega meiri en svo að unnt væri að fella umræðuna í uppbyggilegan farveg. Eftir atvikum var það skiljanlegt.

Hitt er erfiðara að skilja að fjór-um árum síðar skuli þjóðin enn vera í sömu sporunum. Umræðan snýst í afar takmörkuðum mæli



aðeins með sömu aðferðum og leiddu til þess heldur beinlínis sömu froðupeningunum.

Endurvinnsla á úrgangi er góð og gild. Engu er hins vegar líkara en menn hafi í einhverju miskonili þá hugmyndafræði þegar boðskapurinn er að endurvinnna froðukrónurnar til að breyta skuldettri steinsteypu í skuldlausu.

um hvernig reisa eigi nýjar undirstöður undir hagsæld. Hún gengur út á það eina loforð að leiðréttar ranglátar afleiðingar gengishrunsins; ekki

Þegar Jón Gnarr borgarstjóri ýtti Sjálfstæðisflokknum til hliðar sem stærsta flokknum í borgarstjórn Reykjavíkur byggðist það meðal annars á loforði um að svíkja kosningaloforðin! Kjósendum fannst það kímíð og ekki verri boðskapur en hver annar eins og á stóð.

Stjórnmaláumræðan er enn á þessum stað. Til þess að komast hjá því að nota sögnina að svíkja má segja að hagsmunum landsins yrði best borgið með því að þingflokkarnir sammæltust, eftir daginn í dag, um að gæta verulegs hófs við efndir á kosningaloforðunum. Verðbólgan, sem er aðalvinnur heimilanna, verður þá að sama skapi minni.

### Flokkar í fleirtölu

Nokkrir flokkar hafa reynt að koma fleiri málum að en því eina sem Framsóknarflokkurinn setti á dagskrá. Það hefur bara ekki tekist.

Kjörfundurinn í dag er ekki einasta sérstakur fyrir þær sakir að vera eins málefni kosning. Nærri lætur að framboðin séu tvöfalt fleiri en hefðin segir til um. Það er vísbending um að þjóðin sé sundradri en áður. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki getað nýtt þrengingarnar til að sameina þjóðina. Þvert á móti.

Rætur flokkakerfisins eru

nærri aldar gamlar. Síðustu þrjátíu ár hafa fimm til sex flokkar endurspeglad viðhorf kjósenda á Alþingi. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru þó þeir einu sem eiga sér sögu á síðustu öld.

Tilraun til að sameina vinstri-menn í einum flokki um síðustu aldamót tókst ekki. Um tíma virtist sú uppstokkun sem þá varð þó ganga ágætlega. En fyrsta hreina vinstri-stjórn tveggja ungra flokka hefur gengið af þessari tilraun dauðri.

Vandi flokkanna er fyrst og fremst sá að þeir eiga í meiri

erfiðleikum nú en áður fyrr að sameina fólk um heildstæða stefnu sem hvílir á ákveðinni hugmynda-kjölfestu. Að auki kljúfa ýmis viðfangsefni nýrra tíma stjórnmalaflokkana; líka þá sem eru nýir af nálinni.

Trúlega eru þetta ástæður fyrir því að menn fælast það höfuðhlutverk stjórnmalaflokka að hafa forystu. Þá er þægilegt að láta skoðanakannanir ráða för frá einu máli til annars eða vísa málum í þjóðaratkvæði. Önnur afleiðing er stofnun margra eins máls flokka. Allt virðist þetta draga úr pólitískri ábyrgð.

### Hvað svo?

Stóra spurningin er hvort flokkakerfið er í aðlögun eða upplausn. Þrátt fyrir stóraukið framboð er ekki líklegt að flokkum fjölgi á Alþingi frá því sem verið hefur um nokkuð langa hríð. En mynstur flokkanna er að breytast.

Framsóknarflokkurinn, sem sannarlega er eldflaug þessara kosninga, er á hraðri leið með að slíta ræturnar við upphaf sitt. Að því leyti má segja að hann lagi sig að nýjum aðstæðum hraðar en áður. Hitt er svo annað mál

hvaða lausn felst í stórum eins máls flokkum. Reynslan á eftir að skera úr um það.

Samfylkingin er gott dæmi um hvernig nýr flokkur glímur við sama vanda og eldri flokkarnir þegar kemur að því að móta heildstæðan málefnagrundvöll. Á liðnu kjörtímabili hefur hún átt í erfiðleikum með að sameina þröngsýna stefnu í efnahagsmálum við frjálslynd viðhorf í Evrópumálum. Sjálfstæðisflokkurinn er í svipuðum vanda með öfugum formerkjum. Áður var forystan í

utanríkismálum sterkasta límið í Sjálfstæðisflokknum. Það er liðin tíð.

Þessar kosningar sýnast ekki ætla að marka einhver þáttaskil í þróun flokkakerfisins. Eigi að síður eru þær merki um umbrot og breytingar. En ger fimmtán framboða í eins máls kosningabaráttu hefur ekki vakið vonir um skýrari framtíðarsýn eða gefið þá tilfinningu að fastara land sé nú undir fótum. Væri kannski betra að sjá þróun í hina áttina, til færri flokka og fleiri mála?





**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**POLO**  
RALPH LAUREN

**ARMANI**  
COLLEZIONI

**eterna**

**VAN KOLLEM**  
MADISON PARK + NY

**gardeur**

**HUGO**  
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**


*Stenströms*

**BELLINI**  
collezione

**LLOYD**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



**Herra,**  
*lagerinn*  
outlet  
*líka fyrir konur*

**Troðfull**  
verslun af  
merkjavöru!

**50-** afsláttur  
**70%**  
af öllum vörum

Barnafatnaður frá

**ENGLABÖRNIN**

Falleg fót á stelpur og stráka...



**Skodun** [visir.is](http://visir.is)

542

MÍÐVIKUDAGUR 24. APRÍL

**Játningar kjósanda**

Sif Sigmarsdóttir

499

MÍÐVIKUDAGUR 24. APRÍL

**Hvað með okkur unga fólkíð?**

Sandra Marín Gunnarsdóttir, nemi

312

FRÍÐJUDAGUR 23. APRÍL

**Nýting skógarfugla**

Gylfi Magnússon, fyrrv. viðskiptaráðherra

274

MÁNUÐAGUR 22. APRÍL

**Frasa eða framkvæmdir?**

Ásgeir Böðvarsson, Eyjólfur Þorkelsson og Jón Pálmi Óskarsson

252

FÖSTUDAGUR 26. APRÍL

**Það skiptir máli hverjir stjórna**

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra

245

MÁNUÐAGUR 22. APRÍL

**Líf útlendinga**

Charlotte Böving

244

FÖSTUDAGUR 26. APRÍL

**Til þjóðar sem á betra skilið**

Sólvi Björn Sigurðsson

244

MÍÐVIKUDAGUR 24. APRÍL

**Týnum okkur í sérgæskunni**

Friðrika Benónýsdóttir

229

FÖSTUDAGUR 26. APRÍL

**Hver eru heimili landsins?**

Valur Þráinsson, hagfræðingur

# Tvöfaldi ávinningurinn: ESB-aðild og nýtt Atlantshafsbandalag

Nú stendur fyrir dyrum myndun sameiginlegs svæðis viðskipta- og efnahagstengsla Bandaríkjanna og aðildarríkja Evrópusambandsins. Á næsta misseri gæti ráðist hvort Íslandi nýttist síðtekið tækifæri að gerast aðili að Evrópusambandinu og þar með þessari nýju samningsgerð, sem ætlunin er að ljúka á næsta ári. Þetta tvöfalda sögulega tækifæri myndi öðru framar tryggja sjálfstæði Íslands um að ná föstum tókum á hagsælli efnahagsstjórn og styrkja samstarf við vana- og bandalagsþjóðir um öryggi á norðurslóðum.

Þann 13. febrúar sl. birtu þeir Barack Obama Bandaríkjaforseti, Herman Van Rompuy og José Manuel Barroso, forsetar ráðherraráðs og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sameiginlega yfirlýsingu. Tekið var fram að farið skyldi eftir niðurstöðum sameiginlegrar nefndar aðilanna (US/EU High Level Working Group) sem hóf störf 2011 að nýjum samningi Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Stofna skal Atlantshafsbandalag um viðskipti og fjárfestingar (Transatlantic Trade and Investment Partnership – TTIP) sem ætlað er að ná lengra en hinu hefðbundna viðskiptasamstarfi að fella niður tolla og opna markaði fyrir fjárfestingum, þjónustustarfsemi og opinberum útboðum. Sérstök áhersla skal lögð á samræmingu staðla og tæknivaða. Athuganir hefðu sýnt að reglugerðaleg mismunur fæli í sér aukna kostnaðar-

**VIÐSKIPTI**



Einar Benediktsson  
fv. sendiherra

byrði sem næmi jafngildi 10% tolls, í sumum tilvikum 20%, þegar sjálfur tollurinn væri yfirleitt um 4%.

**Burðarás**

Viðskipti Bandaríkjanna og Evrópusambandsins eru burðarás hagkerfis heimsins. Samanlögð verg þjóðarframleiðsla aðilanna er nær helmingur (47%) af framleiðslu heimsins og viðskiptin, sem daglega nema \$ 2 milljörðum, eru þriðjungur heimsviðskiptanna. Umrætt vöruviðskiptafrelsi mun stuðla að aukningu framleiðslu og viðskipta og þá er ætlunin að opna markaði í þjónustustarfsemi, svo sem á sviði flutninga. Hvort og hvernig það kann að snerta flugsamgöngur verður ekki séð af fyrirliggjandi almennum upplýsingum. Þá er t.d. tekið fram, að ætlunin sé að ná viðtæku samkomulagi um heilbrigðisreglur varðandi matvæli. Einnig á því sviði kann það að vera íslenskum útflytjendum hagsmunamál að koma okkar sjónarmiðum á framfæri ef síkar reglur, eða framkvæmd þeirra, eru íþyngjandi og þar af leiðandi til kostnaðarauka.

Markmið þessara samninga viðskiptarisanna tveggja er að skapa einn samofinn („integrated“) markað í vöruviðskiptum hverskyns, en reglugerðasamvinnan er þar mjög mikilvæg. Mest af þeim ávinningi sem nú er hægt að ná kæmi frá lækkun kostnaðar vegna óþarfa skriffinnsku og reglugargani. Það segir sig sjálft að þátttaka í

þessu nýja Atlantshafsbandalagi viðskipta og efnahagstengsla er Íslandi öðru fremur brýnt þjóðarhagsmunamál. Útflutningur til Evrópusambandsins og Bandaríkjanna samanlagt var 86% heildarinnar 2011. Útflutningur sjávarafurða og framleiðsla orkufreks iðnaðar hvílir á þeim markaðslöndum, sem reyndar á fyllilega við um hugbúnað, afþreyingu og tónlist, að ekki sé minnst á ferðaiðnaðinn og hinn mikla flugrekstur sem orðinn er. Engir framtíðarhagsmunir jafnast á við þá sem hér eru í húfi og mætti þá fyrst nefna erlendar fjárfestingar. Samfara ESB-aðild yrði náð afnámi fjármagnshafta og upptöku evru, sem eru frumskilyrði þess að rjúfa einangrun og stöðnun samfara fólksflótta.

**Sjálfsögð krafa**

Nú verður ekki hjá því komist, að svar fáist við þeirri spurningu hvort aðild að ESB við ásatnanleg kjör standi Íslandi til boða. Það leyfi ég mér að vona enda hafi Evrópusamvinnan miðað að því að tryggja ólíkan hag hvers og svo sem verða má innan ramma góðrar, ábyrgar hagstjórnar. Þar sviku Grikkir og Kýpurbúar en ekki Finnar og Eistlendingar, sem nú uppskera góðan árangur.

Því er það sjálfsögð krafa að samningunum um aðild verði hraðað svo sem föng eru á að afstaðri alþingiskosningunum 27. apríl. Á þeim tíma sem það kann að taka eiga Íslendingar kröfu réttlætis í að nálgast samningana um Atlantshafsbandalag um viðskipti og fjárfestingar. Reyndar hefur framkvæmdastjórn ESB þegar sýnt Íslendingum þá sam-

→ Það er lýðveldinu Íslandi til lítills sóma að þegnarnir kvarti nú undan þróun á sviði landsmála sem jaðri við upplausn.

stöðu að þeir fylgist með samningunum. Ísland er þá þegar að verulegu leyti aðili að Evrópusambandinu með EES-samningi og innleiðingu stórs hluta laga-gjörnina aðildarríkja. Eftir er aðeins síðasta skrefið til fullrar þátttöku.

Aðildarríki Evrópusambandsins, í og utan NATO, láta sig í vaxandi mæli varða öryggi á norðurslóðum. Sérstaklega ber að fagna því að lofther Svía og Finna hefur nú þátttöku í loftrýmisgæslu NATO-ríkja við Ísland. Evrópuþjóðir munu í vaxandi mæli sinna eigin öryggis- og varnarmálum, svo sem Bandaríkin draga sig í hlé frá stöðu kalda stríðsins. Það er öryggisatriði fyrir Ísland að vera innan sameiginlegra landamæra Evrópusambandsins.

Það er lýðveldinu Íslandi til lítills sóma að þegnarnir kvarti nú undan þróun á sviði landsmála sem jaðri við upplausn. Enginn dregur í efa þá erfiðleika sem við var að etja eftir bankahrunið 2008. Ekki skal gert lítið úr þeim mikla árangri að ná tókum á ríkisfjármálum, samvinnu við vinnuarkaðinn sem stuðlar að efnahagslegum stöðugleika og atvinnustigi sem vekur eftirtekt. Á þeim grunni þarf að hefja nýja för með aðgætni að öllum tiltækum ráðum sé skjótlega beitt við vanda þeirra sem mestur er.

# Koma svo jafnaðarmenn!



Látum atkvæði okkar hafa áhrif

Kjósum Samfylkinguna

Velkomin í vöflukaffi í Þróttaraheimilinu í Laugardal í dag

Velkomin á kosningavökuna í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, frá kl. 21 í kvöld



Samfylkingin í Reykjavík

# Verðlækkun, ójá

## Nýr iMac

„Draumur í námi og leik“

**21,5" verð frá 239.900**

áður frá 259.900

**27" verð frá 339.900**

áður frá 359.900



## iPhone 5

**Verð frá 114.990**

áður frá 124.900



1000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði hjá NOVA fylgir.

Engar prósentir vaxta á gjöldum og engin ábyrgðing.



## MacBook Pro

**verð frá 194.900**

áður frá 219.900



## MacBook Air

**verð frá 169.900**

áður frá 174.900



## Apple TV

**verð 21.900**

áður frá 22.900

Full búð af  
alls konar  
aukahlutum  
á góðu verði.

istore.is



566 8000

Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og faglega þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfihömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.

# Fæðuöryggi inn í kjörklefann

Undanfarið hefur hrina af uppljóstrunum í matvæla-íðnaðinum gengið yfir. Ýmist er rangt kjöt í matvælnum eða þá hefur kjötið hreinlega vantað með öllu.

Pólítísk réttthugsun, sem felur í sér hugmyndafræði um eftirlit með iðnaði, hefur gjarnan verið lítillækkuð og stimpluð sem „forsjárhyggja“. Kannski er það ástæða þess að framleiðendur hika ekki við að ganga jafn langt og raun ber vitni.

Matvælaframleiðsla í Evrópu er orðin að stóriðju og með stóriðjuháttum fylgja ýmis vandkvæði. Því fleiri sem koma að framleiðslunni því minna eftirlit er með afurðinni. Því fleiri framleiðendur því minni

## STJÓRN MÁL



Svala Georgsdóttir fulltrúi Samtaka lífrænna neytenda á Íslandi

ábyrgð. Kalla þurfti inn 50.000 tonn af mögulegu hrossakjöti sem búið var að dreifa á 370 fyrirtæki í mismunandi löndum. En það er margt fleira varhugavert í unnum matvælum, eins og bragð- og útfyllingarefni. Til dæmis sterkjusiróp eða „high fructose corn syrup“ sem er framleitt úr ódýrum erfðabreyttum maís. Glútam (e-621) og sætuefnin Aspartam og Acesúlfam hafa einnig verið umdeild

en þau eru mjög ódýr aukafni sem framleiðendur hagnast töluvert á að nota í stað sykurs, sem er dýr! Fyrirtæki geta þannig leyft sér að auglýsa sykurlausu vörurnar sérstaklega því þær kosta neytendur jafn mikið. Það

getur því verið gott að venja sig á að skoða innihaldslýsingar á matvörum áður en þær fá að fara í vörukörfuna. Með því að hafna unnum matvælum geta neytendur haft áhrif á framboðið því framleiðendur starfa samkvæmt eftirspurn neytenda. Mátturinn til að hafa áhrif er því okkar!

## En hvaða vörum er hægt að treysta?

Lífrænt vottaðar afurðir gangast undir stöðugt eftirlit til að uppfylla lágmarkskröfur fyrir vottun. Þær lúta alþjóðlegum stöðlum og mikilvægt er að finna stimpilinn á vörnunni sem staðfestir að hún sé pottþétt 100% lífrænt vottuð.

Á Íslandi þurfa fyrirtæki að gangast undir strangt aðlögunarferli í samstarfi við vottunarstofuna Tún til að öðlast og viðhalda vottun. Þetta

er kostnaðarsamt ferli fyrir framleiðendur en þar sem eftirspurn er sífellt að aukast eftir heildarlegri og rekjanlegri framleiðslu er þetta skref sem sífellt fleiri vilja taka.

Það getur reynst neytendum erfið tilhugsun að færa sig yfir í lífrænt vottað fæði. Sjálf hef ég lært að sigta út heilnæmar vörur með því skoða innihaldslýsingar. Best hefur mér fundist að styðja við íslenska bændur og kaupa sem mest ferskt. Það sparaðist mikið þegar við hættum að kaupa unnin matvæli og fyrir vikið er ekki mikið dýrara að kaupa lífrænt vottaðar vörur í bland við aðrar.

Solla Eiríksdóttir hrafæðiseigja skrifaði eftirfarandi á fésbókarsíðu sinni í vikunni; „Ég auglýsi eftir stjórnmalaflokkum sem þorir að setja á stefnuskrá sína: Lífrænt Ísland.“

→ Fyrirtæki geta þannig leyft sér að auglýsa sykurlausu vörurnar sérstaklega því þær kosta neytendur jafn mikið.

Fæðuöryggi er ein af undirstöðum góðrar heilsu og þetta er málaflokkur sem skiptir okkur máli.

Borðum því heilnæmt fæði í sátt við umhverfið og vistkerfin okkar! Mengum minna, hleypum dýrunum út og stöðvum verksmiðjubúskap! Þetta er hægt að styðja með því að velja lífrænt vottaðar afurðir. Höfum náttúruvernd og fæðuöryggi með okkur inn í kjörklefann og kjósum grænan flokk sem styður lífræna ræktun!

## UMMÆLI VIKUNNAR 26.04.2013 → 13.04.2013

„Þetta er ekkert annað en tiltölulega augljós tilraun til að kaupa sér vinsældir.“

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor hefur gagnrýnt útgjöld ráðherra á síðustu vikum fyrir kosningar, bæði nú og fyrir fyrri kosningar.



„Það má spyrja sig hver er réttlátasta og skynsamlegasta leiðin til að ráðstafa þeim hagnaði. [...] hvaða leiðir gagnast öllum best.“

Katrín Jakobsdóttir ræddi um skuldamál heimilanna og þá peninga sem mögulega fást úr viðræðum við erlenda kröfuhafa. Hún vill að allir njóti, ekki bara þeir sem eiga eignir.

„Ég mun ekki leggja nafn mitt við þessar tillögur Framsóknar.“

Brynjar Nielsson, lögmaður og framboðandi Sjálfstæðisflokksins, ræddi um mögulegt stjórnarsamstarf með Framsóknarflokknum og gaf lítið fyrir tillögur í skuldamáli heimila.

# Hugsaðu áður en þú skrifar

Í Fréttablaðinu 4. mars 2013 birtist grein eftir Guðmund Andra Thorsson sem hann nefnir „Er íslenska útlenska?“ og fjallar um skoðanir hans á málnotkun og kennsluáferðum. Ekki kemur fram hvaðan Guðmundur hefur hugmyndir sínar um kennara og kennsluáferðir og er það í takt við annað í grein hans sem er rík af alhæfingum en fátæk af rökum.

Hér verður ekki meira um það svar sem birt er að fullu á visir.is heldur komið að því sem er kjarni þess: Þeirri kröfu að hver sem ætlar sér að fjalla um kennslu geri það á gagnrýninn hátt og forðist alhæfingar, örökstuddar fullyrðingar og skoðanir, fordóma og sleggju-

## MENNTUN



Einar Þór Karlsson bókmenntafræðingur og kennari

dóma. Því þó það séu skiptar skoðanir um hvað eigi að kenna og hvernig eigi að kenna – jafnvel frekar af því að það eru skiptar skoðanir, þarf að gæta þess að umræður um skólastarf séu á raunhæfum nótum. Og ég segi raunhæfum, ekki bara faglegum, því skólastarf varðar ekki bara kennara og þá sem eru menntaðir á því sviði. Skólastarfið snýst jú um nemendur og varðar allt samfélagið hvernig sem einstaklingar koma að því; sem nemendur, foreldrar, kennarar, stjórnmalamenn eða skattgreiðendur. Allir eiga rétt á sínum skoðunum en það er ekki rétt – eða öllu heldur er það óábyrgt, að setja fram illa ígrundaðar skoðanir. Háleit mark-

mið eru bara það ef það er engin raunhæf leið að ná þeim. Hvað hver og einn vill verður að fara saman með því sem vilji er til og mögulegt er að gera. Þegar kemur að skoðana-myndun og ekki síður þegar kemur að ákvarðanatöku um hvernig á að kenna og hvað á að kenna, þarf að hafa skýr markmið og það þarf að vera skýrt hvernig það á að vera mögulegt að ná þeim markmiðum.

Annað er eins og að segja að það eigi að afskrifa allar skuldir heimilanna, hækka launin hjá öllum og lækka vöruverð um helming. Hljómur vel, af hverju er ekki búið að gera það?

## visir.is

Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.

**Arni Arnason:** Arni hefur dýpri þekkingu en flestir aðrir á flóttaleiðum í byggingum og mikilvægi forvarna enda eru öryggis- og brunamál hans sérgrein. Svo er hann líka píanisti og gangandi uppflettirit um klassíska tónlist.

**Guðrún Jónsdóttir:** Guðrún er jafnvíg á hægri heilahvel og vinstra þegar kemur að hljóðbylgjum, því hún er ekki bara hljóðverkfæringur heldur spilar hún líka á fiðlu. Og svo er hún ein af örfáum konum í heiminum sem eiga tvenna eineggja tvíbura.

## Við erum fertug!

EFLA verkfræðistofa hefur það að markmiði að skapa lausnir sem stuðla að framförum og efla samfélagið. Starfsfólkið býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á öllu milli himins og jarðar enda dýrmætasta auðlindin. Það eru hæfileikar þess sem gera fjölbreytileg verkefni um allan heim að veruleika á degi hverjum.



# Skólafélagsráðgjöf

Undirrituð starfar sem félagsráðgjafi í grunnskóla í Reykjavík. Í dag eru um það bil fimmtán félagsráðgjafar starfandi í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. En hvað gerir félagsráðgjafi í grunnskóla?

## SAMFÉLAG



Sigríður Sigurðardóttir  
skólafélagsráðgjafi

Starfið er fjölbreytt, ekki síst vegna „skóla án aðgreiningar“ sem er opinber stefna á Íslandi. Í skóla án aðgreiningar stunda öll börn nám, mörg hver með greiningar vegna ýmiss konar vanda. Þar má nefna börn með ADD og ADHD, börn á einhverfurófinu, sum með dæmigerða einhverfu, börn með hegðunarvanda, sum greind með mótþróaþrjóscuröskun, börn með margvísleg námsvandamál, börn í tilfinningavanda t.d. vegna skilnaðar foreldra eða ástvinamissis, börn sem búa við bágbornar félagslegar aðstæður, jafnvel vanrækslu eða ofbeldi, börn sem eru nýflutt til landsins og eru að læra íslensku og svo mætti lengi telja. Mörg barnanna glíma við brotna sjálfsmynd og afar lágt sjálfsmat og þurfa á faglegru aðstoð að halda. Enn fremur má búast við að á hverju ári komi upp eineltismál sem áriðandi er að tekið sé á með faglegrum hætti.

## Stuðningur innan skóla

Í grunnskólalögunum nr. 91 frá 2008 er tekið fram í 13. gr. „að nemendur eigi rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af til þess bærnum sérfræðingum“. Ekki er minnst á að þau skuli njóta félagsráðgjafar. Er það þó álit

margra reyndra skólamanna að félagsráðgjöf sé það sem þurfi ekki síður eða jafnvel enn frekar að vera til staðar í skólum, ekki síst í skóla án aðgreiningar eins og áður er minnst á þar sem allir nemendur eiga að njóta náms við sitt hæfi.

Í 40. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu í grunnskólum segir m.a. „sveitarfélög skuli tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.“ Í athugasemd með þessari grein í frumvarpinu segir m.a.: „Hér er ekki síst átt við að nemendur fái stuðning, ráðgjöf og hjálfun innan grunnskóla en þurfi ekki að sækja slíkt út fyrir veggja skólans, nema nauðsyn beri til.“

## Vel í stakk búnir

Að mínu mati og margra annarra eru félagsráðgjafar mjög vel í stakk búnir til að takast á við hin margbreytilegu verkefni sem í skólustarfinu felast. Hin margvíslegu félagslegu og tilfinningalegu vandamál sem nemendur glíma við hafa djúpstæð áhrif á þá og setja þeim skorður í náminu. Að grípa inn í vanda snemma getur haft fyrirbyggjandi áhrif, forðað barni frá djúpstæðari vanda síðar meir á

→ Að grípa inn í vanda snemma getur haft fyrirbyggjandi áhrif, forðað barni frá djúpstæðari vanda síðar meir á ævinni sem í einhverjum tilfellum gæti jafnvel orðið kostnaðarsamari fyrir samfélagið.

ævinni sem í einhverjum tilfellum gæti jafnvel orðið kostnaðarsamari fyrir samfélagið. Menntun félagsráðgjafa undirbýr þá m.a. til að vera verkstjórar (case managers) í málum sem margir aðilar koma að, þar sem samhæfa þarf aðgerðir og mikilvægt er að hafa alla þræði á einni hendi. Enn fremur eru þeir vel undirbúnir til að eiga stuðningsviðtöl við fólk, bæði börn og fullorðna við margvíslegar aðstæður, oft jafnvel í mikilli örvæntingu, ójafnvægi og hjálpar þurfi. Markmið félagsráðgjafa í starfi eru ætíð að hjálpa fólk til sjálfshjálpar, hjálpa því að finna og nýta sér sínar eigin bjargar. Til þess nota þeir virka hlustun og lausnamiðaða nálgun. Þeir eru vel að sér í þeim stuðningsúræðum sem samfélagið býður upp á og vinna að jafnaði út frá heildarsýn í hverju máli.

Náms- og starfsráðgjafar og aðrir sérfræðingar vinna frábært starf í skólum landsins en þeirra vinna og starfs svið er allt annað en félagsráðgjafa. Að mínu mati myndi það tryggja best hag nemenda að í hverjum grunn- og framhaldsskóla væru starfandi félagsráðgjafar og náms- og starfsráðgjafar hlið við hlið.

# Að skjóta sig í fótinn

Að skjóta sig í fótinn er orðatiltæki sem stundum er notað yfir það er menn eru með orðum sínum og athöfnum að skaða sjálfan sig meira en ef þeir hefðu gert hið gagnstæða. Mér hefur stundum dottið þetta orðatiltæki í hug þegar Evrópusambandsaðild Íslands ber á góma og ég sé að andstaða við aðild Íslands er hvað mest á landsbyggðinni því allt bendir til þess að þeir sem hvað mest myndu græða á ESB-aðild eru einmitt hinar dreifðu byggðir landsins.

Byggðaröskun er ekki séríslenskt fyrirbæri. Um alla Evrópu á sama þróun sér stað. Ástæður þessa liggja í breyttum atvinnuháttum og vélvæðingu þar sem minni mannafla er krafist þó að framleiðsla aukist verulega. Þetta á við um landbúnað, fiskveiðar og fiskvinnslu. En þessi snögga röskun hefur í för með sér ýmsar efnahagslegar afleiðingar sem eru óhagkvæmar samfélaginu í heild.

Þegar Efnahagsbandalag Evrópu varð til (síðar ESB) var strax reynt að taka á þessu vandamáli byggðaröskunar með því að hjálpa byggðum sem voru að verða illa úti vegna hennar að breyta atvinnuháttum og auka endurmenntun sem því fylgdi. Til þessa var komið á fót öflugum þróunarsjóðum sem styrkja atvinnuþróun í hinum dreifðari byggðum aðildarlandanna. Þessir sjóðir eru fjölmargir en hér skulu aðeins nefndir tveir þeir helstu. 1. Byggðasjóður Evrópu (ERDF – European Regional Development Fund). Hann styrkir nýsköpun í atvinnulífi og innviði (s.s. samgöngukerfi) í strjálly byggðum og náttúruvernd. 2. Félagsmálasjóður Evrópu (ESF – European Social Fund) með styrkjum til endurmenntunar

## EVROPUMÁL



Kristján E. Guðmundsson  
félagsfræðingur og framhaldsskólakennari

→ Byggðaröskun er ekki séríslenskt fyrirbæri.

auk aðstoðar vegna atvinnuleysis t.d. ákveðinna félagsþópa, s.s. kvenna, ungs fólks o.s.frv.

## Meira fé til byggðamála

Auk þess hafa mörg aðildarríki fengið inn í aðildarsamning sinn sérstakan stuðning við svæði sem búa við erfið náttúruleg skil-

yrði vegna landfræðilegrar legu og strjálbýlis. Þannig fengu Svíar og Norðmenn það inn í aðildarsamning sinn að allur landbúnaður norðan 62. breiddar gráðu væri skilgreindur sem „heimskautalandbúnaður“ (arctic agriculture) og þeim heimilað að styrkja hann langt umfram styrki ESB. Undir þetta fellur allt Finnland og stærstur hluti Svíþjóðar.

Ísland liggur allt norðan 62. breiddargráðu og ætti því ekki að vera erfitt að fá sömu ákvæði inn í íslenskan aðildarsamning. Einnig fengu Bretar inn í sinn samning sérstakan stuðning við strjálbýlli svæði (Less Favoured Area Support Scheme, LFASS). Spánverjar fengu inn í sinn samning sérstakan stuðning við eyjar þeirra í Atlantshafi. Allt á þetta við um Ísland. Hvergi er meira strjálbýli en hér og samgöngukerfi frumstætt og erfitt. Það eru því töluverðar líkur til þess að verulega meira fé verði varið til byggðamála á Íslandi en nú er gert ef Ísland gerist aðili að ESB. En það vitum við auðvitað ekki fyrr en samningur liggur fyrir. Væri nú ekki skynsamlegt fyrir þá er bera hag landsbyggðarinnar fyrir brjósti að skoða hann en byrja ekki á því að skjóta sig í fótinn.



Andrea Ólafsdóttir  
1. sæti Suðurlkjördæmi



Gísli Tryggvason  
1. sæti Norðausturlkjördæmi



Ólöf Guðný Valdimarsdóttir  
1. sæti Reykjavík norður

Dögun eru stjórnmalasamtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði



## Við erum Dögun - við þorum



G. Dadda Ásmundardóttir  
1. sæti Norðvesturlkjördæmi



Margrét Tryggvadóttir  
1. sæti Suðvesturlkjördæmi



Þórður Björn Sigurðsson  
1. sæti Reykjavík suður

Saman getum við betur



# HELGIN

**Hjörvar Hafliðason**  
dagskrágerðamaður

## Túlkar nýjustu tölur

„Eins og alltaf þegar það eru kosningar þá sit ég heima hjá vinum mínum og þykist vera Ólafur P. Harðarson og túlka nýjustu tölur. Ég hef gert það síðan ég var 7 ára og er hvergi nærri hættur. En einnig geri ég ráð fyrir því að skella mér á Kópavogshöfn og reyna að veiða eitthvað í matinn. Ekki veitir af svona á síðustu dögum mánaðarins.“



**Aldís Snorraddóttir**  
hjá Gallerí Poku

## Kýs og málar

„Ég er að vinna í dag en ætla að reyna að hitta vinkonu mína sem er að koma frá útlöndum í kvöld. Ásamt því auðvitað að kjósa. Á sunnudaginn ætla ég að hjálpa mömmu minni að mála nýju íbúðina sína.“

**Atli Bollason**  
athafnarmaður

## Leggst undir feld

„Ég ætla að kíkja á vínlymarkaðinn hans Dr. Gunna í Kolaportinu í dag. Á morgun leggst ég undir feld og ákveð ýmist að flýja land eða hanga hérna áfram svona eftir því hvernig kosningarnar fara.“

**Steinunn Þórhallsdóttir**  
hjá Listahátíð

## Á Klambratún

Í dag ætla ég með krakkana niður á Klambratún og skoða nýja útlitaverkið/leiktækið eftir Guðjón Ketilsson. Svo finnst mér við hæfi að fara í kápu og kjósa og fá sér svo kaffi og köku og Borginni eða eitthvað svoítið hátíðlegt.



**Víkingur Heiðar spilar**

## Flygill Hannesarholts vígður

**Tónlist** Víkingur Heiðar leikur á vígslutónleikum nýs flygils í tónleikasal Hannesarholts á Grundarstíg á morgun klukkan tvö. Tónleikarnir verða endurteknir á sunnudaginn klukkan fimm og á þriðjudaginn 30. apríl klukkan átta. Flygillinn er af gerðinni Steinway and Sons og Víkingur Heiðar valdi hann í Þýskalandi nú á vordögum. Víkingur Heiðar mun leika verk frá ólíkum tímabilum tónlistarsögunnar til að sýna eiginleika hljóðfærissins í sem litríkustu ljósi, spjalla um flygillinn og um tónlistina.

Við sama tækifæri verður greint frá nafni nýja salarins í Hannesarholti, sem er sérstaklega hannaður með tónlistarflutning í huga.



**Barnamenningshátíð**

## Viðburðir um allan bæ

**Fjölskyldan** Margvíslegir viðburðir verða í tengslum við Barnamenningshátíð nú um helgina. Hátíðin rúmar allar listgreinar og er byggð upp á fjölbreyttum viðburðum sem börn, og fullorðnir í fylgd með börnum, geta sótt sér að kostnaðarlausu. Meðal viðburða má nefna dans-æði fyrir börn á Dansverkstæðinu Skúlagötu, fönðursmiðju í Sjömannasafninu Víkinni, hjólaeidsögn um ratleikinn Styttur bæjarins og lokahátíðina í Laugardalslaug.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni barnamenningshátid.is.



**Hátíð í Hörpu**

## CCP Fanfest nær hámarki

**Tónlist** Retro Stefson, DJ Margeir, Skálmöld og fleiri koma fram á lokakvöldi Fanfest-hátíðar CCP í kvöld. Lokahátíð, tónleikarnir Party at Top of the World, fara fram í kvöld og engu er til sparað í hljóði, ljósum og annarri umgjörð. Í fyrra komumst færri að en vildu í lokahátíð sem hefist klukkan átta í kvöld.

# Kýs í fyrsta sinn í dag

Alma Ágústsdóttir kýs í dag í fyrsta sinn enda varð hún átján ára í gær. Hún hefur tekið sér góðan tíma til þess að velja hvað hún ætlar að kjósa og meðal annars heimsótt kosningaskrifstofur flestra flokka.

**Sigríður Björg Tómasdóttir**  
sigridur@frettabladid.is

„Ég er alin upp í kringum pólitík og hef mikinn áhuga á stjórnmálum. Ég hef samt hálfkviðið því að kjósa því ég vil ekki þurfa að sjá eftir því hvaða flokk ég vel. Svona til þess að reyna að forðast það hef ég tekið mér mikinn tíma í að kynna mér málefni stjórnmálaflokkanna og er búin að fara á nokkrar kosningaskrifstofur til að kynna mér flokkanna og hvað þeir standa fyrir. Svo hef ég líka lesið síðurnar þeirra á netinu. Mig langar til að taka upplýsta afstöðu,“ segir Alma Ágústsdóttir menntaskólanemi, sem í dag kýs í fyrsta sinn.

## Liggur yfir stefnumálum

Alma, sem átti átján ára afmæli í gær er dóttir Kolbrúnar Halldórsdóttur, fyrrverandi umhverfisráðherra, og Ágúst Pétursonar. „Ég hef ákveðið að taka ekki öllu því sem foreldrar mínir hafa sagt sem heilögum sannleika, því hef ég legið yfir þessu sjálf. En það er samt gott að geta spurt mömmu út í ýmis mál efni þegar ég er að kynna mér stefnu flokkanna. Ég er mikið að pæla í umhverfis- og menntamálum og hef því sérstaklega skoðað afstöðu flokkaanna í þeim málum.“

Alma segir vini sína misáhugasama um stjórnmál og kosningar. „Þeir vinir mínir sem eiga afmæli síðar á árinu og geta því ekki kosið eru ekki spenntir. Þó taka flestir þeirra

„Ég hef ákveðið að taka ekki öllu því sem foreldrar mínir hafa sagt sem heilögum sannleika, því hef ég legið yfir þessu sjálf.“

sem eru með kosningarétt sér nægan tíma til að gera upp hug sinn og eru að velja möguleikunum fyrir sér.“

## Ekki mikið afmælisbarn

Sjálf átti Alma afmæli í gær, varð átján ára og slapp því rétt inn á kjörskrá. Skóli og kóræfing voru á dagskrá á afmælisdaginn og vinkonunum var boðið í sushi á sumardaginn fyrsta. Alma segist samt ekki vera neitt sérlega mikið afmælisbarn. „Ég er ekkert sérstaklega mikið fyrir það að eiga afmæli. Ég væri alveg til í að vera áfram sautján. Átján ára afmælinu fylgja alls konar fullorðinslegar skyldur og ég þarf líka að borga fullt gjald alls staðar núna,“ segir Alma, sem er nemi í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hún er líka í tveimur kórum, kór MH og Stúlkakór Reykjavíkur og leggur stund á söngnám. Hún segir leiklistina þó frekar heilla sem framtíðarstarf en sönginn.

En aftur að kosningunum. Eftir allan undirbúninginn, ertu búin að ákveða hvað þú ætlar að kjósa? „Nei ég er ekki búin að því en ætla að sjálfsgöðu að mæta á kjörstað og kjósa, mér finnst það vera skylda. Ætli ég ákveði mig ekki bara í kjörklefanum,“ segir Alma að lokum.



**HVERJIR EIGA AÐ RÁÐA?** Alma Ágústsdóttir veltir fyrir sér hverjir eigi erindi á þing.  
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Skemmtilegt að taka virkan þátt í baráttunni

Það verður stuð og stemming á kosningavöku Stöðvar tvö segir fréttakonan Lóa Pind Aldísardóttir.

„Þetta leggst ljómandi vel í mig,“ segir fréttakonan Lóa Pind Aldísardóttir um kosningavöku Stöðvar 2, Kosningapartí, sem hefst í opinni dagskrá kl. 21 í kvöld.

„Ég held að þetta verði öðruvísi kosningasjónvarp. Við erum ekki að fara að keppa við Rúv,“ segir hún. „Kosningadagur er hátíðisdagur hjá þjóðinni og kosningakvöldin eru alltaf stuð og stemning. Við ætlum að reyna að endurspegla það í þessum þætti. Þegar fólk er búin að fá sinn skammt af tölum frá Rúv getur það farið yfir til okkar og fengið

smá sprell, enda er uppleggið „kosningapartí“.

Aðspurð segir Lóa Pind undanfarnar vikur í kosningasjónvarpinu á Stöð 2 hafa verið gríðarlega skemmtilegar en einnig mjög erfíðar. „Þetta er gríðarlegt álag en það er mjög skemmtilegt að fá að taka virkan þátt í þessari baráttu.“

Fréttakonan knáa segist ekki vera búin að ákveða hvað hún ætlar að kjósa. „Ég ákvað að ákveða mig ekki fyrir en í kjörklefanum. Mér fannst ég ekki geta tekið ákvörðun á meðan ég er að taka þátt í þessu öllu saman.“



**LÓA PIND**  
Fréttakonan hefur haft í nógu að snúast undanfarnar vikur.

# KJÓSUM BETRI GRILL



**NÝTT Á ÍSLANDI!**

**BUGG** Beef Eater

**BUGG GASGRILL  
MEÐ UNDIRVAGNI**  
3000221, 2 sjálfstæðir brennarar  
Quartz Start brennari. An undirvagns.  
VERÐ ÁÐUR 79.480 KR.

**69.900 KR.**

**TILBOÐ  
Á GRILLUM  
AÐEINS UM  
HELGINA!**



**SUNSET TASMAN 200**  
3000391  
Hlíf yfir brennara. Piezo kveikjari

**14.900 KR.**

LEGSTA  
LÁGA  
VERÐ



**BUGG SVART AN UNDIRVAGNS:**  
2 sjálfstæðir brennarar. Quartz  
Start brennari. An undirvagns.  
VERÐ ÁÐUR 55.900 KR.

**49.900 KR.**



**BEEFEATER GRILL**  
3000365, 3 brennarar úr pottjám.  
Postuln húðað lok.  
VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.

**69.900 KR.**



**BEEFEATER GRILL**  
3000386, 4 brennarar úr pottjám.  
Postuln húðað lok.  
VERÐ ÁÐUR 149.900 KR.

**135.900 KR.**



**BEEFEATER GRILL**  
3000387, 4 brennarar úr pottjám.  
Stál gasgrill.  
VERÐ ÁÐUR 264.900 KR.

**225.900 KR.**



**WEBER SPIRIT E310 PREMIUM**  
3000267, 3 ryðfrír brennarar.  
Fálkveikja. Álvara grill.  
VERÐ ÁÐUR 136.700 KR.

**128.900 KR.**



**WEBER Q220**  
3000268, Ryðfrír brennarar.  
Fálkveikjari. Innifallanleg hlíðarborð.  
VERÐ ÁÐUR 62.900 KR.

**59.900 KR.**



**SUNSET SOLO 3**  
3000393  
3 ryðfrír brennarar. Hitamælir.

**33.900 KR.**



**OUTBACK OMEGA 200**  
2 brennarar. Tvö hlíðarborð

**22.900 KR.**



**OUTBACK DRIFTER 3**  
3000213, 3 ryðfrír brennarar.  
Hitamælir og rafstart.

**55.900 KR.**

DYNAMO REYKJAVÍK



**ORKIDEA  
1.499**



**SÝPRIS  
999**



**ÁVAXTATRÉ AÐEINS  
4.990**  
EPLA, PERU, PLÓMU  
OG KIRSUBERJATRÉ.  
EINNIG MIKIÐ ÚRVAL AF  
BERJARUNNUM OG ÖÐRUM  
ÁVAXTATRJÁM



**RÓSIR  
999  
7 STK**



**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956**

ELDHÚS OG BARSTÓLAR

ANDREW  
BORÐSTOFUSTÓLL

17.990

FULLT VERÐ: 19.990

Svart,  
hvítt og  
brúnt  
leður.



DALLAS  
BARSTÓLL

19.990

FULLT VERÐ: 23.990

Svart og hvítt  
leður á króm-  
fæti.



DUMBLING  
BARSTÓLL

13.990

FULLT VERÐ: 15.990

Svart, hvítt og  
rautt leður á  
krómfæti.



MATHILDE  
BARSTÓLL

24.990

FULLT VERÐ: 27.990

Svart leður á  
krómfæti.



HÖLLIN – ALLTAF EITTHVAÐ

FRÁ



AÐEINS  
21.039  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

DC 3600  
2JA SÆTA SÓFI

239.990

FULLT VERÐ: 259.990

AÐEINS  
26.215  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

DC 3600  
3JA SÆTA SÓFI

299.990

FULLT VERÐ: 329.990

AÐEINS  
21.902  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

OPINEL  
TUNGUSÓFI

249.990

FULLT VERÐ: 299.990



Stærð: 305x163 H: 78 cm. Slitsterkt antracit áklæði.

AÐEINS  
19.320  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

LUGO  
TUNGUSÓFI

219.990

FULLT VERÐ: 239.990



Fæst bæði hægri og vinstri. Stærð: 301x154 H: 82 cm. Slitsterkt grátt áklæði.

AÐEINS  
30.530  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

STING  
TUNGU- HORNSÓFI

349.990

FULLT VERÐ: 499.990



Fæst með vinstri og hægri tungu.  
Stærð: 313x245 D: 155 H:83 cm. Litur: Svart. Leður á slitflötum



# NÝTT OG SPENNANDI!

BÆR HELGARTILBOÐ – OPIÐ ALLA HELGINA



Stærð: 3JA SÆTA 202X80 H: 80 cm.  
Stærð: 2JA SÆTA 143X80 H: 80 cm.  
Litur: Koniaksbrúnt  
Leður á slitflötum.

AÐEINS  
27.940  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaus lán  
3,5% lántökugj.

DC 4200  
3JA SÆTA SÓFI

319.990

FULLT VERÐ: 349.990



Stærð: 3JA 212x80 H:80 cm. Svart leður á slitflötum  
Einnig fáanlegur 2ja sæta. Stærð 252x80 H:80 cm.  
Fullt verð á DC 4200 2ja sæta 279.990 NÚ KR. 259.990 kr.

AÐEINS  
10.690  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaus lán  
3,5% lántökugj.

CLEVELAND  
TUNGUSÓFI

119.990

FULLT VERÐ: 139.990



Fæst bæði með hægri og vinstri tungu.  
Stærð: 231x140 H: 81 cm. Slitsterkt dokkgrátt áklæði.

AÐEINS  
15.865  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaus lán  
3,5% lántökugj.

MELBOURNE  
SVEFN-/TUNGUSÓFI

179.990

FULLT VERÐ: 189.990



Vinstri og hægri tunga. Stærð: 243x170 H:70 cm  
Slitsterkt áklæði. Litir: Svargrár, grænn og rauður

FÁÐU ÞÉR GOTT SÆTI!



GOHST  
HÆGINDASTÓLL

119.990

FULLT VERÐ: 139.990

Grátt,  
blátt,  
turkis og  
fjólublátt  
áklæði

HAVANA  
HÆGINDASTÓLL

69.990

FULLT VERÐ: 79.990

Orange, hvítt eða  
grátt áklæði.  
Einnig til í leðri.



GYRO  
HÆGINDASTÓLL

149.990

FULLT VERÐ: 169.990

Hvítt, rautt  
eða svart leður



LÍF OG FJÖR Á  
husgagnahollin.is  
og með vinum okkar á

facebook



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

0% VEXTIR - Húsagagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða



→ „Snorri hefur sérstakan klæðaburð og er oft litskrúðugur en sjatterar vel og er mjög flottur. En hann leggur ekki mikinn pening í fatnað heldur kaupir föt í kílóavís í Rauðakrossbúðinni eða hjá Hjálpræðishernum. Bræður hans eru í dýru merkjunum en þeir þurfa að vinna fyrir þeim. Þetta er útsjónarsemi sem leikarar verða náttúrulega að hafa því þeir eru í hugsjónastarfi og ekkert er öruggt.“

Engilbert faðir hans

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Þótt Snorri Engilbertsson leikari sé að slá í gegn í Englum alheimsins sem Pétur, einn af vistmönnum á Kleppi, þá er það ekki leiklistin heldur saga hans sjálfs sem einkum er ætlunin að fjalla um í þessu viðtali. Hann var sjö ára þegar móðir hans, Kolbrún Kristinsdóttir, greindist fyrst með krabbamein sem dró hana til dauða árið 2005, þegar hún var fimmtíu og fjögurra ára. Faðir Snorra er Engilbert Snorrason tannlæknir og eldri bræður hans eru Jóhann og Helgi Karl Engilbertssynir. Engilbert hóf tannlæknaferil sinn á Hvammstanga árið 1982, sama ár og Snorri fæddist, og þar bjó fjölskyldan í fimm ár. „Ég á góðar minningar frá Hvammstanga,“ segir Snorri. „Við fluttum í Hafnarfjörðinn 1987 en pabbi hélt áfram að sinna tannlækningum fyrir norðan í einhvern tíma á eftir og þá fylgdi ég honum oft.“

**Aldrei feiminn við að stíga á svið**  
Engilbert, faðir Snorra segir að ljóst hafi verið strax frá upphafi hvert strákurinn stefndi. „Snorri var aldrei feiminn við að stíga á svið og því fleiri sem horfðu á því betra. En hann hefur alltaf verið vandvirkur og metnaðarfullur í því sem tekur sér fyrir nendur, var í samkvæmisdans í tíu ár og lærði þar mikla ögun. Keppti bæði hér heima og erlendis og náði góðum árangri.“

Snorri kveðst hafa hætt að dansa daginn sem hann byrjaði í framhaldsskóla. „Stelpan sem ég dansaði við í átta ár hætti að dansa við mig og þá ákvað ég að einbeita mér að öðru,“ segir hann og kveðst hafa látið að sér kveða í félagslífinu í Flensborg, tekið þátt í ræðukeppnum, setið í skemmtinefnd, vídeónefnd og menningarnefnd, auk þess að vera skólastjórnarfulltrúi. „Allt þetta gerði ég kannski svolítið á kostnað námsins því ég var fjögur og hálf ár að ljúka stúdentsprófi en sé ekkert eftir því,“ segir Snorri, sem eftir framhaldsskólann fór í Leikfélag Hafnarfjarðar og kynntist þar meðal annars Gunnari Birni Gunnarssyni sem leikstýrði honum síðar í kvikmyndunum Astrópiu og Gauragangi. Í Flensborg leikstýrði Stefán Jónsson honum í tveimur verkum og varð síðan mentor hans í Leiklistarskólanum. Hann hafði mikil áhrif á að Snorri valdi fimmtán ára baráttu móður sinnar við



**SNORRI** „Ég fór að búa sjálfan mig undir dauða mömmu með því að reyna að fjarlægjast hana tilfinningalega og milda þannig höggið,“ segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# MÓÐURMISSIRINN BREYTTI MÉR

**Snorri Engilbertsson** er rísandi stjarna í Þjóðleikhúsi Íslendinga. Hann er þar í fimm uppfærslum á sínum fyrsta vetri, nú í hinni rómuðu sýningu Englum alheimsins. Á leiksviði lífsins hefur hann kynnst sorginni og lært að þakka fyrir hvern dag.

krabbamein sem einstaklingsverkefni í skólanum. „Þetta var vídeoverk þar sem ég ræddi við föður minn og bræður í fyrsta skipti um þennan tíma angistar og óryggis. Það var stórt skref,“ segir Snorri. „Þarna vorum við eftir fjórir karlmenn sem höfðum tekið dálítið karlalega á þessu máli, farið áfram á hörkuni án þess að tjá okkur og það kom í ljós í þessum viðtölum að við vorum dálítið á ólíkum stöðum í úrvinnslunni. En þetta var þroskandi. Mamma á það skilið að við

látum dauða hennar ekki íþyngja okkur alla ævi, heldur leyfum missinum að styrkja okkur sem manneskjur.“

„Það var ótrúlega gott fyrir okkur alla að brjóta ísinn og ræða þetta,“ tekur Engilbert, faðir hans, undir og segir að kannski væri hollt fyrir fleiri í sömu stöðu að sjá þetta myndband.

**Dauðinn alltaf yfirvofandi**

Snorri dregur ekki dul á að veikindi móður hans hafi reynt á hann.

„Þetta var alger rússbanaeið því á fimmtán árum fór mamma í gegnum miklar þjáningar á köflum en átta betri tímabil inn á milli. Auðvitað hugsaði ég oft um hvenær hún dæi og hvernig það yrði. Við feðgarnir áttum einu sinni fund með heilbrigðisstarfsmanni sem sagði okkur að mamma ætti bara nokkra mánuði eftir, í mesta lagi ár, en hún lifði í fjögur ár eftir það. Við þennan dóm gerðist hlutur sem var ástæða þess að ég gerði verkefnið síðar, ég fór að búa sjálfan

mig undir dauða mömmu með því að reyna að fjarlægjast hana tilfinningalega og milda þannig höggið. Reyndi að verða dálítið kaldur og loka á allan innileik okkar á milli, sem var rosalega sárt. Hún fann þetta og spurði mig, sem betur fer, af hverju okkar samskipti væru orðin svona, af því við vorum mjög miklir vinir. Þá viðurkendi ég hvað undir byggi og er feginn að ég gat það. Hún virtist skilja afstöðu mína. Svo kom árið 2005. Eftir misheppnaða aðgerð ▶



# Söluhæsti smábíllinn er jafnframt sá óðýrasti

Aðeins 1.790 þús. kr.



Chevrolet Spark er skynsamlegt sparnaðarráð sem verður að veruleika í minni útgjöldum heimilisins. Hann er sparneytinn, umhverfsvænn og fæst á afar hagstæðu verði. Rekstrarsparnaður með Spark skilar sér því bæði í heimilisbudduna og í betra andrúmslofti.

**P** FRÍTT  
Í STÆÐI

## Hluti af staðalbúnaði í Chevrolet Spark:

- |                                 |                             |                                 |
|---------------------------------|-----------------------------|---------------------------------|
| • Hiti í sætum                  | • 14" álfelgur              | • Hæðarstilling á öryggisbeltum |
| • Hiti í speglum                | • Aftursæti fellanleg 60/40 | • Hiti í afturrúðu              |
| • Glasa- og flöskuhaldari       | • Samlæsing                 | • Barnalæsing í afturhurðum     |
| • Flöskuhaldari í framhurð      | • ABS hemlar                | • ISOFIX öryggisfestingar       |
| • Samlitir stuðarar             | • Diskabremsur að framan    | • 3 punkta öryggisbelti fyrir 5 |
| • Útvarp, CD, Ipod og USB tengi | • 6 loftpúðar (gardínur)    | • Hæðarstilling á framljósum    |

Chevrolet Spark LS 1.0 • bensín • bsk • 5 dyra  
Chevrolet Spark LT 1.2 • bensín • bsk • 5 dyra

Verð: 1.790 þús. kr.  
Verð: 1.990 þús. kr.

Opið alla virka frá 9 til 18 og laugardaga frá 12 til 16  
Verið velkomin í reynsluakstur og kaffi

**Bilabúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bilum



**LEIKARINN**  
„Ég fékk það tækifæri að leika Pétur, herbergisfélag aðalpersónunnar Páls,“ segir Snorri um hlutverk sitt í Englum alheimsins.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég sagði mömmu að þó að ég væri trúlaus gæti ég ekki útilokað að eitthvað tæki við eftir dauðann og ef einn staður væri betri en annar hinum megin ætti hún þann besta skilið, þegar litið væri til þess hvernig hún hefði lifað sínu lífi af heilindum og heiðarleika og alið okkur drengina upp. Ég var ánægður með að geta tjáð henni þessa skoðun mína.“



► fór mamma í líknarmeðferð og við strákarnir og pabbi sátum hjá henni meðan hún var að takast á við það að vera að deyja. Hún hafði alltaf verið trúlaus og ég sömuleiðis. Dauðastríð er erfið staða og hún fékk til sín prest. Hann sagði, sem mér fannst flott, að hann gæti ekkert fullyrt um framhaldið, það væri enginn bæklingur til um það. Ég sagði mömmu að þó að ég væri trúlaus gæti ég ekki útilokað að eitthvað tæki við eftir dauðann og ef einn staður væri betri en annar hinum megin ætti hún þann besta skilið, þegar litið væri til þess hvernig hún hefði lifað sínu lífi af heilindum og heiðarleika og alið okkur drengina upp. Ég var ánægður með að geta tjáð henni þessa skoðun mína.“

#### Í skólann í þriðju tilraun

Tveimur mánuðum eftir að móðir hans lést hélt Snorri til Parísar í ársleiklistarnám. „Það var erfitt að kveðja pabba á flugvellinum. Hann var eiginlega á barni taugaáfalls og það var sárt að geta ekki verið hjá honum,“ segir Snorri. Engilbert minnst þessarar stundar líka. „Mér fannst erfitt að sjá á eftir stráknum og var með hnút í maganum en hann spjaraði sig mjög vel.“ Snorri kveðst í raun hafa frestað eigin sársauka með því að fara út og vera upptekinn af viðfangsefnum í skólanum. „Það er samt merkilegt hvernig svona áfall hefur áhrif á líkamann, á svefninn, matarlystina, hárið og húðina,“ rifjar hann upp. Hann kom heim frá Frakklandi mánuði fyrir en áætlað var því hann hefði fengið hlutverk í myndinni Astrópiu. Eftir það fór hann að vinna á sambýli fyrir fötluð börn í skammtímavistun og segir það hafa verið hollt. Árið 2008 sótti hann um í leiklistardeild Listaháskólans í þriðja skipti og fékk inngöngu. „Ég er þakklátur núna fyrir að ég skyldi ekki komast inn fyrr,“ segir hann. „Árin fjögur í skólanum voru virkilega góður tími. Bekkjarsystkinum mínum finnst mörgum hann hafa liðið hratt. Mér finnst það ekki. Ég veit ekki af hverju. Mér fannst ég upplifa svo margt og taka út svo mikinn þroska.“ Telur hann sorgarreynsluna dýpka hann sem túlkanda í listinni? „Ég get alveg ímyndað mér það, án þess að ég geti fest fingur á það. Móðurmissirinn breytti mér sem manneskju, ég lít öðru vísi á lífið og heiminn.“

#### Missti fingur

Eins og títt er um ungmenni á Íslandi hefur Snorri kynnst ýmsum störfum

í skólafríum. Tvö sumur var hann að vinna við hvalskurð í Hvalfirðinum og faðir hans segir hann hafa sýnt þar mikla lagni. „Eitt sumarið smíðaði hann fyrir mig forlata bílskur og vannst mjög vel. Lærði heilmikið af afgreiðslumönnum í BYKO en sýndi líka heilmikla útsjónarsemi og hæfileika á smíðssviðinu, hefur ábyggilega erfitt það frá móðurafa sínum sem var hagleiksmaður,“ segir Engilbert og heldur áfram að lýsa syni sínum. „Strákurinn hefur gott geð og sendir góða orku frá sér en hann hefur verið talsvert uppáttakarsamur, maður vissi aldrei hvað gerðist næst hjá honum. Það sem kom mér mest á óvart var þegar hann og Gunnar Björn leikstjóri sömdu leikritið Dauði og jarðarber og fóru með það hringferð um landið með leikmyndina í skottinu á Skoda station sem Snorri átti þá. Þeir unnu fyrir sér í tvo mánuði með því að setja upp sýningar í mörgum félagsheimilum. Snorri hefur svo gaman af leiklistinni að það er frábært að hann skuli hafa komist áfram í henni. Það virtist aldrei annað koma til greina hjá honum en sjóbusiness.“

Sumarið 2003 vann Snorri garðyrkjustörf hjá Félagsstofnun stúdenta. Þá var hann svo óheppinn að missa hluta af vísifingri hægri handar. Í sjúkrabílnum á leiðinni á Slysó hringdi hann í Helga Karl bróður sinn sem var þá í læknanámi og einmitt að vinna í bráðamóttökunni svo hann gat gert klárt og þeir bræður spjölluðu saman meðan á aðgerðinni stóð. „Slysið var þannig að ég hélt að ég hefði misst alla höndina en þegar ég leit á hana sá ég að það var bara einn fingur farinn. Þá varð ákveðinn léttir. Ég gerði mér strax grein fyrir að þessu yrði ekki breytt og tileinkaði mér þarna á staðnum ákveðið æðruleysi. Hringdi sjálfur á sjúkrabílinn og felldi ekki eitt einasta tár yfir þessum fingri,“ segir Snorri.

#### Ólíkir bræður

Spurður um samband bræðranna þriggja svarar Snorri: „Það er mjög gott þó við heyrumst ekki mikið. Ég er yngstur – athyglissjúka örverpið! Helgi Karl er næstur, hann er þvaghæraskurðlæknir í Malmö. Við erum líkir að því leyti að okkur þykir báðum leiðinlegt að tala í síma en þegar hann kemur heim eða ég heimsæki hann þá spjöllum við mikið. Hann á eiginlega heiðurinn af því að ég sótti í þriðja skipti um Leiklistarskólann. Við sátum á Ólstofunni

og áttum svolítið fallett tal saman. Jóhann eldri bróðir minn er flugstjóri hjá Icelandair og menntaður véla- verkfræðingur. Það er alveg ótrúlegt hvað við erum ólíkir, bræðurnir en völdum okkur þó allir óvenjulegan vinnutíma. Þeir gáfu mér mjög mikla gjöf með því að taka þátt í þessu verkefni í skólanum sem ég var að lýsa áðan, því það var erfitt fyrir þá.“

Þegar Jóhann bróðir Snorra er beðinn um komment um litla bróður er hann þínur tregur til. „Eins og Snorri er opinn er ég lokaður,“ segir hann afsakandi. Viðurkennir svo að honum finnst alltaf jafn skrítið að sjá Snorra uppi á sviði. „Að horfa á einhvern sem maður þekkir svona vel setja sig í alls konar hlutverk verk- ar mjög skringilega á mig. En mér finnst hann standa sig mjög vel og er stoltur af honum.“

#### Fjölbreytt verkefni á sviðinu

Snorri fékk árssamning í Þjóðleik- húsinu um leið og hann útskrifaðist úr leiklistarskólanum. Það var stór áfangi. Nú hefur hann framlengt samninginn um ár. „Ég er búinn að vera í fimm uppsetningum í vetur svo það hefur verið mikil vinna en ég hef litið á hana sem framhald á mínu námi,“ segir hann og skrunar í lokin yfir verkefni sem hafa verið fjölbreytt. „Ég byrjaði í Dýrunum í Hálsaskógi sem bakaradrengrinn og hlakkaði alltaf til að mæta í bakaríð með Erni Árnasyni, hann er svo lifandi og skapandi leikari að senan er aldrei eins frá einni sýningu til annarrar. Ágústa Skúladóttir leik- stýrði því verki og ég hafði haft góð kynni af henni áður. Svo var ég í Tveggja þjónum, farsa sem Þórhildur Þorleifs leikstýrði, hún er reynslu- bolti sem ég lít upp til. Síðan fór ég í Macbeth undir stjórn Benedikts Andrews. Mikill skóli og gaman að fá að vera í Shakespear-verki á stóra sviði Þjóðleikhússins. Næst kom Fyrir- heitna landið sem Guðjón Petersen leikstýrði. Ólíkt hinum verkunum og mikil áskorun. Þaðan fór ég svo yfir í Engla alheimsins, þar sem ég fékk það tækifæri að leika Pétur, herbergisfélag aðalpersónunnar Páls. Þorleifur Arnarson leikstýrir Englunum af miklu öryggi og sýnir glögg hvort hægt er að þenja sviðs- verk. Þá hefur heldur betur verið lærdómsríkt að sjá Atla Rafni takast á við aðalhlutverkið. Allt er gert af hjarta og ástríðu og það hefur verið upplifun fyrir mig, nýútskrifaðan, að fá að fylgjast með.“

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR



Gerið hreinlega **frábær kaup** á eðal heimilistækjum!

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 60260FL  
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1200 snúninga  
 Taumagn 6 kg  
 Öll hugsanleg þvottakerfi  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 135.900,-  
**Þú sparar: 27.180,-**

TILBOÐSVERÐ – **108.720,-**

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 60460FL  
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1400 snúninga  
 Taumagn 6 kg  
 Öll hugsanleg þvottakerfi  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 145.900,-  
**Þú sparar: 29.180,-**

TILBOÐSVERÐ – **116.720,-**

**UPPÞVOTTAVÉL** FAVORIT 45010-W/M

12 manna stell  
 5 þvottakerfi  
 Turbo-þurrkun  
 Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)  
 Orkunýtni: A  
 Þvottahæfni: A  
 Þurrkhæfni: A

Listaverð: 87.920,-  
 HVÍT STÁL  
**95.920,-**

TILBOÐSVERÐ – **87.920,-**

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 75470FL  
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1400 snúninga  
 Taumagn 7 kg  
 Öll hugsanleg þvottakerfi  
 Kolalaus mótór  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 179.900,-  
**Þú sparar: 35.980,-**

TILBOÐSVERÐ – **143.920,-**

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 75670FL  
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1600 snúninga  
 Taumagn 7 kg  
 Öll hugsanleg þvottakerfi  
 Kolalaus mótór  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 189.900,-  
**Þú sparar: 37.980,-**

TILBOÐSVERÐ – **151.920,-**

**20%**  
 afsláttur af öllum  
 þvottavélum, þurrkurum  
 og uppþvottavélum

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 87680FL  
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1600 snúninga  
 Taumagn 8 kg  
 Öll hugsanleg þvottakerfi  
 Kolalaus mótór  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 197.900,-  
**Þú sparar: 39.580,-**

TILBOÐSVERÐ – **158.320,-**

**ÞURRKARI** LAVATHERM T76280AC  
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Barkalaus  
 Rakaskynjari  
 Taumagn: 8 kg  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 149.900,-  
**Þú sparar: 29.980,-**

TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

**UPPÞVOTTAVÉL** ZDF2010 - W/M

12 manna stell  
 5 þvottakerfi  
 4 hraðastillingar  
 A/A/A orkunýting  
 Hljóð 51db  
 Þvottahæfni: A  
 Þurrkhæfni: A

Listaverð: 79.900,-  
 HVÍT STÁL  
**89.990,-**

TILBOÐSVERÐ – **79.900,-**

**ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI** *PAR 1*  
 LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280

**ÞVOTTAVÉL**  
 1400 snúninga · Taumagn 7 kg  
 Öll hugsanleg þvottakerfi  
 Íslensk notendahandbók

**ÞURRKARI**  
 Barkalaus með rakaskynjara  
 Taumagn 8 kg  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU: 329.800,-  
**Þú sparar: 65.960,-**

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **263.840,-**

**ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI** *PAR 2*  
 LAVAMAT 87680FL & LAVATHERM T86280IC

**ÞVOTTAVÉL**  
 1600 snúninga · Taumagn 8 kg  
 Öll hugsanleg þvottakerfi  
 Kolalaus mótór  
 Íslensk notendahandbók

**ÞURRKARI**  
 Barkalaus með rakaskynjara  
 Taumagn: 8 kg  
 Stafrænn framvinduskjár  
 Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU: 363.800,-  
**Þú sparar: 72.760,-**

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **291.040,-**

Umboðsmenn um land allt



LÁGMÚLA 8  
 SÍMI 530 2800  
 www.ormsson.is

VAXTALAUSAR  
 RAÐGREIÐSLUR  
 3.6% lántökugjald

ORMSSON  
 KEFLAVÍK  
 SÍMI 421 1535

ORMSSON  
 AKRANESI  
 SÍMI 530 2870

ORMSSON  
 PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
 SÍMI 456 4751

ORMSSON  
 AKUREYRI  
 SÍMI 461 5000

ORMSSON  
 HÚSAVÍK  
 SÍMI 464 1515

ORMSSON  
 VÍK-EGILSSTÖÐUM  
 SÍMI 471 2038

ORMSSON  
 PAN-NESKAUPSTAÐ  
 SÍMI 477 1900

ORMSSON  
 ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
 SÍMI 480 1160

# INTERSPORT®

## ALVÖRU GOLF

### OPNUM Í DAG

# GLÆSILEGA

# GOLFVERSLUN

## Í INTERSPORT LINDUM KL. 11:00

EXPO auglýsingastofa, www.expo.is



**49.990**

fullt verð ~~69.990~~

**SPALDING** golfsett  
Mjög gott golfsett;  
Sex járnkylfur, driver, 4-tré,  
hybrid og putter í góðum poka.



**34.990**

fullt verð ~~38.990~~

**CLIGEAR 3.5** golfkerra  
Þekktasta þriggjahjóla  
golfkerran á Íslandi.



**27.990**

fullt verð ~~36.990~~

**JAEGER** fjartæðarmælir  
Vandaður fjartæðarmælir  
frá þekktum framleiðanda,  
dregur 600 m

INTERSPORT LINDUM / sími 585 7260 / lindir@intersport.is / OPIÐ ALLA DAGA: Mán. - fös. 11 - 19 / Lau. 11 - 18 / Sun. 12 - 18



PING

NIKE GOLF

Titleist

ECCO

ODYSSEY

JaylorMade



**Glæsileg  
opnunar-  
tilboð!**



**10% afsláttur  
af öllum golfboltum**

Það er mikið úrval af golfboltum á góðu verði í Intersport. Flest öll stærstu merkin ásamt vatna- og æfingaboltum. Allir boltar verða á opnunartilboði um helgina.



**20%  
afsláttur  
af öllum  
Cross fatnaði**



**15%  
afsláttur  
af öllum  
Nike fatnaði  
og skóm**

**MÖRG**

**önnur  
opnunar-  
tilboð.**

**Öll opnunar-  
tilboðin gilda  
lau. og sun.**



# Einlægt viðtal og umdeild loforð

Kosningabaráttur eru mannlífsstúdía. Fólk og flokkar bera sig og reyna að fá kjósendur til að treysta sér umfram aðra. Allt er reynt við slíkar aðstæður, vísað er í kynlíf og kynhegðun og foringjar fara í einlæg viðtöl. Fréttablaðið leit yfir baráttuna og skoðaði toppana.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**  
kolbeinn@frettabladid.is



Icesave sló tóninn fyrir kosningabaráttuna. Hversu furðuleg staðreynd sem það er að dómurinn við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg hafi haft úrslitavald um það hvernig íslenskir stjórnáráðgjafar ræða við kjósendur, þá er það samt svo. Icesave gaf Framsóknarflokknum trúverðuleika sem hann hefur byggt á síðan, enda vísar flokkurinn reglulega í dóminn í sínum áróðri. Icesave varð Sjálfstæðis-

flokknum erfitt, þar sem formaður hans, Bjarni Benediktsson, studdi síðasta samninginn, að ekki sé minnst á stjórnarflokkana sem studdu Icesave-samninga allan tímann.

Ómögulegt er að segja hvernig kosningabaráttan hefði þróast hefði Icesave-dómurinn fallið öðruvísi. Enginn sá þó fyrir um áramótin að hún mundi fyrst og síðast snúast um skuldavanda heimilanna. Fá önnur mál hafa komist að og Framsóknarflokkurinn hefur í raun stýrt umræðunni með tillögum sínum, sem eru vægast sagt umdeildar.

Ekki hefur verið mikið um stórskandala hjá stóru framboðun-

um þessa kosningabaráttuna. Framsóknarflokkurinn þurfti reyndar að biðjast afsökunar á auglýsingu sem sýndi nakinn dreng, sem sumum þótti fullunglegur þótt hann reyndist kominn á þrítugsaldurinn. Þá hafa ekki allir Samfylkingarmenn viljað flíka kosningabæklingi flokksins sem sendur var til nýrra kjósenda, en yfirskrift hans var: Komdu út úr skápnunum. Við það var síðan bætt: Sem pólitískt ungmenni. Seint fer þetta þó í flokk yfir stórkúldur, jafnvel að þetta hafi bara aukið umtalið um flokkana. Eins og Oscar Wilde sagði er illt umtal betra en ekkert umtal.

Minni framboðin voru mörg hver í

vandræðum með samsetningu framboðslista sinna. Ekkert þó meira en Hægri grænir, en formaður þess uppgötvaði of seint hvar hann átti heima. Þá hafa fregnir úr fortíð margra framboðenda, gömul afbrot og ummæli, farið hátt.

Heilt yfir verður hins vegar að segjast að kosningabaráttan hefur verið heldur dauf og lítið um ris og lægðir hvað baráttuna sjálfa varðar.

Kannski er sá tími liðinn að góð frammistaða í umræðuþætti breyti miklu um fylgi. Í dag horfa kjósendur á þættina og keppast svo hver um annan þveran við að lýsa yfir sigri síns kandiðats á Facebook.

## 5.000

Rúmlega 5.000 fréttir hafa verið skrifaðar í fjölmiðlum landsins um kosningarnar síðustu átta vikur, frá 1. mars til 23. apríl, samkvæmt tölum frá Fjölmiðlavaktinni.

## FYLGISPRÓUN FLOKKANA Í AÐDRAGANDA KOSNINGABARÁTTUNAR

HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 22. TIL 24. APRÍL 2013

### 1 Icesave slær tóninn

Dómur EFTA-dómstólsins í Icesave-deilunni féll Íslendingum algjörlega í vil 28. janúar. Með því var tóninn sleginn fyrir kosningabaráttuna og grunnurinn myndaður fyrir fylgisaukningu Framsóknarflokksins. Flokkurinn var með 12,6 prósent í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 16. og 17. janúar, en í annarri, sem tekin var 30. og 31. janúar, strax í kjölfar dómsins, rauk það í 20,8 prósent. Og enn ofar fór það.


### Að toppa á réttum tíma

Björt framtíð byrjaði árið vel í könnunum Fréttablaðsins og Stöðvar 2, mældist með 14,5 prósent um miðjan janúar og fór í 16,4 prósent í lok mánaðarins. Síðan tók það að dala og fór niður í 6,5 prósent um miðjan apríl en upp í 7,6 í síðustu könnun. Hvort flokkurinn hafi toppað of snemma skal ósagt látið, en fylgið hefur verið á nokkurri hreyfingu það sem af er ári. Þráttar nálgunust hins vegar svipaða fylgistölu úr hinni áttinni; hófu árið með 0,7 prósent en voru komnir með 6,3 prósent í síðustu könnun, sem gerð var í vikunni. Síðandi lukka er best, sagði einhver, en það eru alltént nokkur tíðindi að tveir nýir flokkar nái inn á þing, verði þetta niðurstaðan.



### 2 Ný forysta

Jóhanna Sigurðardóttir lét af formennsku í Samfylkingunni á landsfundinum 1. til 3. febrúar og Árni Páll Árnason hafði betur í baráttu við Guðbjart Hannesson um formennskuna. Þá var Katrín Júlíusdóttir kjörin formaður. Flokkurinn hélt því af landsfundinum með samþykktu stefnu og nýja forystu. Fylgi flokksins hafði hrunið í síðustu könnun fyrir landsfundinn, úr 19,7 prósentum í 11,9, en það skreidd upp á við og náði hæst í 13,8 prósent um miðjan mars.



### 4 Stofnandinn vikur

Stórtíðindi urðu í sögu Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs á landsfundinum, sem haldinn var 22. til 24. febrúar. Steingrímur J. Sigfússon, sem verið hafði formaður frá stofnun flokksins, gaf ekki kost á sér til formennsku og varaformaðurinn, Katrín Jakobsdóttir, tók við. Vinstri græn samþykktu, nokkuð óvænt, að ljúka aðildarviðræðum við ESB og þótti það gefa von um að flokkurinn gæti höfðað til fjöldans.

Nýr formaður og mildari Evrópustefna skiluðu tímabundinni fylgisaukningu, en Vinstri græn fóru úr 11,9 prósentum í janúarlök í 12,8 prósent mánuði síðar. Fylgið fór síðan í 13,8 prósent um miðjan mars en hrundi svo í apríl. Síðan hefur það þokast upp á við.



### Illu heppnaður landsfundur

Hingað til hefur það verið sem greytt í stein að fylgi flokka tekur kipp upp á við þegar þeir halda landsfund. Það getur verið um skamma hríð og fallið síðan á ný, en umtal og athygli sem landsfundur vekur hefur þýtt aukið fylgi. Öðru var nær með landsfund Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var 21. til 24. febrúar. Ekki geta flokksmenn kvartað undan fjölmiðlaathyglinni, en þeir hafa þó, margir hverjir, kvartað yfir því hvert hún beindist.

Séð utan frá virtist fundurinn að miklu leyti snúast um tillögur um kristin gildi og þróngsýni í Evrópumálum og formaður flokksins hlaut ekki nema 80 prósent atkvæða, þrátt fyrir að eini formlegi mótframbjóðandi hans væri séra Halldór frá Holti.

Þegar upp var staðið tapaði flokkurinn fylgi á fundinum, fór úr 32 prósentum í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í lok janúar í 29 prósent skömmu eftir landsfund.



### 5 Sögulegt viðtal

Öll spjót stóðu á formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, þegar hann mætti í viðtal í Ríkissjónvarpið fimmtudaginn 11. apríl. Kannanir sýndu að fylgi flokksins hefði hríðfallið – og féll enn – og könnun sem Viðskiptablaðið birti sýndi að kjósendur myndu frekar kjósa flokkinn væri Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður. Sögusagnir voru á kreiki um að stuðningsfólk Hönnu Birnu stæði á bak við könnunina.

Bjarni sló hins vegar öll vopn úr höndum gagnrýnenda úr eigin flokki þegar hann til-



kynnti að hann væri hugsi yfir eigin stöðu og mundi taka um það ákvörðun á næstu dögum hvort hann segði af sér sem formaður. Ábyrgðin á slæmu gengi flokksins væri sannarlega ekki hans eins. Einlægnin skein úr hverjum drætti formannsins og áhorfendur velkust ekki í vafa um að hann meinti hvert orð.

Hvort sem það var planað eða ekki fóru stuðningsfyrirlýsingarnar að streyma inn og fylgi flokksins jókst á nýjan leik. Afturkippur hefur komið í þann vöxt, en það breytir engu um að þetta viðtal verður lengi í minnum haft.

### 6 Skammvinnur unaður

Auglýsingar flokka hafa dregist saman undanfarnar kosningar, enda hafa þeir samið um þak á kostnað og búið er að setja reglur um hámarksstyrki til þeirra. Allir flokkarnir auglýsa þó eitthvað og út úr því hefur ýmislegt skemmtilegt komið. Hattberandi, þungbrýndir framboðendur Lýðræðisvaktarinnar raða steinum í vörðu á Lækjartorgi, Björt framtíð sækir á hasarmyndamiðin, Vinstri græn flagga formanninum og Sjálfstæðisflokkurinn heldur sig á hefðbundnari miðum með talnaupplýsingum.

Framsóknarflokkurinn á vinninginn þegar kemur að athyglisverðustu auglýsingu, skartar enda meðal annarra Völu Grand. Ungir framsóknarmenn eiga heiðurinn af þeirri umdeildustu, en á henni mátti sjá nakinn strákslegan pilt sem setti atkvæði í kjörkassa. Að kjósa er unaður! Stóð fyrir ofan og fyrir neðan: Þú færð það bara á 4 ára fresti. Drengurinn ungi virðist ekki taka þátt í forseta-, eða sveitarstjórnarkosningum, en unaðurinn var hins vegar skammur, þar sem auglýsingin var tekin úr birtingu 22. apríl.



BJÓÐUM UPP  
Á VAXTALAUSAR  
AFBORGANIR Í  
12 MÁNUÐI\*

**ADEINS  
21.888  
KR. Á MÁN.**

**GOLD**  
EINSTÖK  
GÆÐI

**DREAMZONE®**



**GOLD C20 BOXDÝNA**  
Glæsileg miðlungsstíf dýna með 8 sm. þykkri og góðri yfirdýnu úr hágæða kaldsvampi. Í springdýnunni eru 250 fjölpokagormar pr. m<sup>2</sup> með 5 þægindasvæðum sem veitir þér betri stuðning. Í boxdýnunum eru 115 BONNELL gormar pr. m<sup>2</sup>. Stærð 160 x 200 sm. Verð: **249.950** með fótum.

# GÆÐADÝNUR Á GÓÐU VERÐI!

GILDIR EINGÖNGU Á AUGLÝSTUM VÖRUM FRÁ 26.04 - 29.04

\* MEÐ 3,5% LÁNTÖKUGJALDI OG 330 KR. GREIÐSLUGJALDI PR. AFBORGUN

**DREAMZONE™**



**PLUS**  
ÞÆGINDI  
& GÆÐI

BJÓÐUM UPP  
Á VAXTALAUSAR  
AFBORGANIR Í  
12 MÁNUÐI\*

**ADEINS  
7.226  
KR. Á MÁN.**

**PLUS B60 BOXDÝNA**  
250 pokagormar pr. m<sup>2</sup> í efra lagi og 150 smáir BONELL gormar í neðra lagi. Yfirdýna úr latexsvampi sem andar. Stærð: 90 x 200 sm. Verð: **79.950** án fóta.



**DREAMZONE™**



**GOLD**  
EINSTÖK  
GÆÐI

BJÓÐUM UPP  
Á VAXTALAUSAR  
AFBORGANIR Í  
12 MÁNUÐI\*

**ADEINS  
11.538  
KR. Á MÁN.**

**GOLD B20 BOXDÝNA**  
250 pokagormar pr. m<sup>2</sup> í efra lagi og 150 smáir BONELL gormar í neðra lagi. Yfirdýna úr MEMORY FOAM. Stærð: 90 x 200 sm. Verð: **129.950** án fóta.



**DREAMZONE™**



**GOLD**  
EINSTÖK  
GÆÐI

BJÓÐUM UPP  
Á VAXTALAUSAR  
AFBORGANIR Í  
12 MÁNUÐI\*

**ADEINS  
13.263  
KR. Á MÁN.**

**GOLD B30 BOXDÝNA**  
500 fjölpokagormar pr. m<sup>2</sup> í efra lagi og 150 smáir BONELL gormar í neðra lagi. Yfirdýna úr latexsvampi sem andar. Stærð: 90 x 200 sm. Verð: **149.950** án fóta.



**Dunlopillo**



**GOLD**  
EINSTÖK  
GÆÐI

BJÓÐUM UPP  
Á VAXTALAUSAR  
AFBORGANIR Í  
12 MÁNUÐI\*

**ADEINS  
26.201  
KR. Á MÁN.**

**DUNLOPILLO  
RAFMAGNSRÚM**  
Einstaklega vönduð latexdýna með 7 þægindasvæðum. Yfirdýna úr latexsvampi sem andar. Þráðlaus fjarstýring. Stærð: 90 x 200 sm. Verð: **299.950** með fótum.



## FJÖLBREYTT TÖSKUFLÓRA

Í töskutískunni fyrir sumarið kennir ýmissa grasa. Svartar og hvítar eins og hjá Marc Jacobs, pastellitáðar og stórar eins og hjá Mulberry eða skemmtilegar kjöltutöskur eins og hjá Chanel sem minna á legókubba.



3.1 PHILLIP LIM



CHANEL



MARC BY MARC JACOBS



MULBERRY



MARC JACOBS

## Leðrið áfram inn í sumarið

Álfrún Pálsdóttir  
alfrun@frettabladid.is

Leður er ekki bara eitt af slitsterkustu efnum í flórunni heldur líka tískubóla sem þreytist seint í tískuheiminum. Leðurjakkarnir bera þar höfuð og herðar yfir aðrar flíkur og má kalla skyldueign í fataskápinn. Ekki er ástæða til að leggja leðurjakknum með hækkandi sól því hann getur sett töffaralegan blæ á sumarkjólana og pilsin. Hér hefur að líta nokkra góða leðurjaka og -kápur sem sýndir voru á tískupöllum fyrir sumarið.



MULBERRY



MULBERRY



ALEXANDER WANG



RODARTE



3.1 PHILLIP LIM



HERMÉS



MARC JACOBS



living with  
style

BERBER  
3JA SÆTA SÓFI L250 cm  
**249.900**

RIB SKEMILL/SESSA  
Ø50 cm  
**19.995**

DOUGLAS  
HÆGINDASTÓLL  
**84.900**

# Fallegt heimili



DELGADA  
Dökkur trérammi.  
16 x 20,5 cm  
2.495,-

RECYCLED  
Rammi, endurunninn viður.  
19 x 24 cm 2.495,-

AZTEKA  
Ljós viðarrammi.  
19,5 x 24,5 cm  
1.995,-



YALE  
Veggjós, antik silfurlita.  
29 x 21 cm 18.995,-



CROSS  
Kerti í glasi/basti. Ø 9,5 x H 10 cm 1.295,-  
Kerti í glasi/basti. Ø 10,5 x H 12 cm 1.895,-



AZTEKA  
Skál/fat, ljós viður. Ø 30 x  
H 12 cm 6.995,-



SQUARE  
Sessa. Grá, navy, svört eða drapplita.  
45 x 45 cm 3.495,-



SAN PONTI  
Klukka úr gráum við. Ø 36 cm 13.995,-



ZIGZAG  
Ábreiða. 130 x 170 cm 11.995,-



TEXTURE  
Brúnn vasi. H 17 cm 3.995,-  
Brúnn vasi. H 21 cm 4.995,-

RECYCLED  
Kertastjaki. Endurunninn viður. H 34 cm 3.995,-  
Kertastjaki. Endurunninn viður. H 27 cm 2.995,-



Bromby beygla  
Skinka, majónes, egg, gúrka,  
ostur og salatblanda  
Verð 895,-

nú **695,-**



**TILBOÐ**

© ILVA Ísland 2013

VISA Lán  
- VAXTALAUST  
Bjódum uppá  
vaxtalaust lán  
til 12 mánaða

ILVA logo  
sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18  
mánudaga - föstudaga 11-18:30 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)



## UPPHAFIÐ AÐ ÓFÖRUNUM

Havrilesky bendir á að með Ally McBeal hafi orðið þáttaskil í kvenímynd sjónvarpsþáttanna; framagjörn kona sem stendur sig vel í starfi en er með allt niður um sig í einkalífnum og jaðrar á köflum við að vera andlega vanheil.

# Skarpar, skeleggar og klikkaðar

Friðrika Benónýsdóttir  
fridikab@frettabladid.is



Hver sjónvarpsserían eftir aðra hefur konu í aðalhlutverki og það eru sko engar undirlægjur. Að baki sterkri framhliðinni leynast þó oftast en ekki persónuleikatrufanir sem gera þessar kláru konur ófærar um að lifa eðlilegu lífi. Getur verið að það sé tilviljun að svona kvenkaraktarar séu ráðandi?

Carrie Mathison í Homeland, Saga Norén í Brúnni, Sarah Lund í Glæpnum og Birgitte Nyborg í Höllinni eiga það allar sameiginlegt að vera konur sem hafa komist langt á heimavelli karla. CIA-fulltrúi, tvær háttsettar lög-reglukonur og forsætisráðherra,

það er ekkert slor. Segið svo að konur njóti ekki sannmælis í skemmtanageiranum.

Kvenréttindakonur virðast hins vegar aldrei vera ánægðar hversu mikið sem skemmtanaíðnaðurinn reynir að koma til móts við kröfurnar um fleiri og betur skrifuð kvenhlutverk í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Nýlegt dæmi um

það er grein eftir Heather Havrilesky sem birtist í New York Times fyrir skemmstu. Þar leiðir Havrilesky sterk rök að því að boðskapur þessara sjónvarpsþátta sé, þrátt fyrir konuna í aðalhlutverki, fyrst og fremst sá að konur skuli sko aldeilis ekki ímynda sér að þær geti valsað í gegnum glerþakið án þess að greiða það dýru verði. Hún

tekur dæmi af Carrie í Homeland og Linden í The Killing, amerísku útgáfunni af Glæpnum, og bendir á að með því að láta þær kljást við geðsjúkdóm og persónuleikatrufanir séu höfundar þáttanna að gefa í skyn að það séu einungis „skrítnar“ konur sem leggi á sig það sem þarf til að komast áfram í karlastörfum. Aðrar konur hafa

mótmælt þessari kenningu harðlega og bent á að þessar konur nái árangri þrátt fyrir að vera öðruvísi, ekki vegna þess.

Er þetta bara dæmigerður stormur í femínistaglasinu? Skoðum nánar þessar fjórar konur sem nefndar voru í upphafi. Það lítur helst út fyrir að Havrilesky hafi nokkuð til síns máls.



BIRGITTE NYBORG er leikin af Sidse Babbett Knudsen.

## → Eðlileg kona í afar óeðlilegu starfi

Birgitte Nyborg, stjórnmalakonan sem ber sjónvarpsseríuna Borgen á herðum sér, er ólík hinum konum sem hér er fjallað um. Hún er fullkomlega „eðlileg“ kona, enda Borgen mun raunsæislegri þættir en hinir. Hún fær þó að borga hressilega fyrir það að vera kona í karlaveröld ekkert síður en hinir.

Í upphafi fyrstu seríu er Nyborg hamingjusamlega gift tveggja barna móðir sem starfar í miðjuflokki á danska þinginu. Eftir að flokkurinn vinnur sigur í kosningum og hún verður forsætisráðherra fara hlutirnir hins vegar hressilega úr skorðum. Maðurinn sættir sig ekki við að vera í öðru sæti á eftir starfinu og labbar út, dóttir hennar verður þunglynd og reynir sjálfsmorð og karlarnir á þinginu valta yfir hana bæði leynt og ljóst. Þessi „vandráði“ öll kosta það að flokkurinn tapar fylgi í næstu kosningum og hún missir djóbbið og trúverðuleikann.

Þriðja serían, sú sem klárast á RÚV á morgun, fjallar um endurkomu hennar í pólitík. Hún er þó ekki fyrr komin út í pólitíkina á nýjan leik en allt fer á annan endann. Þrátt fyrir að Danmörk hafi nú konu á stóli forsætisráðherra og hversu raunsæislegir sem þættirnir annars eru þá virðast skilaboðin vera skýr einnig hér: Kona sem hyggur á starfsframa á karlasviði skal svo sannarlega fá að borga fyrir það.



CARRIE MATHISON Sniðin fyrir Claire Danes.

## → Geðhvarfasjúkt tilfinningabúnt

Carrie, söguhetjan í bandarísku sjónvarps-seríunni Homeland, er rúmlega þrítugur CIA-fulltrúi sem vegna náms í arabísku er látinn fylgjast með málum í arabaheiminum. Hún er klár og flott kona en sá böggull fylgir skammrifi að hún þjáist af geðhvarfasjúki sem gerir hana óstabilan og óreiðanlegan starfsmann sem á erfitt með að fylgja fyrirmælum. Enginn í CIA veit þó af veikindum, ekki einu sinni mentorinn hennar hann Saul.

En það er ekki nóg með það að hún sé haldin geðsjúkdómi heldur er hún í þokkabót lauslát og létt á bárunni, hefur sofið hjá yfirmanni CIA og kórónar svo lauslætið með því að stofna til ástarsambands við grunaðan og harðgiftan hryðjuverkamann. Svona konum er auðvitað ekki treystandi og hún er rekin frá CIA með skömm í lok fyrri seríunnar og endar með því að fara í raflostsmeðferð.

Í upphafi síðari seríunnar er hún farin að jafna sig, orðin kennari og býr heima hjá pabba sínum. Þrátt fyrir brottreksturinn er hún kölluð til CIA, tekur aftur upp samband sitt við meinta hryðjuverkamanninn og leysir gátuna að lokum. Verandi kona lætur hún engu að síður tilfinningarnar taka af sér ráðin og kemur manninum undan í þann mund sem CIA hyggst klófesta hann. Aldrei hægt að treysta þessum konum.



SAGA NORÉN Í túlkun Sofíu Helín.


## → Dugleg en ekki nógu dugleg

Saga Norén úr sjónvarpsþáttunum Brúnni er skemmtileg týpa að horfa á, dugleg löggæta sem leysir málin og nýtur virðingar í vinnunni, en einkalíf á hún varla svo hægt sé að tala um. Hún hefur ýmis einkenni Asperger-heilkennissins; er óskaplega skipulögð, tekur allt sem sagt er bókstaflega, kann ekki að ljúga og er ófær um að mynda tengsl við annað fólk.

Allir þessir eiginleikar gera hana að frábærri löggætu. Það er engin hætt á að hún láti málin ganga nærri sér tilfinningalega og þráhyggjan að ráða púslinu saman og ráða gátuna gerir það að verkum að hún vinnur á við þrjá.

Hún virðist hvorki eiga fjölskyldu né vini, samskipti hennar við hitt kynið ganga út á það að fara á barinn, finna álitlega hjásvæfu, taka hann með sér heim, nota hann og henda honum út. Rómantíkin sem reynt er að kynda undir í síðustu þáttunum virkar alveg á skjön við karakterinn.

Ástand hennar reynist einnig standa henni fyrir þrífum í vinnunni, hún er ekki fær um þau mannlegu samskipti sem mannaforráð krefjast og neitar því stöðuhækkun. Hennar virðist bíða að sitja föst í sömu sporum, góð í vinnunni – en ekki nógu góð, ein og tilfinningalaus. Ekki glæsilegar framtíðarhorfur.



SARAH LUND Eins og Sofíe Gråbøl túlkar hana.

## → Vinnan ofar öllu – annað fólk er óþarfi

Sarah Lund í Glæpnum er engin venjuleg kona. Henni virðist vera skítsama hvernig hún lítur úr; ljótar peysur og hárið í tagli, hún verður algjörlega heltekin af þeim málum sem hún glímir við að leysa, mætir ekki í eigið brúðkaup, sinnir syni sínum svo illa að hann hættir að umgangast hana, hrekr móður sína frá sér og er meira og minna upp á kant við vinnufélagana. Ekki nema von að henni hafi verið sparkað úr lögreglunni í lok síðustu seríu og send til Íslands.

Seríurnar um Glæpinn eru nú orðnar þrjár og Lund hefur brennt nánast allar brýr að baki sér. Ekki hefur hún hlotið neina umbun fyrir það og er orðin jafnvel enn samanbitnari en fyrr, á ekkert eftir, hvorki tilfinningalega né í vinnunni. Hún er útbrennd; henni hefur hefnt fyrir það að helga sig vinnunni skilyrðislaust og láta allt annað sitja á hakanum. Hún á þetta skilið.

Áhorfskannanir benda engu að síður til að áhorfendur kunni vel við Lund og samsami sig henni, bæði konur og karlar. Kannski fólk þrái almennt innst inni að vera lónerar og segja sig úr lögum við allt og alla. Líklega er skýringin þó frekar sú að fólk almennt er miklu betur stött í tilverunni en Lund og hefur efni á að sýna henni samhug og standa með henni.

# netto

Kræsingar & kostakjör

SVÍNARIFJABITAR BBQ  
VERÐ ÁÐUR  
598 KR/KG



**449** KR/KG



25% AFSLÁTTUR

Danskir dagar  
halda áfram

SVÍNALUNDIR  
FROSNAR, DANSKAR  
VERÐ ÁÐUR 1.998 KR/KG

**1.399** KR/KG

30% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR



KALKÚNASNEIÐAR  
M/LEMONGRAS MARINERINU  
VERÐ ÁÐUR  
2.198 KR/KG

**1.539** KR/KG



DR. CULTURA DRYKKJARJÓGURT  
JARÐABER/BLÁBER/HINDBER  
500 ML

**249** KR/STK

Góð með  
kaffinu!

GÆÐA MARSIPANTERTA  
DÖNSK  
ÁÐUR 998 KR.

**898** KR/STK



Kaffe hos  
Peter Larsen



25% AFSLÁTTUR



KAFFI  
GRÁR  
400 G  
VERÐ ÁÐUR 599 KR/PK

**449** KR/PK



KAFFI  
RAUÐUR  
500 G  
VERÐ ÁÐUR 799 KR/PK

**599** KR/PK

25% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR

KAFFI  
LÍFRÆNT  
400 G  
VERÐ ÁÐUR 899 KR/PK

**629** KR/PK

# Iceland

# RISA

# NAMMI LAND



Opnunartilboð í  
**Nammilandi Iceland.**  
Gildir aðeins um helgina



# 67% afsláttur



Allir sem versla í  
Nammilandi um helgina  
fá Nóa kropp í kaupbæti  
á meðan birgðir endast

Lengri  
afgreiðslutími!

Opið frá kl. 9–20 alla daga  
Engihjalla og Granda



**PRINCE OF PERSIA** Gísli Örn Garðarsson lék vonða kallinn í Hollywood-myndinni.



**JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH** Anita lék stórt hlutverk.



**HOSTEL** Eypór Guðjónsson lék í hryllingsmyndinni vinsælu.

## „TEKJUHÆSTU“ ÍSLENSKU LEIKARARNIR

Fimm tekjuhæstu Hollywood-myndirnar með íslenskum leikara:  
■ talið í Bandaríkjadöllum  
■ skv. tölum frá Boxoffice Mojo.com

### 1. Prince of Persia (2010)

Leikari: **Gísli Örn Garðarsson**  
Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **30.095.259**  
Miðasala á heimsvísu: **335.154.643**  
Kostnaður myndar: **200.000.000**

### 2. Contraband (2012)

Leikari: **Ólafur Darri Ólafsson**  
Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **24.349.815**  
Miðasala á heimsvísu: **96.262.212**  
Kostnaður myndar: **25.000.000**

### 3. Journey to the Center of the Earth (2008)

Leikari: **Anita Briem**  
Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **21.018.141**  
Miðasala á heimsvísu: **241.995.151**  
Kostnaður myndar: **60.000.000**

### 4. Hostel (2005)

Leikari: **Eypór Guðjónsson**  
Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **19.556.099**  
Miðasala á heimsvísu: **80.578.934**  
Kostnaður myndar: **4.800.000**

### 5. K-11: The Widowmaker (2002)

Leikari: **Ingvar E. Sigurðsson**  
Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **12.778.459**  
Miðasala á heimsvísu: **65.716.126**  
Kostnaður myndar: **100.000.000**



# 5 stærstu „íslensku“ frumsýningarnar

Miklu máli skiptir fyrir framgang mynda hversu vel þeim gengur á frumsýningardegnum í N-Ameríku. Af þeim Hollywood-myndum sem hafa verið teknar upp hérlandis hefur Prometheus vegnað best.

Freyr Bjarnason  
freyr@frettabladid.is

Fimm tekjuhæstu frumsýningarnar erlendis:  
■ talið í Bandaríkjadöllum  
■ skv. tölum frá Boxoffice Mojo.com

### 1. Prometheus (2012)

Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **51.050.101**  
Miðasala á heimsvísu: **403.354.469**  
Kostnaður myndar: **130.000.000**  
Tökustaður á Íslandi: **Dettifoss og í Rangárfingi ytra**

### 2. Batman Begins (2005)

Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **48.745.440**  
Miðasala á heimsvísu: **374.218.673**  
Kostnaður myndar: **150.000.000**  
Tökustaður á Íslandi: **Svínafellsjökull**

### 3. Lara Croft: Tomb Raider (2001)

Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **47.735.743**

Miðasala á heimsvísu: **274.703.340**  
Kostnaður myndar: **115.000.000**  
Tökustaður á Íslandi: **Jökulsárlón**

### 4. Die Another Day (2002)

Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **47.072.040**  
Miðasala á heimsvísu: **431.971.116**  
Kostnaður myndar: **142.000.000**  
Tökustaður á Íslandi: **Jökulsárlón**

### 5. Oblivion (2013)

Frumskýningarhelgi í N-Ameríku: **38.152.000**  
Miðasala á heimsvísu: **?**  
Kostnaður myndar: **120.000.000**  
Tökustaður á Íslandi: **Hrossaborgir á Mývatnsöræfum og í nágrenni við Veðivötn**



1

3

# FERÐIR

LAUGARDAGUR 27. APRÍL 2013

## Freistingar á ferðalögum

Framhjáald á sér oft en ekki stað á ferðalagi. Að sögn sálfræðingsins Bryndísar Einarsdóttur verður ákveðin aftenging þegar fólk er í öðru umhverfi en það er vant. **SÍÐA 4**

### Í strætó

Borgirnar sem búa yfir besta almenningssamgöngukerfi heimsins. **SÍÐA 2**

### Wakka Wakka

Tónlistarmaðurinn Gunnar Þorvaldsson ferðast um Noreg með bandarísku brúðuleikhúsi. **SÍÐA 6**

### Götulist

List er að finna víðar en í galleríum og söfnum. **SÍÐA 8**

# Ævintýri við Grænlandsstrendur

Norðursigling á Húsavík er fjölskyldufyrirtæki sem allt frá árinu 1995 hefur boðið reglulegar hvalaskoðunarferðir um borð í hefðbundnum íslenskum eikarbátum, sem gerðir hafa verið upp og eru sérútbúnir til hvalaskoðunar. Um 450 þúsund farþegar hafa siglt með Norðursiglingu í um það bil tíu þúsund ferðum. Frá árinu 2001 hefur Norðursigling gert út skonnortur, fyrst til hvala- og fuglaskoðunar undir seglum og í framhaldinu til lengri siglinga.

Í dag gerir Norðursigling út þrjár skonnortur og hefur á undanförunum árum verið að auka framboðið af lengri siglingum. Þriðja skonnortan, Opal, bættist í flota Norðursiglingar á dögnum þegar hún kom heim til Húsavíkur en þangað var hún keypt frá Danmörku. Opal er stærsta skonnortan í eigu Norðursiglingar, 32 metrar að lengd og sjö metra breið. Um borð er gistirými fyrir tólf farþega í sex tveggja manna klefum, auk áhafnar.



Heimir Harðarson, skipstjóri og einn eigenda Norðursiglingar.

„Við bjóðum upp á tveggja daga ferðir frá Húsavík til Grímseyjar þar sem farið er norður fyrir heimskautsbaug. Í þessum ferðum gistir fólk í skútunum og upplifir lífið um borð,“ segir Heimir Harðarson, skipstjóri og einn eigenda Norðursiglingar. Einnig hefur fyrirtækið í meiri mæli verið að bjóða upp á sérferðir sem sniðnar eru að þörfum hvers hóps. „Þá hefur fólk samband við okkur með sínar hugmyndir um lengd ferðar og hvað það langar að upplifa og við skipuleggjum ferðina,“ segir Heimir og bætir við að í ár verði í þriðja sinn boðið upp á viku langar siglingar um Scoresby-sund á Norðaustur-Grænlandi.

Grænlandsferðirnar eru ævintýrlegar að sögn Heimis, sem lýsir ferðalaginu nánar: „Flogið er til Constable Point, flugvallarins í Scoresby-sundi. Þar er farið beint um borð í skútuna og leiðangurinn hefst. Siglingin er sjö dagar og gist er í sjö nætur um borð í skonnortunni en flogið heim á áttunda degi.

Í Scoresby-sundi er tæplega 500 manna þorp, Ittoqqortoormiit, sem við heim-sækjum. Siglt er um sundið, sem er 350 kílómetra langt, umhverfis eyjuna Milne Land við borgarísjaka, himinháa kletta og skriðjökla sem falla til sjávar. Njótum kyrrðar og næðis í villtri náttúrunni. Í Harefjord köstum við akkerum til tveggja náttu og verjum heilum degi í landi þar sem við göngum um, litumst um eftir sauðnautum, snæhérum, rjúpum og öðru villtu dýralífi. Þeir hraustustu geta skellt sér í sjósund. Um kvöldið kveikir áhöfnin svo eld í fjörunni og grillar ofan í mannskapinn. Setið er við eldinn, sungið og sagðar sögur. Staldrad er við í kofa veiðimanna við Sydkap, fylgst með dýralífinu og stórbrotinni náttúrunni. Að morgni áttunda dags vaknar fólk við Constable Point. Þá er snæddur morgunverður, skipst á netföngum og skrifad í gestabók skipsins áður en haldið er í land þaðan sem flogið er til Íslands.“

Laust er í ferðir Norðursiglingar um Scoresby-sund með nýju skonnortunni Opal 14.-21. ágúst og 21.-28. ágúst. „Okkur langar til að bjóða Íslendingum að taka þátt í þessum ferðum okkar sem hingað til hafa aðallega verið bókaðar af útlendingum,“ segir Heimir.

Sigling Norðursiglingar um Scoresby-sund kostar 590.000 krónur. Veittur er afsláttur ef bókað er fyrir fjóra eða fleiri í hóp. Innifalið er flug frá Íslandi til Constable Point og til baka, leiðsögn, fæði og gisting í uppááunum rúmum í tveggja manna klefum um borð í skonnortunni.

Allar nánari upplýsingar á <http://northsailing.is/tours/greenland/> og í síma 464 7250 og 862 0551.



Skonnorta Norðursiglingar liggur við akkeri í Scoresby-sundi.



Lífið um borð í skipum Norðursiglingar er lífligt og skemmtilegt.

## Anna María Meier fór í ferð Norðursiglingar um Scoresbysund síðastliðið sumar

Heil vika á seglskipi í Scoresby-sundi, á milli tignarlegra fjalla og snarbratta klettaveggja, meðal óteljandi risavaxinna borgarísjaka í dimmbláu hafi, gönguferðir um land sem skreytt er fegurstu haustlitum, varðeldur tvisvar að kvöldlagi, lykt af grilli og heitt kakó, fullt tungl og norðurljós um nóttina... allt sem ég sá og reyndi var jafn tilkomumikið og ég naut alls þessa með mikilli aðdáun og gleði.

# Bestu almenningssamgöngur heims

Erlendar stórborgir leggja mikið upp úr skilvirku almenningssamgöngukerfi. Þetta er mikilvægt fyrir íbúa borganna en ekki síður ferðamenn sem þangað koma. Ferðavefur BBC hefur útnefnt fimm borgir sem þykja ráða yfir bestu almenningssamgöngukerfum heims.



Neðanjarðarlestakerfi Lundúnaborgar er 150 ára gamalt.

## London í


Lundúnaborg og 32 úthverfi hennar eru tengd saman af víðamiklu kerfi rúta og lesta sem fara um bæði ofan- og neðanjarðar. Neðanjarðarlestakerfi Lundúna var tekið í gagnið árið 1863 og er því elsta slíka kerfið í heimi. Ýmislegt verður gert í ár til að halda upp á 150 ára afmæli þess. Almenningssamgöngukerfi Lundúna er það dýrasta í heimi en þykir jafnframt búa yfir best hannaða kortinu yfir lestarleiðir, sem Harry Beck teiknaði árið 1931.



Lestarstöð í Seúl.

## Seúl í Suður-Kóreu

Neðanjarðarlestakerfið í Seúl er það lengsta í heimi þar sem 508 kílómetrar af sporum liggja þvers og kruss í gegnum 25 hverfi borgarinnar. Í flekklausum hátækni-stöðvunum eru skiltin bæði á ensku og kóresku. Stafrænir snertiskjáir veita upplýsingar um komutíma, kort og aðrar ferðaupplýsingar. Á háannatímum koma lestar á tveggja mínútna fresti en þegar lítið er að gera líða þó aðeins fimm mínútur á milli. Ókeypis þráðlaust net er bæði á stöðvunum og í lestunum. Þá eru stafræn sjónvörp um borð í lestunum og sætin eru upphituð á veturna.



U-Bahn lestarstöðin Olympia Einkaufszentrum í München.

## München í Þýskalandi

Höfuðstaður Bæjarlands býr yfir almenningssamgöngukerfi sem þykir það auðveldasta í notkun. Öll kerfin, U-Bahn, S-Bahn, strætó- og sporgagnakerfið, eru mjög vel samþætt. Því má ferðast auðveldlega milli allra borgarhluta. Þeir sem ferðast með almenningssvögnum borgarinnar geta nýtt sér appið MVV þar sem finna má tímatöflur, kort og áætlunarleiðir.



MAX-lest í Portland.

## Portland í Oregon

Almenningssamgöngukerfið í Portland heitir Trimet og undir það falla sporgagnar, strætisvagnar og MAX-lestirnar (Metropolitan Area Express). Hjólmenning er mikil í Portland og þar liggja hjólastígar í kílómetravis. Talið er að um 6,3 prósent vinnuferðalanga fari um á hjóli en 31% af skólafólki hjólar í skólann.



Zhongxiao Fuxing MTR lestarstöðin í Taipei.

## Taipei

Í höfuðborg Taívan og úthverfum hennar búa sjö milljónir manna. Þeim er ekið um borgina í hreinlátu, skilvirku og afar stundvísu almenningssamgöngukerfi. Þar er notað kerfi EasyCard-korta sem má nota bæði í lestum og á hjólaleigum, auk þess í sumum leigubílum og í innanlandsflugi. Fullkomið bann ríkir við mat og drykk um borð í lestum og á lestarþöllum.





### LJÓÐALESTUR Á SIGLÓ

**Ljóðasetur Íslands**, það eina sinnar tegundar, er í miðbæ Siglufjarðar. Setrið var opnað fyrir tveimur árum og býr yfir safni ljóðabóka sem borist hafa víðs vegar að. Gestir geta blaðað í bókunum og þá stendur setrið fyrir uppákomum af ýmsum toga, svo sem upplestri ljóða, tónleikum, myndlistarsýningum og fleiru. Þá er í Ljóðasetrinu verslun með ljóðabækur og á vef setursins er einnig hægt að kaupa ljóðabækur.

Sjá nánar á [www.ljodasetur.123.is](http://www.ljodasetur.123.is)



Gómsætur kræklingur.

### KRÆKLINGUR Í SOÐIÐ

**Háskóli Íslands** og Ferðafélag Íslands bjóða upp á kræklingaferð í Hvalfirði í dag. Þátttakan er ókeypis og allir eru velkomnir en ferðin er sérstaklega stíluð inn á fjölskylduna. Þetta er annað árið í röð sem kræklingaferð er skipulögð af þessum aðilum en í fyrra mættu tæplega 300 manns.

**Þátttakendur mæta** við Öskju, náttúrufræðihús Háskóla Íslands, kl. 10 í dag þar sem hægt er að sameinast í bíla. Fyrir þá sem vilja keyra beint í Hvalfjörð og hitta hópinn skal stefnt að Fossá, sem er í um 25 mínútna akstursfjarlægð inn fjörðinn frá Hvalfjarðargöngunum.

**Gísli Már Gíslason**, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, munu leiða hópinn á slóðir kræklingins og leiðbeina honum varðandi tínslu og verkun. Þeir munu hafa meðferðis tvo potta og í lok ferðar verður kræklingur soðinn og allir fá að smakka. Þátttakendur eru beðnir að koma með stígvél og ílát fyrir krækling.



Gamla hvalstöðin í Hvalfirði.

## NÚ FALLA ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

### Söguganga um slóðir Gísla Súrssonar


Gengið verður um slóðir Gísla sögu Súrssonar dagana 1. til 5. maí næstkomandi undir fararstjórn Sigrúnar Valbergsdóttur.

Sögusvið Gísla sögu Súrssonar er Vestfirðir, Dýrafjörður, Arnarfjörður og Breiðafjörður og verður aðsetur göngunnar að Núpi í Dýrafirði, þaðan sem stutt er í sögustaði. Magnús Jónsson mun leiða göngufólk í gegnum söguna. Sagan segir að Gísli Súrsson hafi talið að mágur sinn, Þorgrímur, sem giftur var Þórdísi, systur Gísla, hafi drepið Véstein, bróður Auðar, konu Gísla, þrátt fyrir fóstbræðralag og Gísli þá drepið Þorgrím til að hefna fyrir Véstein.

Ættmenn Þorgríms fá Gísla dæmdan sekan á þingi og Gísli fer í felur. Næstu ár er hann í felum í Geirþjófsfirði, á Barðaströnd og í Hergilsey á Breiðafirði þar til hann finnst í Geirþjófsfirði og er drepinn eftir að hafa varist hraustlega.

Gengið verður um Haukadal og upp á Meðaldalshæð og frá Kirkjubólssdal verður gengið á Kaldbak. Þá verður ekið yfir Hrafnfjarðarheiði og um Dynjandisvog og gengið upp úr Skógadal að Langabotni í Geirþjófsfirði.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.fi.is](http://www.fi.is)



Komdu og skoðu

# Fallegu Færeyjar í maí...



## Með Norrænu til Færeyja

**Með bílinn og gistingu í 4 nætur á hótél Hafnia . . . . . frá kr. 82.900**

Verð á mann miðað við tvo saman. Gist um borð í tveggja manna klefa án glugga.

**Á húsbílnum . . . . . frá kr. 42.750**

Verð á mann miðað við tvo saman. Gist um borð í tveggja manna klefa án glugga. Húsbíll allt að 7 metrum.

**Með bíl og hjólhýsi . . . . . frá kr. 34.750**

Verð á mann miðað við 2 fullorðna + 2 börn (3-11 ára). Bíll og hjólhýsi allt að 12 metrum.

**Með bílinn . . . . . frá kr. 33.900**

Verð fyrir einn farþega, gist um borð í fjögurra manna sameiginlegum kynjaskiptum klefa án glugga.

☎ 570-8600 / 472-1111 • [www.smyrilline.is](http://www.smyrilline.is)

Hópa-  
bókanir  
10+ leitið  
tilboða

Bókaðu  
matinn fyrir  
brottför og  
sparaðu!

**NORRÆNA**  
FERÐASKRIFSTOFAN

Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík  
Sími: 570-8600 · [info@smyril-line.is](mailto:info@smyril-line.is)

**AUSTFAR**

Fjarðargötu 3 · 710 Seyðisfjörður  
Sími: 472-1111 · [austfar@smyril-line.is](mailto:austfar@smyril-line.is)

# Alltaf einhverjir sem falla í freistni

Framhjáald á sér oftast en ekki stað á ferðalagi. Að sögn sálfræðingsins Bryndísar Einarsdóttur verður ákveðin aftenging þegar fólk er í öðru umhverfi en það er vant. Eftir sem áður „lenda“ fæstir í framhjáaldi og yfirleitt er skýringu að finna í undirliggjandi vanda. Ef djúpstæð vandamál eru til staðar getur það að sögn Bryndísar verið óheppilegt ef annar aðilinn er mikið einn á ferð.

**F**lestir viðurkenna að láta sig dreyma um ástarfund með öðrum en makanum. Erfitt er að festa tölu á hversu margir láta drauminn verða að veruleika en samkvæmt bandarískum rannsóknnum halda 30-60 prósent giftra Bandaríkjamanna einhvern tímann framhjá. Þessar tölur koma síðan ágætlega heim og saman við þá staðreynd að um



Bryndís Einarsdóttir

hellingur hjónabanda endar með skilnaði. Því skal þó haldið til haga að margir vinna sig út úr framhjáaldi auk þess sem mörg komast aldrei upp.

Margir kannast við sögur um að fólk haldi framhjá á ferðalögum og sumir hafa jafnvel orðið uppvísir á slíku. Slíkt er ekki úr lausu lofti gripið og hefur viðgengist um aldir. Fæstir ætla sér að halda framhjá. Ákvörðunin um slíkt er ekki endilega á rökum reist heldur stjórnast miklu frekar af tilfinningum og aðstæðum. En hvað er það sem veldur því að framhjáald á sér stað á ferðalögum? Leitað var til Bryndísar Einarsdóttur, sálfræðings hjá

Heilsustöðinni, en hún starfaði auk þess lengi í ferðapjónustu.

„Á ferðalögum er fólk í öðru umhverfi en það er vant. Það verður ákveðin aftenging og einstaklingskynjunin verður meiri. Ef makinn er ekki með og ekkert í umhverfinu minnir á hann er auðveldara að aftengja sig. Eftir sem áður kemur meira til og held ég að fæstir „lendi“ í framhjáaldi. Yfirleitt eru undirliggjandi vandamál og er fólk oftast en ekki óánægð með sig, makann eða sambandið. Ef slíkur vandi er fyrir hendi og fólk finnur sig í aðstæðum þar sem það skynjar að tækifærið er fyrir hendi fellur það stundum í freistni.“

Bryndís segir um ákveðinn tilveruflótta að ræða. Hún verður vör við aukna spennu, streitu og áhyggjur hjóna og para eftir hrun og segir að þá sé þessi hættu fyrir hendi. Spurð hvort framhjáald á ferðalögum loði við ákveðnar stéttir segir hún erfitt að svara því. „Það er lítið um rannsóknir enda kannski ekki svo auðvelt að fá fólk til að gefa nokkuð upp. Áður taldi ég þetta frekar viðgangast í ákveðnum stéttum og höfum við öll heyrt sögur af flugmönnum og fólki á viðskiptaferðalögum. Eftir því sem ég kynnist fleiri starfsstéttum hefur mér



Séu vandamál til staðar í samböndum fólks eru meiri líkur á að það falli í freistni þegar það telur sig hafa tækifæri til.

NORDICPHOTOS/GETTY

eiginlega snúist hugur og virðist þetta alls staðar geta komið upp.

En hvaða ráð hefur Bryndís handa þeim sem eru mikið á faraldsfæti eða eiga maka sem er mikið að heiman? „Ef það er óánægja eða ósætti í sambandinu er mikilvægt að vera meðvitaður um aukna hættu á framhjáaldi á

ferðalögum eða í svipuðum aðstæðum. Maki sem situr heima og veit að sambandið stendur höllum fæti hefur oftast áhyggjur. Ég mæli með því að fólk sé opið og lýsi áhyggjum sínum. Fólk getur þá leitað sér hjálpar, reynt að koma málum í lag og gert ráðstafanir þannig að óþægilegar aðstæður komi síður upp.

Þó að framhjáald eigi sér oft stað á ferðalögum gerist það ekki síður við aðrar kringumstæður. „Mér sýnist til dæmis netið vera hættulegri gildra og getur netspjall og önnur netsamskipti leitt af sér annað og meira. Þar er fólk líka í öðrum heimi, býr til allt annan karakter og getur farið enn lengra í aftengingunni. - ve

## VONAST EFTIR LÍTILLI PÖNDU

Pöndupar í dýragarðinum í Edinborg er nú aftur til sýnis fyrir almenning eftir að kvendýrið var frjónvað. Forráðamenn dýragarðsins vonast til að gestum muni fjölga til mikilla muna þegar pandan Tian Tian eignast afkvæmi sitt vonandi í lok ágúst eða byrjun september. Sérfræðingar voru bjartsýnir á að pönduparið Tian Tian og Yang Guang myndi sjálft sjá um fjölgunina en síðan var ákveðið að hjálpa þeim við það verkefni. Notað var frosið sæði úr Yang Guang og Bao Bao, sem er erfðafræðilega mikilvæg panda sem lést í dýragarði í Berlín í fyrra. Þetta er fyrsta pöndutækniþróunin í Bretlandi og getur hjálpað í baráttu við að fjölga þessari fágætu dýrategund. Það verður þó ekki fyrr en í júlí sem staðfest verður að frjóvgunin hafi tekist. Tian Tian og Yang Guang komu frá Kína í desember 2011 og komu um 500 þúsund gestir fyrsta árið til að skoða þau.



## Nýr vefur í loftinu

**Flugfélag Íslands** opnaði nýjan vef með uppfærðri bókunarvél í lok mars. Um er að ræða mestu breytingu á þjónustu og sölu á netinu frá því að Flugfélagið byrjaði að selja flug á netinu fyrir um tólf árum.

**H**ildur Óskarsdóttir vefstjóri segir að ýmsar breytingar hafi verið gerðar á þjónustu Flugfélagsins á vefnum. Fargjaldategundir hafa verið einfaldaðar og sameinaðar og nefnast nú Ferðasæti, Fríðinda-sæti og Nettillboð. Nettillboðin hafa að sama skapi lækkad og bókunartímabilið lengst úr 7-14 dögum í 7-21 dag, sem er mikill kostur fyrir þá sem vilja bóka hagstæð fargjöld lengra fram í tímann.

### Farþegar geta sjálfir breytt bókunum

Ein mikilvægasta nýjungin á vefnum er að farþegar geta nú sjálfir breytt bókun, afbókað, bætt við farþegum á sömu flug og bókað eða keypt aukþjónustur, svo sem séraðstoð, yfirvigt, SMS-staðfestingu og fleira. Breytingargjöld eru mun ódýrari séu breytingarnar gerðar á netinu og almennt má segja að þau séu helmingi ódýrari. „Þetta er gríðarleg breyting fyrir bæði starfsfólk og viðskiptavinum því að áður var þetta eingöngu hægt í gegnum síma,“ segir Hildur.

Með tilkomu nýja vefsins er einfalt að ferðast með hjól, skíði, golfsetti og fleira því nú er hægt að bóka fyrir fram alls kyns búnað. Farþegar sem bóka á netinu fá jafnframt 50% afslátt af öðrum þjónustuleiðum eins og til dæmis bókun gæluþýra, hjóla, skíða, hljóðfæra eða golfbúnaðar.

### Flugsláttur og fleiri nýjungar

Ein af þeim nýjungum sem hafa verið teknar í notkun með opnun nýja vefsins er Flugsláttur, en það er nafn á afsláttarkóða sem gefur afslátt af flugi og er kynntur með auglýsingum. Viðskiptavinir geta þannig fylgst með auglýsingum Flugfélags Íslands og slegið inn viðeigandi kóða í Flugsláttarreitinn. Aðrar nýjungar eru til dæmis að nú er auðvelt að kaupa og nota gjafabréf á vefnum og bráðlega verður hægt að kaupa fleiri inn eignir líkt og Flugfrelsi, SMU og Flugkappa í gegnum vefinn og halda utan um viðskiptin í gegnum „Mínar síður“.

Ein af þeim nýjungum sem hafa fallið í góðan jarðveg frá opnun vefsins er að sögn Hildur að farþegar geta nú valið og bókað sitt uppáhaldssæti gegn vægu gjaldi. „Þessi möguleiki hefur til dæmis verið vinsæll



Ein mikilvægasta nýjungin á vefnum er að sögn Hildur sú að farþegar geta nú sjálfir breytt bókunum.

MYND/PIETUR

hjá erlendum ferðamönnum sem vilja tryggja það að hafa sem best útsýni í flugi yfir landið.“

### Samstarf við hótél og bílaleigur

Flugfélag Íslands er í samstarfi við bookings.com og Cartrawler og hægt er að bóka hótél og bílaleigubíla í gegnum flugfelag.is. „Nú er hægt að bóka bílaleigubíl í sömu bókun og flugið og það hefur gefið mjög góða raun. Innan skamms verður einnig hægt að bóka hótél um leið og flug og bíl,“ segir Hildur. Hún segir að Flugfélagið sjái mikil tækifæri í þessu samstarfi og fyrir farþega er mikill kostur að geta gengið frá öllu því sem snýr að ferðalaginu á einum stað.

### Margar nýjungar á leiðinni í loftið

Á næstu vikum munu bætast við nýjar þjónustuleiðir á vefnum. Hægt verður að bóka dagsferðir og pakkaferðir, sérstakur farsímavefur verður settur í loftið og einnig öpp fyrir iPhone- og Android-síma. Hægt verður að gera Vildarbókanir í bókunarvélinni og Netinnritun verður sett í gang með haustinu.

Hildur segir undirbúninginn að öllum þessum nýjungum hafa tekið nokkur ár og að árangurinn sé að skila sér á nýja vefnum. „Nú eru flestar vörur og þjónustuleiðir sem snúa að farþegaflugi Flugfélags Íslands komnar á vefinn og enn fleiri nýjungar á döfinni.“

**SIGLING**

Frá **303.300 kr.** á mann í tvíbýli

**Krít og dásemdir Miðjarðarhafsins**  
12.-23. september

**Netverð á mann:**  
kr. 303.300 á mann í tvíbýli í klefa án glugga.

Innihaldið: Flug, skattar, gisting á 4\* hóteli í 4 nætur á Krít með morgunverði. Vikusigling með fullu fæði. Hafnargjöld í siglingu og akstur til og frá flugvelli og til og frá skipi. Íslenskur fararstjóri miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
Akureyri • Sími 461 1099  
www.heimsferdir.is

**Heimsferðir**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

grønn  
apríl

Umhverfisátak

Við ræktun á lifrænt ræktuðum matvælum má ekki nota eitrefni sem drepa lífverur. Þau matvæli eru því ekki bara hollari heldur mikilvægari til neyslu, einkum fyrir börn, sem eru bæði léttari en fullorðnir og jafnframt að vaxa og þroskast.

## NÁMSAÐSTOÐ

á lokasprettinum fyrir vorprófin

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur  
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

# UMHVERFIÐ SKIPTIR EFLU MÁLI

**EFLA KYNNIR** EFLA er 220 manna verkfræðistofa og brautryðjandi í innleiðingu umhverfisstjórnunar hjá fyrirtækjum og bæjarfélögum á Íslandi. Á Umhverfissviði EFLU starfar öflugt teymi með sérþekkingu á umhverfismálum.

Við aðstoðum fyrirtæki að kortleggja hvar umhverfismengunin liggur í þeirra starfsemi og hjálpum þeim að setja sér markmið um að draga úr henni. Standist fyrirtækið ákveðnar kröfur getur það sótt um ISO 14001 umhverfisstjórnarvottun,“ segir Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri Umhverfissviðs EFLU.

„Margir halda að umhverfisstjórnun fylgi aukinn kostnaður þegar staðreyndin er að henni fylgir oftast fjárhagslegur ávinningur bæði í formi innri hagræðingar og markaðslegra tækifæra. Ef hægt er að draga úr úrgangi í framleiðsluferlinu eða rekstrinum er verið að draga úr soun og spara peninga. Bílaleiga Akureyrar setti sér til dæmis þau markmið að draga úr útblæstri koltvísýrings með því að kaupa bíla sem eyða minna eldsneyti og losa minni koltvísýring. Hjá Hópbílum voru allir bílstjórar sendir á vistakstursnámskeið. Hjá báðum fyrirtækjum minnkaði útblástur umtalsvert og kostnaður dróst saman þótt mismunandi aðferðum væri beitt.“

Með Umhverfissvottun geta fyrirtæki í mörgum tilfellum átt greiðari aðgang að verkefnum en önnur. „Til dæmis þurfa verktakar sem bjóða í byggingu Hús íslenskra fræða að vera með umhverfisstjórnun og Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að ræstingar fyrirtæki séu með umhverfissvottun í útboðum sínum.“

EFLA hefur aðstoðað mörg af stærstu fyrirtækjum landsins að öðlast Umhverfissvottun. Landsvirkjun, Össur, Elkem á Grundartanga, Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Ræstingarþjónustan, Kynnisferðir og Hótel Natura eru þar á meðal. „Stærð fyrirtækja í þessum málum skiptir þó ekki höfuðmáli enda er enginn of lítill til þess að láta sig umhverfismál varða,“ segir Helga Jóhanna og bendir á að í Danmörku hafi líkistusiður sem starfaði einn fengið Umhverfissvottun með umhverfissvænar líkistur.

EFLA er umhverfissvottað fyrirtæki og endurspeglar það í öllum rekstri þess. „Þetta snýst ekki bara um endurvinnslu á pappír. Við létum endurhanna húsið sem við störfum í með vistvænar og umhverfislegar



## MARGIR KOSTIR

Margir halda að umhverfisstjórnun fylgi aukinn kostnaður þegar staðreyndin er að henni fylgir oftast fjárhagslegur ávinningur.

áherslu á leiðarljósi og í allri okkar hönnunarvinnu eru umhverfismál ofarlega á baugi, bæði hvað snertir efnisnotkun, jarðrask, viðhald og mengandi efni. Við reynum því að vera fyrirmynd í þessum efnum.“

## ALLIR GETA ORÐIÐ UMHVERFISVÆNIR

**485** kr. pk.

Ungnautahamburgari, 2 í pk., 120 g

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

**KROSSGÁTA**

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
	14			15
16		17		
18	19	20		
21				

**LÁRÉTT**

2. bölv, 6. tónlistarmaður, 8. bergmála, 9. árkvísli, 11. hreyfing, 12. yndi, 14. virki, 16. pot, 17. kvk nafn, 18. af, 20. á fæti, 21. bannhelgi.

**LÓÐRÉTT**

1. himna, 3. kusk, 4. gleymka, 5. hestaskítur, 7. gera óvandlega, 10. umfram, 13. vefnaðarvara, 15. viðskipti, 16. tíðum, 19. í röð.

**LAUSN**

11. íð, 12. nauðn, 14. skans, 16. ót, 17. una, 18. frá, 20. il, 21. tabú.  
LÓÐRÉTT: 1. skán, 3. íð, 4. óminni, 5. tað, 7. klástra, 10. auk, 13. tau, 15. sála, 16. oft, 19. áb.

# ARSENAL MAN. UTD.

SUNNUDAG KL. 14:45



SPORT 2 HD STÓRLEIKUR Á SUNNUDAG

## ENDURKOMA VAN PERSIE!

Ímyndaðu þér móttökurnar sem Van Persie fær í stórleik helgarinnar; þegar hann snýr aftur á Emirates sem enskur meistari! Arsenal þarf líka nauðsynlega á stigum að halda í baráttunni um Meistaradeildarsæti. Misstu ekki af þessum risaslag í leiftrandi háskerpu!



Fáðu þér áskrift  
512 5100  
stod2.is



# Pingvallastjórnin

**BAKPANKAR**  
Karenar  
Kjartansdóttur

Vorið 2007 tók ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar við völdum. Ég man þá ljúfu tilfinningu sem greip mig við að sjá fréttaljósmyndir af formönnum flokkanna, þeim Geir Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sem höfðu hamast við að mynda stjórn á Þingvöllum, að kysast undir bláum himni eins og samlynd hjón. Það virtist bjart fram undan og því var spáð að ríkisstjórnin myndi heita Þingvallastjórnin í sögubókum. Stöð 2 hafði eftir greiningardeild Glitnis að þessi ríkisstjórn myndi reynast mörkuðum hagfelld, eða eins og sagði: „Greining Glitnis telur að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sé ólíkleg til að hækka skatta á fyrirtæki eða fjármagnstekjur, eða þrengja almennt að atvinnulífnum með stífara regluverki. Báðir flokkar hafi auk þess haft uppi hugmyndir um aukinn einkarekstur og einkavæðingu... Í heild ætti þó myndun hinnar nýju stjórnar að hafa róandi áhrif á markaði, þar sem einhverjir markaðsaðilar hafi verið smeykir um að fram gæti komið stjórnarmynstur sem reynast myndi fjármálamörkuðum óþægur ljár í þúfu.“ Svo leið ár og rúmlega það.



**HAUSTIÐ** 2008, nánar tiltekið 29. september, var ég í vaktatrú. Ég fór fremur seint á fætur og sótti blöðin ekki fyrir en um hádegisbil.

Tvær forsíður blöstu við mér þann daginn. Önnur var nokkuð skemmtileg gúrkufrétt á Fréttablaðinu um að slátur hefði slegið í gegn meðal landsmanna og var harðnandi árferði kennt um þessar óvæntu vinsældir en nokkuð hafði kreppt að landsmönnum eftir mikla þenslu þetta misseri. Ég verð þó að viðurkenna að ég las fréttina aldrei til enda og fæ smá samviskubít við að rifja hana upp. Forsíða Moggans vakti nefnilega frekar athygli mína, en á henni var mynd eftir ljósmyndarann Golla af þeim Geir Haarde og Árna Mathiesen í bíl en undir stýri sat Davíð Oddsson. Hvað var eiginlega um að vera?

**FRÁ** því þetta gerðist hefur Þingvallastjórnin sem fyllti mig bjartsýni hér um árið fengið nafnið Hrunstjórnin og allir eru búnir að nota líkingamálið úr sjómennsku um efnahagshrunið. Eftir þetta allt saman þrái ég hvorki vinstri né hægri stjórn. Mig langar bara í sættir og uppbyggingu og óska eftir því að nýir formenn flokkanna vinni saman í stað þess að rífa hver annan niður. Ég hef trú á því að þetta geti gerst, enda er ég óstjórnlega bjartsýn að eðlisfari, jafnvel þótt reynslan af Þingvallastjórninni ætti að hafa kennt mér lexíu og ég óttist reyndar mjög annað hrun 2016, enda virðist fráfarandi ríkisstjórn hafa verið í málamyndakosningabaráttu undanfarið og lítið langa til að vera við stjórnvölinn. En af eðlislægri bjartsýni segi ég: Áfram allir flokkar!

**MYNDASÖGUR**

**PONDUS**



**GELGJAN**



**HANDAN VIÐ HORNIÐ**



**BARNALÁN**





# Kjörkazzinn þinn



Litrikt á bragðið



**fánar**  
fyrirtækjafánar • hátíðarfánar  
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

HEIMILI FYRIRTEKI STOFNANIR

Sólarfilma Sandfilma Öryggisfilma

**glerfilmur**  
www.merkismenn.is

**MERKIS MENN**  
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2030

## SPENNUÞRUNGIN ÁSTARSAGA EFTIR METSÖLUHÖFUNDINN NORU ROBERTS



GOODREADS.COM

„Enn ein sönnun þess að  
Roberts skarar fram úr,  
hún er meistarin.“

PUBLISHERS WEEKLY

„Þessi einstaka  
ástríðumikla og  
rómantíska spennusaga  
rígheldur.“

BARNES & NOBLE



Ný  
kilja

VAKA-HELGAPELL

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Vissir þú að...

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á vernd  
gegn klámi.

## VERKAMANNSSONUR FRÁ BLÖNDUÓSI



**Ari Jónsson** var verkamannssonur og fæddist á Blönduósi 1939. Hann fór í Menntaskólann á Akureyri en hætti þar og hélt til Reykjavíkur, þar sem hann varð fljótlega áberandi í hópi ungu skáldanna, gaf meðal annars út tímaritið Forspil með Degi Sigurðarsyni og fleirum árið 1958. Veturinn 1959-60 dvaldist hann í Barcelona en las svo utanskóla við Menntaskólann í Reykjavík og varð stúdent þaðan 1961. Það sama ár kom út ljóðabókin Nei. Hann stundaði nám í íslenskum fræðum í tvö ár, hélt svo til Rúmeníu til að læra rómönsk fræði og var á heimleið þaðan þegar hann féll fyrir borð á Gullfossi og drukknaði, þann 18. júní 1964. Hann lét eftir sig sambýliskonu og son.

## → Trúarjátning

Ég trúí á moldina og son hennar manninn fæddan af skauti konunnar sem er þíndur á okkar dögum krossfestur drepinn og grafinn en mun rísa upp á morgun og krefjast réttar síns til brauðsins ég trúí á anda réttlætisins samfélag mannanna og friðsælt líf



SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR Nei er fullkomið verk að formi og byggingu, að sögn Silju Aðalsteinsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Engar klisjur í ljóðabók Ara Jósefssonar

Ljóðabókin Nei kom fyrst út árið 1961 þegar höfundurinn, Ari Jósefsson, var 21 árs. Hann lést með svíplegum hætti 1964 en ljóðin hans hafa lifað. „Frumkraftur í ljóðunum sem erfitt er að lýsa,“ segir Silja Aðalsteinsdóttir.

Ljóðabókin Nei eftir Ara Jósefsson hefur verið endurútféfin hjá Forlaginu. Það er í þriðja sinn sem bókin er gefin út, en hún kom fyrst út árið 1961. Nei seldist upp skömmu eftir útgáfu og varð smám saman költbók sem gekk manna í millum í uppskriftum og ljósritum. Ari Jósefsson var 21 árs þegar bókin kom út og lést einungis þremur árum síðar, þannig að Nei varð eina bókin sem kom út eftir hann.

Í þessari þriðju útgáfu Nei hefur verið bætt við þrem smásögum sem birtust í tímaritum og dagblaði meðan Ari lifði, auk þess sem áður óbirtum ljóðum Ara er skotið

inn í eftirmála Silju Aðalsteinsdóttur ritstjóra hjá Forlaginu.

Silja þekkir bókina vel, en hún varð að eigin sögn hugfangin af henni rúmlega tvítug. Eins og fleiri átti hún þess ekki kost að eignast bókina en brá á það ráð að fá hana að láni, ekki til að ljósrita því ekki voru þær vélar til, heldur til að skrifa þau upp svo að ljóðin væru í hennar eigu.

Silja bætir því við að hún hafi haft gaman af því að koma aftur að verkinu núna öllum þessum árum seinna og komast að því að ljóðin hans Ara snerta hana alveg eins djúpt og þegar hún var á þrítugsaldri. „Ástæðan er ein-

föld því í þessum ljóðum er ekki að finna neinar klisjur heldur ferska og nýstarlega hugsun. Það er frumkraftur í þessum ljóðum sem erfitt er að lýsa, auk þess sem verkið er fullkomið að formi og byggingu,“ segir Silja og bætir við að Ari hafi strax níttján ára verið tekinn gildur í samfélagi skálda í Reykjavík.

Hún segir nokkur ljóðanna, til dæmis „Leysingu“, „Stríð“ og „Trúarjátningu“, hafa orðið klassísk í íslenskum bókmenntum. „Það má því segja að ótímabær dauði Ara Jósefssonar hafi verið óbætjanlegur skaði fyrir íslenskar bókmenntir.“

-jhb

## BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU

Sara Vilbergsdóttir myndlistarmaður

## Lífsporsti eftir Irving Stone

Það er fullsterkt til orða tekið að bók hafi breytt lífi mínu en til eru nokkrar bækur sem hafa haft sterk áhrif á mig og efst á þeim lista er bók sem ég varð mér úti um á fornbókasölu þegar ég var 16 ára gömul. Bókin sú er í henglum eftir margendurtekinn lestur og lyktar af löngu liðinni tíð. Skera þurfti upp blaðsíðurnar fyrir lestur svo þetta var heilmikil athöfn. Þær eru reyndar tvær, því hún er í tveimur bindum. Í minningunni rifjast upp ýmsar lyktartegundir sem fylgdu lestrinum, fyrst og fremst lyktin af sjálfum pappírnum, lykt af olíulitum, pípureyk, gróðri, sagga, sólskini og fleiru sem skilaði sér með ímyndunaraflinu og nú hefur bæst við lykt af áratuga gömlu ryki. Bókin heitir Lífsporsti, sagan um Vincent van Gogh, og er skrifuð af Irving Stone. Hann segir sögu málarans á svo lifandi og safaríkan hátt



að óhjákvæmilegt var að sogast inn í hana og lifa sig inn í ævi og starf Vincents. Það sem snerti mig dýpst var hve sannur hann var sjálfum sér og málaði af mikilli ástríðu. Bókin var mér opinberun á sínum tíma og fyrst ég er búin að grafa hana upp aftur ætla ég að lesa hana eina ferðina enn og athuga hvernig hún hittir mig fyrir í dag, fjórum áratugum síðar.



# VIÐ STYÐJUM ÖLL BLÓÐFLOKKINN

## TIL GÓÐRA VERKA

### Kjósum að gefa blóð

Mikilvægi blóðgjafar er ómetanlegt.  
Ein blóðgjöf getur hjálpað þremur einstaklingum.

Þú getur bjargað mannlífi



Blóðgjöf – gefum líf

HVAÐ?  
HVENÆR?  
HVAR?

# LAUGARDAGUR

## Klappað fyrir skuldastöðunni

Árið 1996 héldu þrír nýútskrifaðir myndlistarmenn sýningu saman, Aðalsteinn Stefánsson, Hjörtur Hjartarson og Þóroddur Bjarnason. Nú 17 árum síðar endurtaka þeir leikinn með samsýningunni „Reunion“ í Stúdíó Stafni.

„Við útskrifuðumst árið 1996 úr fjöltæknideild Myndlista- og handíðaskólans og héldum þá um sumarið saman sýningu í Lísthúsi 39 í Hafnarfirði. Það var mjög vel heppnað og gaman. Síðan þá höfum við stundum rætt að endurtaka leikinn en ekkert hefur orðið úr því fyrr en nú,“ segir Þóroddur Bjarnason myndlistarmaður, sem í dag opnar sýninguna „Reunion“ í félagi við þá Aðalstein Stefánsson og Hjörtur Hjartarson.

Á sýningunni verða sýndar innsetningar og málverk. Aðalsteinn sem hefur unnið jöfnum höndum við myndlist, leikmyndahönnun, vörühönnun og hönnun lýsingar sýnir innsetningu sem unnin er út frá lögmálum leikmyndahönnunar þar sem leikið er með rýmið. Verk Hjartar á sýningunni eru málverkin Blátt 1, 2, 3, 4 og 5 en þau eru unnin undir áhrifum vatnslitaverka Turners frá Feneyjum, og Faxaflóanum.

Þóroddur sýnir verkið Ísland skuldar 1.016 milljarða. Klöppum fyrir Íslandi. Það er málverk sem er 1,70 sinnum 1,80 metrar

**SAMEINADIR**  
**Á NÝ** Þóroddur Bjarnason, Aðalsteinn Stefánsson og Hjörtur Hjartarson sýndu saman fyrir 17 árum og hafa síðan stefnt á að endurtaka leikinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



sem orðið klapp er málað á 1.016 sinnum. „Ég hef verið að hugsa mikið um hrúnið síðan það átti sér stað. Þá hef ég ætíð unnið með það sem sameinar fólk í minni list. Skuldirnar eru eitthvað sem sameinar okkur, og ég er að fá fólk til að klappa sig í gegnum alla þessa skuldastöðum,“ segir Þóroddur.

Verkið er íronískt eins og fleiri verk Þórodds sem sýndi gjörning

í nóvember sem gekk einnig út á klapp og skuldastöðu. Í dag er kosið og Þóroddur segir verkið í góðu samhengi við umræðuna undanfarið. „Skuldirnar hefur borið mikið á góma sem tengir verkið skemmtilega við samtímann.“

Sýningin „Reunion“ verður opnuð í dag klukkan þrjú í Stúdíó Stafni, Ingólfsstræti 6.

sigridur@frettabladid.is

### LAUGARDAGUR 27. APRÍL 2013

#### Opnari

**17.00** Gallerý H, nýtt sölugallerý, opnar á Laugavegi 55b. Á sama tíma opnar þar sýning Huldu Vilhjámsdóttur.

#### Listasmiðja

**13.00** Ásmundarsafn býður fjölskyldum að koma og skapa eigin stjörnur í kviksjásmiðju.

#### Sýningar

**14.00** Myndlistamennirnir Gunnar Andrússon og Þórarinn Blöndal opna sýninguna Hvalóður í Populus temula á Akureyri.

#### Hátíðir

**14.00** Árleg Jazzhátíð heldur áfram í Garðabæ. Dagskrá má finna á heimasíðunni [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

#### Námskeið

**13.00** Sköpunarskólinn og Borgarbókasafnið bjóða upp á ókeypis örnámskeið í skapandi skrifum á Barnamenningarhátíð. Námskeiðið er ætlað 13-16 ára og fer fram í Kringlusafni í Kringlunni.

#### Kvikmyndir

**14.00** Kvikmyndahátíð heldur áfram á Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15, þar sem sýndar verða stuttar sjónvarpsmyndir byggðar á hinum klassísku Grimms-ævintýrum. Fyrri mynd dagsins er Stígvélaði kötturinn (Der gestiefelte Kater) og klukkan 15 verður sýnd myndin um Mjallhvíti (Schneewittchen).

#### Uppákomur

**12.00** Hjólaratleikur fjölskyldunnar við stytur bæjarins verður haldinn í tilefni Barnamenningarhátíðar. Hægt er að fara í leikinn hvenær sem er á milli 12 og 18. Hefst hann við Hörpu og lýkur

í höggmyndagarði Ásmundar Sveinsonar við Sigtún. Þátttökuspjöld fást í afgreiðslu Hörpu.

#### Leikrit

**20.00** Nýjustu fréttir verður sýnt á Norðurpólnum, Sefgöðum 3. Um er að ræða brúðuleikhús fyrir fullorðna sem fjallar um samband okkar við fréttir á myndrænan og gamansaman hátt.

#### Tónlist

**13.00** Kammersveit Reykjavíkur heldur ævintýrlega fjölskyldutónleika í Iðno. Leikin verða verk eftir börn og ásamt brotum úr verkum ýmissa eldri tónskálda. Ókeypis aðgangur.

**16.00** Valgerður Jónsdóttir og Þórður Sævarsson úr My Sweet Baklava leika tónlist fyrir gesti og gangandi á Café Haiti. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Karlakór Kjalnesinga heldur vortónleika í Langholtskirkju. Íslensk, rússnesk og sænsk karlakóraklassík verður á efnisskránni auk hæfilegs skammts af Stuðmönnum og Pursum, en sérstakur gestur er Egill Ólafsson.

**23.00** Hljómsveitin Hjalmar spilar á efri hæð Faktorý. Miðaverð er kr. 2.000.

#### Fyrirlestrar

**13.15** Benný Sif Ísleifsdóttir nemandi í þjóðfræði flytur fyrirlesturinn Ættaröfn: almannahagur eða einkahagur, í stofu 106 í Odda HÍ.

#### Útivist

**10.00** Farið verður í hjólríðaferð frá Hlemmi. Hjólað er í 1-2 tíma um borgina í rólegri ferð. Aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar á vef LHM.is.

**13.00** Ferðafélagið Norðurslóð býður upp á göngu upp á Kollufjall við Kópasker. Lagt verður upp frá skólahúsinu á Kópaskeri en gangan er talin frekar auðveld, eða einn skór.



#### Símavist

Sterkara samband fyrir fyrirtæki

#### IP símkerfið í öruggum höndum

Með Símavist geta fyrirtæki leigt IP símkerfi og látið Símann sjá um uppfærslur, rekstur og viðhald á því fyrir fast verð á hvern starfsmann. Vertu með fyrirtækið þitt í öruggri skýþjónustu hjá Símanum og losnaðu þannig við óvænt útgjöld og áhyggjur af rekstri símkerfisins.

Hringdu í síma 800 4000 og sérfræðingar Símans aðstoða þig við að finna hagkvæmstu lausnina.

# SUNNUDAGUR

SUNNUDAGUR 28. APRÍL 2013

## Listasmiðja

**14.00** Menningarmiðstöðin Gerðubergi býður upp á smíðju í fuglahúsagerð á Markúsartorgi (ef veður leyfir). Allir velkomnir og efni á staðnum.

## Hátíðir

**20.30** Árlegri Jazzhátíð í Garðabæ lýkur í dag. Dagskrá má finna á heimasíðunni [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

## Kvikmyndir

**14.00** Kvikmyndahátíð á Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15 lýkur í dag. Þar eru sýndar stuttar sjónvarpsmyndir byggðar á hinum klassísku Grimmsævintýrum. Fyrri mynd dagsins er myndin um Öskubusku (Aschenputtel) og klukkan 15 verður sýnd myndin um Pynrís (Dornröschen).

## Uppákomur

**12.00** Hjólaratleikur fjölskyldunnar við stytur bæjarins verður haldinn í tilefni Barnamenningarhátíðar. Hægt er að fara í leikinn hvenær sem er á milli 12 og 18. Hefst hann við Hörpu og lýkur í höggmyndagarði Ásmundar Sveinsonar við Sigtún. Þátttökuspjöld fást í afgreiðslu Hörpu.

**14.00** Borgarbókasafnið býður upp á náttúrusmiðjuna Ímyndaðu þér náttúruna á götum úti og ferðalag inni hinn þögla heim heyrnarlausra, undir leiðsögn Sarka Mrnakova og Georg Hollanders hjá SAGE.

**14.00** Barnadagskráin Risapöndur og Rauðhetta verður í bakhúsi Kínaklúbbs Unnar, Njálsgötu 33.

**20.00** Tómasarmessa verður haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd. Einkennist hún af fjölbreytilegum söng og tónlist og mikil áhersla er lögð á fyrirbænarþjónustu og virka þátttöku lekmanna.

## Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur léttu dans-tónlist.

## Tónlist

**17.00** Valdemar Gísli Valdemarsson leikur á klassískan gítar og Jón Ólafur Sigurðsson spilar á orgel á tónleikum í Hjallakirkju í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hjómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Tónleikaröðin **Hljóðön hefur göngu sína í Hafnarborg. Frank Aarnink slagverksleikari og Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari koma fram.**

**20.00** Írski háskólamaðurinn, tónlistarmaðurinn og leikarinn Gerry Smyth flytur lög úr verkum írsku stórskáldsins James Joyce í Stúdentakjallaranum. Tónleikarnir eru á vegum Stofunnar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Félagsstofnun stúdenta.

**21.30** Sunnu-jazzinn verður haldinn á Faktörý. Aðgangur er ókeypis.

## Leiðsögn

**14.00** Boðið verður upp á tvær leiðsagnir í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni. Fyrst mun Eyþór Árnason ljósmyndari leiða gesti um sýningu Błaðaljósmyndafélags Íslands, Myndir ársins 2012. Í kjölfarið leiðir Þórir Guðmundsson ljósmyndari gesti um sýningu sína Á vettvangi vonar þar sem sýndar eru myndir úr starfi hans fyrir Rauða Krossinn.

**15.00** Sýningarstjórnir Þórunn E. Sveinsdóttir býður upp á leiðsögn um sýninguna Fuglar - Listin að vera fleygur í Gerðubergi.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) og einnig er hægt að skrá þá inni á [visir.is](http://visir.is).



**Hljóðön hefur göngu sína í Hafnarborg í dag með tónleikunum Tilbrigði fyrir Atla Heimi þar sem fram koma Frank Aarnink slagverksleikari og Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari. Á efnisskrá tónleikanna er að finna verk allt frá seinni hluta 20. aldar fram á okkar daga. Á meðal höfundar verka á tónleikunum eru Morton Feldman, Iannis Xenakis, Györgi Kurtág, Una Sveinbjarnardóttir og Atli Heimir Sveinsson. Hljóðön er tónleikaröð tileinkuð tónlist frá 20. og 21. öldinni þar sem einstök hugmyndaauðgi og listræn glíma tónskálda leiða áheyrendur inn á áður ókunnar slóðir.**

DÓMAR 27.04.2012 → 28.04.2012



LEIKHÚS

★★★★★

## Englar alheimsins

**Leikstjórn: Þorleifur Örn Arnarson**  
Fullkomin útfærsla á skáldsögunni. Mögnuð leikhúsupplifun þar sem unnið er með mörk heilbrigðis og geðsýki á áhrifamikinn hátt sem lætur engan ósnortinn.

- sás

★★★★★

## Kvennafræðarinn

**Leikstjórn: Charlotte Böving**  
Krúttlegt leikrit um líkama og sálarástand konunnar en ristir ekki sérlega djúpt.

- vg



BÍÓ

★★★★★

## Falskur fugl

**Leikstjórn: Þór Ómar Jónsson**  
Áhugavert en óþægilegt unglíngadrama.

- hva



BÆKUR

★★★★★

## Manneskja án hunds

**Hákan Nesser, þýðing: Ævar Örn Jósepson**

Nesser er í hópi þeirra bestu og þótt sagan kraumi ekkert af spennu er hún djúp og næm lýsing á samskiptum innan fjölskyldu. Lögglumaðurinn Barbarotti er líka skrattanum skemmtilegri.

- fsb



ENGLAR ALHEIMSINS Fimm stjörnu sýning að mati Fréttablaðsins.



Fyrirtæki

Með Sínavist er fyrirtækið í sterkara sambandi

## KEX klikkar ekki

Pétur Marteins og Gunnar kokkur á KEX taka á móti þúsundum erlendra og innlendra ferðalanga í hverjum mánuði. Sumir ferðast yfir hálfan hnöttinn og vantar afslappaða gistingu meðan aðrir koma gangandi í mat, drykk eða á tónleika. Það eru alltaf hundruð hlutir í gangi á KEX og þess vegna þurfa kerfin að vera traust og örugg.

Síminn



# HJÓL HJÓL HJÓL



MERIDA KRÁKEY 7  
**109.990 KR.**  
Léttgreiðslur **18.332 KR.**  
í 6 mánuði.



MERIDA CROSSWAY 10  
HERRA- OG DÖMUHJÓL  
**79.990 KR.**  
Léttgreiðslur **13.332 KR.**  
í 6 mánuði.



MERIDA MATTS REDWOOD  
**69.990 KR.**  
Léttgreiðslur **11.665 KR.**  
í 6 mánuði.



MERIDA BELLA 16  
BARNAHJÓL 4-6 ÁRA  
**29.990 KR.**  
Léttgreiðslur **4.998 KR.**  
í 6 mánuði.



MERIDA DINO/BELLA 12  
BARNAHJÓL 2-4 ÁRA  
**24.990 KR.**  
Léttgreiðslur **4.165 KR.**  
í 6 mánuði.

## ÚRVAL AUKAHLUTA!



MERIDA KIDS  
BARNAHJÁLMAUR  
**5.990 KR.**

**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskisöld 1  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3  
[ellingsen.is](http://ellingsen.is)

## Víkingar keppir á Cannes-hátíð

Stuttmyndin hefur verið valin til þátttöku í keppninni Critics' Week í Cannes.

Stuttmyndin Víkingar hefur verið valin til þátttöku í hliðardagskránni Critics' Week á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Alls voru 1.724 stuttmyndir skoðaðar og að lokum voru tíu þeirra valdar til þátttöku á Critics' Week. Víkingar er ein þeirra og er þetta því mikill heiður fyrir alla aðstandendur myndarinnar.

Víkingar er franskt/íslenskt samvinnuverk efni með þeim Sveini Ólafi Gunnarssyni, Damon Younger, Margréti Bjarnadóttur, Ólafi Egilssyni og Þresti Leó Gunnarssyni í aðalhlutverkum. Myndin var tekin upp hér á landi. Leikstjóri er

→ Önnur íslensk mynd, Hvalfjörður, er ein af níu stuttmyndum sem keppa um Gullpálmann í Cannes í ár.

hin franska Magali Magistry og skrifaði hún handritið einnig ásamt Chris Briggs.

Aðalframleiðendur myndarinnar eru Skúli Fr. Malmquist, Jérôme Barthélemy og Daniel Sauvage. Meðframleiðandi er Þórir Snær Sigurjónsson. Meðframleiðslufyrirtæki er hið íslenska Zik Zak Filmworks. Högni Egilsson samdi tónlistina.



VÍKINGAR Stuttmyndin Víkingar hefur verið valin á Critics' Week á Cannes-hátíðinni.

## KOLAPORTIÐ

Kolaportið  
er opið  
laugardaga  
og  
sunnudaga  
frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík  
Sími 562 5030 • [www.kolaportid.is](http://www.kolaportid.is)

## DMX aflýsir Evróputúr og Íslandskomu

Rapparin sviptur vegabréfinu eftir akstur án réttinda.

„Hann er algjör rasshaus að láta taka sig svona þegar hann er búinn að vera að undirbúa rosalega endurkomu,“ segir Ólafur Geir Jónsson um rapparann DMX.

Búið var að boða komu DMX á Keflavík Music Festival nú í júní en nú hefur hann þurft að afbóka sig sökum þess að hann var sviptur vegabréfinu og kemst því ekki á milli landa. Ekki er nóg með að hann komist ekki á hátíðina hér á Íslandi heldur hefur hann þurft að aflýsa allri Evrópuferðinni sem var skipulögð í sumar. „Hans menn eru búnir að reyna allt hvað þeir geta til að redda þessu en það virðist enginn séns. Við fengum að minnsta kosti endurgreitt frá þeim í gær, en allar greiðslur voru frá-gengnar,“ segir Ólafur Geir.

Rapparin þekkir handjárnin ágætlega því hann á þokkalegan glæpaferil að baki. Á síðustu árum hefur hann þó unnið hörðum höndum að því að koma sér aftur á beinu brautina en allt fór til spillis þegar hann skellti sér í næturbíltúr með fimm mánaða dóttur sína í febrúar. Þá var hann tekinn fyrir að aka án leyfis, en hann hefur verið sviptur ökuleyfinu ævilangt. Sjálfur gerði DMX lítið úr brotinu í fyrstu og í viðtali við FOX-sjónvarpsstöðina lét hann hafa eftir sér að þetta hefði bara verið tímaeyðsla. Hann hefði



HANDTEKINN Rapparin DMX var handtekinn þegar hann fór í næturbíltúr með fimm mánaða dóttur sína, án þess að vera með ökuleyfi.

NORDICPHOTOS/GETTY

borgað sektina og nú væri þessu máli lokið. Aldeilis hafði hann þar rangt fyrir sér því í kjölfarið var hann sviptur vegabréfinu vegna siendurtekinna brota.

„Það er ekkert við þessu að gera en við höldum okkar striki með hátíðina, enda DMX bara dropi í hafsjó frábærra listamanna sem þar koma fram,“ segir Ólafur Geir, en um 120 atriði verða á dagskrá á hátíðinni og þar af tólf erlend.

tinnaros@frettabladid.is

## Röyksopp stígur á stökk

Grammy-tilnefning, Brit-tilnefning og MTV-tónlistarverðlaun eru á meðal þess sem norska raftónlistar tvíeykið Röyksopp getur stáð af, en það er nýjasta viðbótin í hópinn á Keflavík Music Festival.

Tvíeykið hefur náð miklum vinsældum um allan heim á þeim fimmtán árum sem það hefur starfað en þetta verður í fyrsta skipti sem það heimsækir Ísland.

Tónlist Röyksopp hefur verið notuð í bíómyndir og auglýsingar og gerði breska símafyrirtækið T-Mobile lagið So Easy til að mynda afar vinsælt þegar það notuðu það í auglýsingu sinni. Röyksopp hefur einnig búið til tónlist fyrir Apple tölvurisann, komist á hina ýmsu vinsældalista um allan heim og unnið til norsku Spellemannprisen-verðlaunana sjö sinnum.



VINSÆLIR Svein Berge og Torbjörn Brundtland hafa náð vinsældum um allan heim á síðustu 15 árum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## → Um 120 atriði bókuð á Keflavík Music Festival

Pó að DMX láti ekki sjá sig á hátíðinni verður þar fjöldinn allur af stórum nöfnum, en meðal þeirra sem stíga á sviði eru:

### Erlend atriði:

- Tinie Tempah
- Chase & Status
- Far East Movement
- Outlandish
- Iggy Azalea
- The Temper Trap
- Rudimental



IGGY AZALEA og Tinie Tempah eru meðal þeirra sem koma fram.

### Íslensk atriði:

- Hjálmar
- Asgeir Trausti
- Agent Fresco
- Ensími
- Jón Jónsson
- Jónas Sigurðsson
- Ólafur Arnalds
- Skálmöld
- Sísí Ey
- Steed Lord
- Valdimar
- Þórunn Antonía

**NEI** – fyrsta og eina ljóðabók Ara Jósefssonar – kemur nú út í þriðja sinn með áður óbirtu efni, smásögum sem birtust í tímaritum og dagblaði meðan Ari lifði auk þess sem áður óbirtum ljóðum er skotið inn í eftirmála Silju Aðalsteinsdóttur.

[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) – alvöru bókaverslun á netinu



# LAGERSALA

Síðustu forvöð að koma og gera einstök

kaup Aðeins 2 dagar eftir

Opið í dag frá 11 – 17 og á morgun  
sunnudag 13 – 17

Nýtt kortatímabil

Nóatúni 17  
(sama hús og Nóatúnsverslunin, jarðhæð)

Hlökkum til að sjá þig

**BIRNA**

[www.birnashop.com](http://www.birnashop.com)

# GRILL GRILL GRILL



CAMPINGAZ EL PRADO  
Grillflötur 450x600 mm

**19.990 KR.**

VERÐ ÁÐUR 39.900 KR.  
Léttgr. 2.221 KR. í 9 mán.



GASGRILL ELLINGSEN 3  
Grillflötur 600x450 mm  
3 brennarar

**54.000 KR.**

VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.  
Léttgr. 6.000 KR. í 9 mán.



GASGRILL ELLINGSEN 3S  
Grillflötur 600x450 mm  
3 brennarar

**64.900 KR.**

VERÐ ÁÐUR 98.900 KR.  
Léttgr. 7.211 KR. í 9 mán.



GASGRILL ELLINGSEN 2  
Grillflötur 440x340 mm  
2 brennarar

**24.900 KR.**

VERÐ ÁÐUR 49.900 KR.  
Léttgr. 2.767 KR. í 9 mán.

**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3  
[ellingsen.is](http://ellingsen.is)

## Allt er þegar þrennt er

BÍÓ ★★★★★

### Iron Man 3

**Leikstjórn:** Shane Black

**Leikarar:** Robert Downey Jr., Gwyneth Paltrow, Don Cheadle, Guy Pearce, Ben Kingsley

Það var gaman að fylgjast með ruglinu í Robert Downey Jr. í fyrstu tveimur myndunum um Járnmanninn, en mér fannst alltaf vanta einhvern neista í hasarinn. Bót hefur verið ráðin á þessu í Iron Man 3, en þó ekki á kostnað sprellsins.

Tony Stark glímur við svefnleysi og kvíða eftir að hafa bjargað heiminum í The Avengers, þar sem hann flaug út fyrir gufuhvolfið í niðursuðudósinni sinni og bjargaði heiminum. Hann er því ekkert sérlega vel í stakk búinn til að takast á við harðsvíraðasta andstæðing sinn til þessa, Mandarinann.

Það er þúsundþjálasmíðurinn Shane Black (handritshöfundur Lethal Weapon) sem leikstýrir þessari þriðju mynd og handbragð hans leynir sér ekki. Myndin er bæði fyndnari og meira spennandi en forverar hennar og þrátt fyrir



**BESTA MYND SERÍUNNAR** Robert Downey Jr. hefur aldrei verið betri í hlutverki Járnmansins að mati gagnrýnanda.

brellusúpuna verður áhorfandinn aldrei dasaður.

Auðvitað er velgengni myndaflokksins að stórum hluta aðal-leikaranum að þakka, og ég kenni í brjósti um þann sem mun á endanum leysa Downey Jr. af hólmi. Hann hefur gert Járnmanninn að skemmtilegustu bíófurhetju samtímans og líklega hefur hann aldrei verið betri í rullunni en hér. Aðrir

leikarar standa sig þó með prýði og sérstaklega er Ben Kingsley glæsilegur í hlutverki Mandarinans.

Endakaflinn er eini dragbíturinn, en eins og í langflestum ofurhetjumyndum er hasarinn dreginn fullmikið á langinn á lokaspennunum. Minna er oft meira.

Haukur Viðar Alfreðsson

**NIÐURSTAÐA:** Besta mynd seríunnar.



**TVEGGJA BARNNA MÓÐIR** Peaches Geldof og Thomas Cohen eignuðust annan son í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eignaðist son

Peaches Geldof eignaðist annan son sinn á fimmtudaginn, en hann var tekinn með keisarskurði á sjúkrahúsi í London. Hann hefur fengið nafnið Phaedra í höfuðið á plötu eftir uppáhaldshljómsveit hennar, Tangerine Dream. Fyrir á Geldof soninn Astala, sem er rétt um árs gamall, með unnusta sínum Thomas Cohen.

Geldof var í skýjunum með fæðingardaginn, þar sem móðir hennar, Paula Yates, hefði fagnað 54 ára afmæli sínu 25. apríl hefði hún verið á lífi. Móður og barni heilsast vel.



**SCARLETT JOHANSSON** Leikkonan fer með aðalhlutverkið í Lucky.

## Leikur í mynd Lucs Besson

Scarlett Johansson hefur tekið að sér aðalhlutverkið í hasarmyndinni Lucky í leikstjórn Frakkans Lucs Besson. Hún fjallar um konu sem er neydd til að smygla eiturflyfjum úr landi. Um leið og hún gleypir eiturflyfin öðlast hún ofurkrafta.

Besson er þekktur fyrir myndir með kraftmiklum konum í stórum hlutverkum, þar á meðal La Femme Nikita og Joan of Arc. Hann samdi handritið sjálfur.

Johansson lék síðast í hasarmyndinni The Avengers. Hún er þessa dagana að leika í framhaldsmyndinni Captain America: The Winter Soldier.



**ADELE** Söngkonan er byrjuð að taka upp nýja plötu.

## Rúmt ár í nýja plötu Adele

Von er á nýrri plötu frá Adele um mitt næsta ár. Söngkonan hóf upptökur á plötunni fyrir í þessari viku í London. Upptökur munu einnig fara fram í Los Angeles.

Samkvæmt heimildarmanni blaðsins The Mirror er Adele þegar búin að semja fjögur lög fyrir plötuna og er byrjuð að hljóðrita þau. Síðasta plata söngkonunnar, 21, kom út 2011. Hún er fjórða söluhæsta plata allra tíma í Bretlandi en í lok síðasta árs höfðu selst þar í landi 4,5 milljónir eintaka af henni.



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## Inntökupróf í Læknadeild HÍ Læknisfræði og sjúkraþjálfun

Inntökupróf í Læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík miðvikudaginn 12. og fimmtudaginn 13. júní 2013.

Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið. Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið og er skráning opin til og með 20. maí 2013. Skráning fer fram á netinu, [www.laeknadeild.hi.is](http://www.laeknadeild.hi.is) Próftökugjald er 15.000 kr.

Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru samþæflegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar. Umsóknin telst því ekki gild fyrir en staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini eða rafrænt stúdentsprófsskírteini úr Innu hefur borist skrifstofu Læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík.

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til skrifstofu Læknadeildar um að stúdentsprófi verði lokið áður en inntökupróf hefst. Staðfesting þarf að berast eigi síðar en 20. maí 2013.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma prófлотum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggja fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2013 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í Læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í Læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar sem finna má á heimasíðu Læknadeildar, [www.laeknadeild.hi.is](http://www.laeknadeild.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ



## 12 eplakassar af vínýlplötum

Tónlistarspekúlantinn Dr. Gunni ætlar að selja vínýlplötusafnið sitt í Kolaportinu í dag. Einhverjar bækur og geisladiskar verða einnig til sölu. Gunni ætlar að koma sér fyrir í tveimur básum og hefst salan klukkan 11.

Allar vínýlplöturnar hans verða til sölu nema plötur Bítlaanna og hljómsveitarinnar XTC, sem eru í miklu uppáhaldi hjá honum. „Þetta leggst mjög vel í mig,“ segir Gunni. „Ég hef ekki talið hvað þetta eru margar plötur en þetta eru tólf sneisafullir eplakassar í boði Víðis matvöru-búðar.“

- fb



**HJÁLMAR** Hljómsveitin Hjalmar og Jimi Tenor hafa gefið út nýja plötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Gefa saman út dómsdagsreggi

Hljómsveitin Hjalmar og finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor hafa gefið út plötuna *Dub of Doom*. Þessir tveir ólíku listamenn hafa nú leitt saman hesta sína og skapað nýja tegund reggí-tónlistar sem þeir kalla dómsdagsreggi.

Platan var unnin á Íslandi á síðasta ári, en þá komu Hjalmar og Tenor einnig fram saman á hátíðinni Iceland Airwaves. Mundi og Ragnar Fjalar Lárússon hönnuðu umslag plötunnar. Í stafrænu niðurrhali hennar á [Tonlist.is](http://Tonlist.is) fylgir aukalagið Skýjaborgin. Næstu tónleikar Hjalma verða á Faktorý í kvöld.

## Sigur Rós með nýjan Ísjaka

Hljómsveitin Sigur Rós hefur sent frá sér myndband við lagið Ísjaki sem verður á næstu plötu sveitarinnar. Hún nefnist *Kveikur* og kemur út um miðjan júní.

Sigur Rós er nýkomin heim til Íslands eftir vel heppnaða tónleikaferð um Norður-Ameríku. Tónleikaferðalögum sveitarinnar er langt í frá lokið því 10. maí spilar hún í Indónesíu og ferðast svo til Japans, Kína, Bandaríkjaanna og verður svo um alla Evrópu í sumar. Síðustu tónleikarnir hafa verið bókaðir 28. nóvember í Noregi.

## Skuggi



Hrönn og Hulda hafa opnað glæsilega AVEDA hárgreiðslustofu á Hverfisgötu 37.

Allir viðskiptavinir hjartanlega velkomnir sími 571 4420.

**LYFJA**  
- Lífið heil



Voltaren Gel  
**15% verðlækkun**

50 gr. Nú: **1.767 kr.** / 100 gr. Nú: **3.222 kr.**

Gildir út apríl.

Lægra  
verð  
í Lyfju

SELSKAPIN/LYFJA/130313

Stofnaður 1952



Skólaárið 2013–2014

# Inntökupróf

Þekking  
ReynslaFagmennska  
GæðiÚrvalskennarar í klassískum  
og nútíma listdansi

Myndirnar eru teknar á sýningum skólans.  
Ljósmyndarar: Joe Ritter og Valgarður Gíslason

Listdansskóli  
Íslands



Inntökupróf fara fram  
laugardaginn 4. maí 2013  
Rafræn skráning á  
[www.listdans.is](http://www.listdans.is)

Grunndeild árgangur 2004  
og eldri koma í inntökupróf  
klukkan 12–13:30

Framhaldsdeild árgangur  
1997 og eldri koma í  
inntökupróf klukkan 14–17

Tekið verður inná bæði  
nútíma listdansbraut og  
klassíska listdansbraut.

Nemendur Listdansskóla  
Íslands fá fjölmörg tækifæri  
til að sýna á sýningum  
skólans sem og við önnur  
tækifæri eins og með  
Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Farsæl starfsemi í yfir 60 ár

Staður  
Engjateigur 1  
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar  
[www.listdans.is](http://www.listdans.is)  
588 91 88



GRÍÐARLEGT  
ÚRVAL AF  
FUGLABÚRUM  
FYRIR STÓRA OG  
LITLA FUGLA



**DÝRARÍKIÐ**  
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæluþýraverslun landsins S: 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

# Járnkarlinn frumsýndur

Rauða dreglinum var rúllað út í Hollywood í vikunni er þriðja myndin um Járnkarlinn, Iron Man 3, var frumsýnd. Á rauða dreglinum mátti sjá stjórnur á borð við Robert Downey Jr. og Gwyneth Paltrow, sem leika aðalhlutverkin en sú síðarnefnda hefur vakið athygli heimspresunnar fyrir gegnsæja kjólinn sem hún klæddist. Myndin hefur fengið ágætis dóma og þykir Downey sýna afbragðsleik sem Járnkarlinn sjálfur.



**GULUR KJÓLL**  
Leikkonan  
Chelsea Kane í  
sumarlegum kjól.

**BLÓMLEG**  
Leikkonan  
Kat Dennings í  
fögurum  
kjól.

**TVEIR GÓDIR** Leikararnir Tom Hiddleston og Chris Hemsworth.  
NORDICPHOTOS/GETTY

**FLOTT** Leikkonan Gwyneth Paltrow mætti í þessum gegnsæja kjól frá Antonio Berardi.

**AÐALKARLINN** Robert Downey Jr. hress ásamt eiginkonu sinni, Susan Downey.



## Hvað er CISV?

CISV – Building global friendship - er alþjóðleg friðarsamtök óháð stjórn-  
málum og trúarbrögðum. Samtökin voru stofnuð af barnasálfræðingnum  
Dr. Doris Allen eftir seinni heimsstyrjöldina. Hugmynd Dorisar var sú að  
börn frá ólíkum löndum kæmu saman, lærðu að lifa saman á grundvelli  
umburðarlyndis og jafnréttis, lærðu að hugsa og draga ályktanir í anda  
alþjóðavitundar og vinna þannig að friði í heiminum.

**Einstakt tækifæri fyrir ævintýragjörn ungmenni  
frá 11 – 18 ára.**

**CISV – Buildin global friendship - heldur yfir 50 sumarþúðir á  
hverju ári og í hverjum þúðum erum þátttakendur frá 16  
þjóðlöndum. Ennþá er laust í eftirfarandi sumarþúðir:**

### Village (sumarþúðir) fyrir 11 ára:

- Ísland – 21. júní – 18. júlí – laust fyrir stelpu
- Bandaríkin – 28. júní – 25. júlí – laust fyrir stelpu

### Youth meeting:

- Noregur – 3. ágúst – 10. ágúst – laust fyrir 12 – 13 ára stráka
- Pólland – 5. júlí – 19. júlí – laust fyrir 14 – 15 ára stráka

### Jc (junior councillor) fyrir 16 – 17 ára:

- Kólumbía – Bogota – 29. júní – 26. júlí – laust fyrir strák

### Seminar (Námstefnuþúðir) fyrir 17 – 18 ára.

- Kanada – London – 8. júlí – 28. júlí – laust fyrir strák/stelpu
- Danmörk – Amager - 8. júlí – 28. júlí – laust fyrir strák/stelpu
- Frakkland – Lyon – 6. júlí – 26. júlí – laust fyrir stelpu

Nánari upplýsingar gefur Ásta í síma 861 1122 eða á [cisv@cisv.is](mailto:cisv@cisv.is)  
[www.cisv.is](http://www.cisv.is)

## Ert þú 21 árs eða eldri?

**Viltu taka þátt í spennandi verkefni í sumar?  
Hefur þú gaman af því að vinna með börnum og unglingum?**

CISV – Building global friendship - leitar að sjálfboðaliðum til að  
taka þátt í því frábæra starfi samtakanna í sumar.  
Við sendum börn/unglinga í fjögurra vikna alþjóðlegar sumarþúðir  
(village) fyrir 11 ára börn og Youth meeting fyrir 12 – 13 ára börn og  
14 – 15 ára unglinga. Við leitum við að einstaklingum sem eru 21 árs  
eða eldri til að vera fararstjórar fyrir þessa hópa. Ennþá eru nokkur  
pláss laus. Þessar þúðir eru bæði hérlendis og erlendis.  
Fararstjórar bera engann kostnað við ferð í sumarþúðir.

Fyrir nánari upplýsingar um fararstjóra hafið samband við Arnór  
Fannar sími: 822 1319 eða á [fararstjori@cisv.is](mailto:fararstjori@cisv.is)

Femmenessence

Finnur þú fyrir  
breytingaskeiðseinkennum?

20%  
kynningar  
afsláttur\*

**Prófaðu nýja Femmenessence**  
100% náttúruleg vara unnin  
úr maca-rót. Rannsóknir  
sýna að Femmenessence  
getur bætt líðan kvenna  
á breytingaskeiði.

Femmenessence styður  
við og nærir eigin  
hormónaframléiðslu  
líkamans

\*Tilboðið gildir til 30. apríl



LYFJA Apótekið heilsuhúsið




# STAÐAN Á KJÖRDAG!

Þá er komið að kosningum og spennan að ná hámarki. Þetta er eins og með Domino's-pizzurnar, margir kjósa að fá sér eins pizzu, ár eftir ár, á meðan aðrir vilja láta koma sér á óvart og eru alltaf að prófa eitthvað nýtt.



Hvernig sem þetta fer nú allt saman skulum við njóta kvöldsins og setja x við Domino's.



14,5%  
MEAT & CHEESE

10,9%  
DOMINO'S  
EXTRA

8,7%  
DOMINO'S SURPRISE

7%  
MARGARITA

6,5%  
HAWAIIAN

52,4%  
ÝMSAR PIZZUR  
SEM NÁ EKKI  
5% MARKINU

SÍMI 58 12345 | DOMINO'S APP | WWW.DOMINOS.IS

19 dagar í aðalkeppni Eurovision í Malmö

# Fötin sem skapa atriðið

TINNA  
TÆKLAR  
EUROVISION



tinnaros@frettabladid.is

Í EUROVISION er verið að velja lag en ekki flytjendur eins og Siggí Sigurjóns benti okkur á, og endurtók marg- oft, í Söngvakeppni Sjónvarps- ins árið 1992 – þá íklæddur fallegum grænum glimm- erkjól. Flytjendurnir hafa þó óneitanlega helling að segja, sérstaklega eftir að símakosningin var tekin upp, og oftast er það fatnaðurinn og framkoman sem gerir það að verkum að lögin lifa að eilífu í huga manns.

### Rauði kjóllinn

Allir Íslending- ar þekkja til að mynda rauða kjól- inn hennar Siggú Beinteins. Tóbaks- klúturinn hans Eyfa árið 1991 er líka ógleymanlegur, rétt eins og pilsíð hans Einars Ágústs, stuttbuxnasamfest- ingurinn og höfuð- sjalið hennar Selmu, glamúrföt Icy-tríó- ins og svo mætti lengi telja.

### Getur skipt sköpum

Páll Óskar er síðan gott dæmi um hvað framkoman og fatnaðurinn skiptir miklu máli. Fjadráfokið í kringum hann árið 1997 hefði eflaust verið töluvert minna ef hann hefði ekki verið í þröngum leurbuxum með fáklaðda dans- ara allt í kringum sig á sviðinu, enda lagið sjálft ekki mjög umdeilanlegt.

### Evrópubúar stundum flippaðir

En það eru ekki bara Íslendingar sem eiga eftirminnilega fulltrúa. Hver man til dæmis ekki eftir breska Bucks Fizz- hópnum árið 1981 sem

klæddi sig í gult, rautt, grænt og blátt, bleikum glimmerjökkum Bobbysocks árið 1985 eða bleikri slaufu Söndru Kim árið eftir. Ég efast svo um að fáir myndu muna eftir albanska laginu árið 2012 ef söngkonan hefði ekki verið með dreddlokk fastan við bringuna á sér. Hollenska skvísan frá árinu 2000 verður mér líka alltaf eftir- minnileg en hún geymdi nokkra dansara undir risastórum rönd- óttum kjól sínum.

### Gylltu stígvélin

Svo er framkoman líka oft notuð til að undirstrika það sem verið er að syngja um. Lag Herrey- bræðra um gylltu stígvélin hefði til dæmis ekki verið nærri jafn áhrifaríkt ef þeir hefðu ekki mætt í gylltum stígvélum á sviðið.

### Sigurstrangleið í hvítu

Þó svo að bleikur virð- ist hafa verið vinsæll sigurlitur árin 1985 og 1986 er sigurstranglei- asti litur keppninnar hingað til hvítur. Að því er ég best veit er Eyþór ekki enn búin að ákveða fatnaðinn fyrir sviðið í Malmö í maí, en standi valið á milli svarta jakkans úr Hörpu og þess hvíta kys ég klárlega þann hvíta – þó mögulega einu númeri stærri.

### STUTTBUXUR OG HETTA

Klæðnaður Selmu þegar hún fór til Kiev 2005 var eftirminnilegur.



HÁR Á BRINGUNNI Það muna allir eftir hinni albönsku Rona Nishliu sem var með dreddlokk fastan við bringuna á sér árið 2012.

**SMÁRABÍÓ**

Upplifðu **Latabæ í bíó!**

**LÚXUS THE CALL**

FRÁ ÆR SPENNUMYND MED HALLE BERRY Í AÐALHLUTVERKI

**HÁSKÓLABÍÓ**

**PASSION**

NYJA MYNDIN EFTIR MEISTARA BRIAN DE PALMA

**FALSKUR FUGL**

NÝ ÍSLENSK SPENNUMYND BYGGD Á SAMNEFNDRI METSÖLUBOK, MYND SEM ENGIN MA MISSA AF!

**OBLIVION**

KL. 1

**THE CROODS**

KL. 4

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
THE CALL	KL. 5.45 - 8 - 10.15	PASSION	KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 - 8 - 10.15
THE CALL LÚXUS	KL. 5.45 - 8 - 10.15	THE CALL	KL. 8 - 10.10 / OBLIVION
LATIBÆR	KL. 1 (TILBOÐ) - 3	LATIBÆR	KL. 4 (TILBOÐ) - 6 / KAPRINGEN
FALSKUR FUGL	KL. 6 - 8	FALSKUR FUGL	KL. 4 - 6 - 8 - 10
SCARY MOVIE	KL. 6 - 8 - 10	THE CROODS 2D	ÍSL.TAL KL. 3.20 (TILBOÐ)
OBLIVION	KL. 8 - 10.40	OBLIVION LÚXUS	KL. 1
OBLIVION LÚXUS	KL. 1	G.J. JOE RETALIATION 3D	KL. 10
G.J. JOE RETALIATION 3D	KL. 10	THE CROODS 3D	ÍSL. TAL KL. 1 (TILB.) - 3.10 - 5.45
THE CROODS 3D	ÍSL. TAL KL. 1 (TILB.) - 3.10	THE CROODS 2D	ÍSL.TAL KL. 1 (TILB.) - 3.10
THE CROODS 2D	ÍSL.TAL KL. 1 (TILB.) - 3.40	FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D	KL. 1 (TILB.) - 3.40

**mid.is**

Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ**

www.laugarasbio.is

-bara lúxus sími 553 2075

**IRON MAN 3**

KL. 10.40

**Latabæ í bíó!**

**OBLIVION**

KL. 1

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
IRON MAN 3 3D	2, 5.20, 8, 10.10, 10.40(P)
LATIBÆR	2, 4, 6
OBLIVION	5.30, 8
G.J. JOE 2	8
SCARY MOVIE 5	10.30
CROODS 3D	2 - ÍSL. TAL

**SAMBÍÓIN**

FRÁ MARVEL PEIM SEM FÆRÐU OKKUR

**IRON MAN 3**

EMPIRE

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

Á TOPPNUM Í 30 ÁR

KYNNTU PÉR MÁLIÐ Á **SAMBIO.IS**

**IRON MAN 3**

EMPIRE

FRÁ LEIKSTJÓRA TRAINING DAY OG HANDRITSHÖFUNUM KATRÍN BENEDIKT

**OLYMPUS HAS FALLEN**

GRJÓTHÖRD SPENNUMYND Í ANDA DIE HARD

**OBLIVION**

KL. 1

**ÓFEIGUR**

KL. 1

**BURT WONDERSTONE**

KL. 12

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	
IRON MAN 3 3D	KL. 1-2.50-3.40-5.20-6.20-8-9-10.40	IRON MAN 3 3D	KL. 2.40 - 5.20 - 7 - 8 - 10.40
IRON MAN 3 2D	KL. 2.50 - 5.20 - 8 - 10.40	IRON MAN 3 2D	KL. 1.40 - 3 - 4.20 - 9.40
IRON MAN 3 VIP	KL. 2.50 - 5.20 - 8 - 10.40	OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 5.30 - 8 - 10.30
OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	OBLIVION	KL. 5.30 - 8 - 10.30
BURT WONDERSTONE	KL. 3.40 - 8 - 10.10	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 3
SIDE EFFECTS	KL. 5.50	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 3
WRECK-IT RALPH	KL. 1.30	JÚLIUS SESAR	KL. 16.00(LAU)
OZ: GREAT AND POWERFUL	KL. 3	IRON MAN 3 3D	KL. 2.50 - 5.20 - 8 - (9:10 LAU)
ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU	ÍSL.TAL KL. 1	IRON MAN 3 3D	KL. 2.50 - 5.20 - 8 - (11:50 LAU)
IRON MAN 3	KL. 3D: 5.20 - 8 - 10.40	OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 3(SUN) - 5.30(SUN) - 8 - 10.30
THE CALL	KL. 8	OBLIVION	KL. 10:10(SUN)
LATIBÆR Í BÍÓ	KL. 1.30	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 3.40 - 5.50 - 8(SUN)
OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 10	IRON MAN 3 3D	KL. 2.50 - 5.20 - 8 - 10.40
BURT WONDERSTONE	KL. 5.50	IRON MAN 3 2D	KL. 2.50
THE CROODS	KL. 3.40	OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 8 - 10.40

**PÓLSKIR DAGAR**

THE FIFTH SEASON

**PÓLSKIR DAGAR**

ROSE

**PÓLSKIR DAGAR**

MY FATHERS BIKE

**PÓLSKIR DAGAR**

YOU ARE GOD

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVIKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ISLANDS

Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** bioparadis.is / klubburinn

NEMAR, ÖRYKJAR, ELÐRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!

ON THE ROAD	(16)	LAU 20:00 SUN 22:00
IN MEMORIAM	(L)	LAU - SUN 18:00
HANNAH ARENDT	(12)	LAU - SUN 17:50
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	LAU - SUN 20:00, 22:10
DÁVALDURINN	(16)	LAU 22:20
THE FIFTH SEASON (PÓLSKIR DAGAR)	FRÍTT INN	LAU 18:00 SUN 22:00
ROSA (PÓLSKIR DAGAR)	FRÍTT INN	LAU 20:00
MY FATHERS BIKE (PÓLSKIR DAGAR)	FRÍTT INN	LAU 22:00, SUN 20:00
YOU ARE GOOD (PÓLSKIR DAGAR)	FRÍTT INN	SUN 17:50
PHANTASM (SVARTIR SUNNUDAGAR)	(16)	SUN 20:00

**Latabæ í bíó!**

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 3.20 HÁSKÓLABÍÓ

**Latabæ í bíó!**

KL. 1 SB - 4 HB

**PASSION**

KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ

**FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU**

KL. 1 SMÁRABÍÓ

**Latabæ í bíó!**

TILBOÐ KL. 2

**IRON MAN 3**

TILBOÐ KL. 2

**THE CROODS**

TILBOÐ KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

**IRON MAN 3**

tryggðu þér miða á sambio.is

**SPARBÍÓ**

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM

SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSNUGULT

**SAMBÍÓIN**

SAMBIO.IS



**SPIELBERG** Börn Stevens Spielberg gefa út EP-plötu í maí.

## Börn Spielbergs með EP-plötu

Dúóíð Wardell frá Los Angeles, sem er skipað börnum kvikmyndaleikstjórans Stevens Spielberg, Sasha og Theo, gefur út EP-plötu 3. maí.

Platan nefnist Brother/Sister og kemur út á vegum fyrirtækisins National Anthem. Á meðal laga á henni eru Opossum og Haim.

Wardell hitar einnig upp fyrir Sir Sly á tvennum tónleikum í London í byrjun maí.

Sasha og Theo eru hálf systkini. Móðir Sasha er leikkonan Kate Capshaw. Hún ættleiddi Theo áður en hún giftist Spielberg, sem ættleiddi svo drenginn.



**ENGAR REGLUR** Will og Jada Pinkett Smith trúka ekki á refsingar í uppeldi barna sinna.

## Engar refsingar

Leikarinn Will Smith segir að hann og eiginkonan, Jada Pinkett Smith, trúka ekki á refsingar í uppeldinu og að börnin séu sjálf ábyrg fyrir eigin lífi. Hjónin eiga börnin Willow, 12 ára og Jaden, 14 ára sem bæði eru að vinna að eigin ferli í tónlistargeiranum og á hvíta tjaldinu.

„Þau mega gera ýmislegt og Jaden, hann tekur frumkvæði. Mér er sama hvað hann gerir á meðan hann getur réttlætt gjörðir sínar fyrir mér,“ sagði Smith í viðtali á dögunum, en þetta ku vera partur af uppeldisaðferðum Vísindakirkjunnar sem fjölskyldan er meðlimur í.



**LARRY HAGMAN** Belti sem J.R. notaði verður boðið upp.

## Belti J.R. úr Dallas til sölu

Belti með sylgju úr silfri og gulli sem illmennin J.R. Ewing notaði í sjónvarpsþáttunum Dallas verður boðið upp í Los Angeles 5. maí. Vonast er til að um 350 til 600 þúsund krónur fáiast fyrir þetta forlata belt.

Fleiri munir úr eigu leikarans Larry Hagman, sem lék J.R., verða boðnir upp, þar á meðal sérhannaður leikstjórstóll úr leðri og slatti af kúrekaöttum. Hagman lék J.R. í Dallas á árunum 1978 til 1991. Hann lést úr krabbameini í nóvember síðastliðnum.

# Valdimar með tvær gullplötur

Hljómsveitin Valdimar hefur selt plötur sínar í samanlagt tíu þúsund eintökum.

Valdimar hefur fengið tvær gullplötur fyrir að hafa selt Undraland og Um stund í fimm þúsund eintökum hvora. Fyrirnefnda platan var gefin út af Geimsteini en sú síðarnefnda af hljómsveitinni sjálfri.

Söngvarinn Valdimar Guðmundsson kveðst ekki hafa búist við þessum vinsældum þegar sveitin var stofnuð. „Þá var maður ekkert að búast við því að einhver myndi nenna að hlusta á mann,“ segir hann. Spurður hvað hann ætlar að gera við sínar gullplötur býst hann við því að þær fari upp á vegg. „Þær verða líklega á svipuðum stað

og Íslenskum tónlistarverðlaunin mín. Ég þarf að fara að smíða mont-hillu heima hjá mér,“ segir Valdimar og hlær.

Önnur gullplatan verður formlega afhent sveitinni á tónleikum í Andrews Theatre í Keflavík í kvöld klukkan 20.30. Með henni spilar Lúðrasveit Reykjanesbæjar. „Það verða hátt í fimmtíu manns uppi á sviði í einu. Það er mikið af lúðrum í tónlistinni okkar og þetta passar mjög vel saman. Það er mjög skemmtilegt að fá stærra sánd á þetta allt saman.“ Miðasala fer fram á [Midi.is](http://Midi.is).

- fb



**MEÐ GULL-PLÖTURNAR** Hljómsveitin Valdimar með gullplötur sínar fyrir Undraland og Um stund.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ÍSLENSKA  
**HAMBORGARA  
FABRIKKAN**  
2010



# FABRIKKUGRILLBÍLLINN

ÁRSHÁTÍÐIR - BÆJARHÁTÍÐIR - ÚTIHÁTÍÐIR - VEISLUR - BRÚÐKAUP  
SUMARIÐ ER ÓÐUM AÐ FYLLAST

\* TÖKUM VIÐ FYRIRSPURNUM Á [VEISLUR@FABRIKKAN.IS](mailto:VEISLUR@FABRIKKAN.IS) \*

**PANTAÐU NÚNA**



MAÍ ➡ ÖRFÁAR DAGSETNINGAR LAUSAR

JÚNÍ ➡ UPPBÓKAÐ

JÚLÍ ➡ ÖRFÁAR DAGSETNINGAR LAUSAR

ÁGÚST ➡ ÖRFÁAR DAGSETNINGAR LAUSAR

SEPTEMBER ➡ LAUSAR DAGSETNINGAR

FABRIKKUGRILLBÍLLINN ER SÉRHANNAÐUR GRILLBÍLL MEÐ FULLKOMNU ELDHÚSI OG FRÁBÆRU HLJÓÐKERFI.  
HANN GRILLAR HÁGÆDA HAMBORGARA ÚR FERSKU UNGNAUTAKJÖTI.

SPÁ FRÉTTA-  
BLAÐSINS  
2013pepsi  
deildin

hefst eftir

8

daga

## Fram hafnar í 7. sæti

